SIGURJÓN BRINK

*Safnar bítlabolum*

Tíska heimili heilsa

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



DORRIT MOUSSAIEFF

*Singapore Tatler fjallar um forsetafrúna*

Ísdrottningin sem er að gera ísland að heitum áfangastað FÓLK 44






FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. mars 2006 — 60. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

### Storkar hefðbundnum ballett



James Sewell-ballettflokkurinn er væntanlegur hingað til lands í byrjun maí og heldur sýningu í Austurbæ.

FÓLK 39

### Hallamál

„Reynslan sýnir, að einkarekstur banka veitir almenningi enga haldbæra tryggingu gegn áföllum vegna of mikillar skuldasöfnunar einkageirans innan lands eða utan. Einkabankar geta varpað byrðinni á saklausa vegfarendur, ef í harðbakkann slær,“ segir Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 26

### Metsala í hjól- og fellihýsum

Allt bendir til að sala á hjól- og fellihýsum nái nýjum hæðum á þessu ári.



TILVERAN 16

### Spilaði meiddur á EM

Stórskyttan unga Arnór Atlason spilaði alla leiki Íslands á EM með skaddaðan liðþófa. Hann vissi af meiðslunum en vildi ekki gera neitt í þeim fyrr en eftir EM.



ÍÞRÓTTIR 42

### VEÐRIÐ Í DAG




**ÁFRAM SVIPAÐ -** Í dag verður yfirleitt hæg norðaustlæg átt en heldur stífari við austurströndina. Bjart veður um sunnan- og vestanvert landið en stöku él norðaustan til. Frost 0-6 stig.

VEÐUR 4




# Læknar vilja skýrar reglur um burðardýr

**Læknar á slysa- og bráðamóttöku Landspítala háskólasjúkrahúss vilja að gefnar verði út nákvæmar leiðbeiningar um það hvernig þeim beri að taka á því þegar þeir fá til meðferðar einstaklinga sem eru með fíkniefni innvortis.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Læknar á slysa- og bráðamóttöku Landspítala háskólasjúkrahúss telja nauðsynlegt að gefnar verði út formlegar leiðbeiningar um hvernig tekið sé á málum þegar burðardýr fíkniefna leita á deildina til að fá aðstoð við að fjarlægja efnin, að sögn Elísabetar Benedikz staðgengils Ófeigs Þorgeirssonar yfirlæknis deildarinnar.

„Við verðum að fara varlega,“ segir Elísabet. „Við teljum okkur þurfa að reyna að uppfylla þagnarskylduna eins og hægt er, en á móti kemur að við megum ekki brjóta lög.“

Hún segir læknana hafa rætt leiðir sem uppfylla megi hvort tveggja. Hún vísar á fyrirkomulag sem til að mynda er viðhaft í Hollandi. Þar er farin sú leið, að þegar sjúklingur kemur á stofnun af því að hann getur ekki losnað við innvortis pinkla, vegna einkenna frá því að umbúðir séu farnar að leka eða garnastíflu, og fær læknisaðstoð, eru efnin fjarlægð og afhent lögreglu, nafnlaust. Hafi lögreglan áhuga á að rannsaka málið nánar getur hún leitað dómsúrskurðar og fengið þannig aðgang að gögnum um þann sem var með efnin.

Í nýjum leiðbeiningum til starfsmanna ríkisstofnana sem Starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins hefur sent frá sér segir meðal annars að ríkisstarfsmaður sem verði var við „spillingu, ólögmæta eða ótilhlýðilega háttsemi“ skuli koma upplýsingum um það til réttra aðila. Eru þar taldir upp stjórnendur stofnunar, hlutaðeigandi fagráðuneyti, Ríkisendurskoðun og lögregla. - jss



**ÖSKUDAGSFJÖR HJÁ FORSETAFRÚNNI** Dorrit Moussaieff forsetafrú brá á leik með þessum prúðbúnu stúlkum sem heimsóttu Bessastaði í tilefni öskudagsins í gær. Af þessari mynd er auðvelt að sjá að Silvía Nótt hefur áhrif á búningavalið þetta árið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Alcoa kynnir framtíðaráform sín um nýtt álver á Íslandi á fundi í New York:

# Húsavík besti kosturinn

**STÓRIÐJA** „Nálægðin við orkulindirnar og ýmis önnur atriði ráða því að við viljum kanna frekar möguleika á því að reisa álver við Bakka á Húsavík,“ sagði Bernt Reitan, aðstoðarforstjóri Alcoa, eftir að ákvörðun félagsins um frekari athuganir var kynnt á fundi í New York í gær.

Reitan segir að framhald málsins verði að verulegu leyti háð niðurstöðum um öflun raforku til álframleiðslunnar. „Það er vert að hafa í huga að engin ákvörðun hefur enn verið tekin um að reisa álver. En verði af því gæti álver við Húsavík orðið fyrsta álver í heimi sem fengi rafmagn til framleiðslunnar frá jarðvarmaorkuveri.“ Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, segir að næg jarðvarmaorka eigi að vera fyrir hendi. Næsta skref sé að rannsaka orkusvæðið og tilraunaborun geti kostað um tvo milljarða króna.



**BERNT REITAN OG VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR** Aðstoðarforstjóri Alcoa og iðnaðarráðherra takast í hendur að loknum fundi þeirra í New York í Bandaríkjunum í gær.

Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra sagði eftir fundinn í New York í gær að atvinnulífið á Norðurlandi þyrfti á sambærilegri þróun að halda og farið hefði af stað á Austurlandi með byggingu álversins á Reyðarfirði.

„Ákvörðun Alcoa er áfangi á langri leið,“ sagði Reinhard Reynisson, bæjarstjóri á Húsavík, eftir að ákvörðunin Alcoa hafði verið kynnt í gær. Meirihluti Húsvíkinga fagnar ákvörðun Alcoa.

sjá síður 4 og 6 / - jh

Ránið í Bretlandi:

## Milljónamæringur í haldi

**LONDON, AP** Breska lögreglan handtók í gær sex manns örfáum klukkustundum eftir að hún rannsakaði sendiferðabíl sem grunur leikur á að hafi verið notaður til flutninga á peningaseðlum í stærsta ráni Bretlandssögunnar í síðustu viku. Þar með hafa alls 13 manns verið handteknir vegna málsins, en ræningjarnir stálu 53 milljónum punda úr peningageymslu Securitas í Tonbridge.

Lögreglan varðist frétta af peningafundi á búgarði skammt frá Tonsbridge, en samkvæmt upplýsingum sjónvarpsstöðvarinnar Sky eru tveir hinna handteknu, breskur milljónamæringur og eiginkona hans, eigendur búgarðsins.

Starfsfólk Securitas í Tonsbridge sneri fyrst í gær aftur til starfa. - smk

Pálmi út úr tölvubransanum:

## Tæknival selt til fjárfesta

**VIÐSKIPTI** Fengur, sem er í eigu Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar, seldi í gær Tæknival til hóps fjárfesta.

Að kaupunum standa Fjara fjárfestingafélag, sem er meðal eigenda í upplýsingatæknifélaginu Þekkingu, og aðrir fjárfestar sem koma m.a. úr þessum geira.



**PÁLMI HARALDSSON** Seldi Tæknival til fjárfesta sem standa meðal annars að Þekkingu.

„Við teljum að það séu ónýtt tækifæri í félaginu. Þarna eru sterk vörumerki og gott starfsfólk,“ segir Stefán Jóhannesson, framkvæmdastjóri Þekkingar, sem er í forsvari fyrir kaupunum. Hann segir að það sé ekkert launungarmál að einhverjar breytingar verði á rekstri Tæknivals og eðli starfseminnar en þær verði kynntar mjög fljótlega.

Kaupverð er trúnaðarmál. - eþa

**Bílalán á 0% vöxtum**

Vaxtalausir dagar hjá Bílalandi B&L, Grjóthálsi 1 hefjast á morgun og standa til 5. mars. Fjöldi bíla er í boði með fullu 100% vaxtalausu láni. Lántökugjöld eru enn fremur felld niður. Ef þig vantar notaðan bíl á frábærum kjörum, komdu þá við hjá Bílalandi B&L eða hjá umboðsmönnum B&L á landbyggðinni. Athugaðu að þessi hagstæðu lán eru eingöngu veitt á vaxtalausum dögum.

bílaland B&L notaðir bílar

Grjóthálsi 1

bilaland.is



## SPURNING DAGSINS

*Hefðum við unnið landsleikinn ef við hefðum bara spilað við Trínidad?*

Nei, það hefðum við ekki gert. En þetta staðfestir það enn á ný hvað tóbak er óhollt.

Eggert Skúlason er óhress með tap íslenska landsliðsins í knattspyrnu gegn Trínidad og Tóbagó á þriðjudag.

Upplýsingafundur Landsvirkjunar um Kárahnjúkavirkjun:

# Efnahagsleg áhrif ofmetin

**STÓRIÐJA** Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, telur efnahagsleg áhrif Fjarðaáls og Kárahnjúkavirkjunar á þenslu ofmetin og segir breytingar á fjármálamarkaði og vanbúinni hagstjórn um að kenna.

Á upplýsingafundi Landsvirkjunar um Kárahnjúkavirkjun í gær ræddi Tryggvi um þjóðhagsleg áhrif Fjarðaáls og Kárahnjúkavirkjunar.

Snemma árs 2007 verður Fjarðaál tilbúið og sala raforku frá Kárahnjúkavirkjun mun hefjast samkvæmt áætlunum. Full starfsemi mun hefjast í október sama ár. 200 milljarða kostnaður við framkvæmdirnar mun dreifast á tímabilið milli 2003 og 2007.



**TRYGGVI ÞÓR HERBERTSSON OG FRIÐRIK SOPHUSSON FORSTJÓRI LANDSVIRKJUNAR** Tryggvi Þór var einn af fimm framsögumönnum og Friðrik var fundarstjóri á fundinum sem fór fram á Hótel Loftleiðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR

Tryggvi telur efnahagsleg áhrif geta valdið þenslu til skamms tíma ef stjórnvöld halda ekki rétt á spilunum og bendir á að farvegir peningamálastefnunnar séu ekki að virka sem skyldi í dag. En hann segir önnur áhrif vega þyngra en framkvæmdirnar og nefnir sem dæmi lækkun bindiskyldu Seðlabankans 2002, skuldabréfaútgáfu útlendinga 2005 og ýmis hagstjórnarmistök. Aðaláhrifin séu þó breytingar á íbúðalánamarkaði, innkoma bankanna á fasteignamarkað 2004, hækkað lánshlutfall og lágmarkslán. **- sdg**

Bæjarpólitíkin á Akureyri:

## Nýr flokkur í bæjarmálin

**STJÓRNMÁL** Nýr stjórnmálaflokkur, Framfylkingarflokkurinn, hefur verið stofnaður á Akureyri og mun flokkurinn bjóða fram lista á Akureyri í sveitarstjórnarkosningunum í vor.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun Hólmar Örn Finnsson, eftirlitsfulltrúi skattstjórans á Akureyri, að líkindum skipa efsta sæti framboðslistans en unnið er að niðurröðun á listann. Framboðslistinn verður eingöngu skipaður ungu fólki og helstu baráttumál Framfylkingarflokksins lúta að bættum hag ungra Akureyringa. **- kk**



**KJARNAKLJÚFUR** Starfsmenn vinna við kjarnakljúf í Íran. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kjarnorkumál Írans:

## Íranar standa fast á sínu

**MOSKVA, AP** Íranar og Rússar virtust upp á kant hverjir við aðra í upphafi nýrra viðræðna í Moskvu í gær varðandi sameiginlegt verkefni þeirra um auðgun úrans í Rússlandi. Slík samvinna gæti auðveldað eftirlit með kjarnorkuáætlun Írana.

Rússar hafa farið fram á að Íranar stöðvi alla auðgun úrans á heimavelli áður en til samvinnu getur komið, en við komuna til Moskvu í gær sagði Ali Larijani, helsti talsmaður Írana í þessum viðræðum, það af og frá að Íranar gengju að slíku samkomulagi. **- smk**

Slysið á Hofsjökli:

## Ökumaðurinn áfram á spítala

**SLYS** Jónas Kristjánsson, ökumaður jeppans sem féll niður um sprungu á Hofsjökli á laugardaginn var, er kominn af gjörgæslu Landspítala - háskólasjúkrahúss og er líðan hans góð eftir atvikum.

Meiðsl hans eru ekki eins alvarleg og óttast var í fyrstu. Hann tognaði og er talsvert bólginn auk þess sem hann hlaut ýmsa minni áverka. Hefur hann sjálfur óskað eftir að verða fluttur á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri til hvíldar og aðhlynningar við fyrsta tækifæri en hann og Tómas Ýmir Óskarsson, sem lést í slysinu, eru báðir frá Akureyri. **- aöe**

# Bush hvetur Karzai til dáða í Afganistan

**Bush Bandaríkjaforseti lagði leið sína óvænt til Afganistans í gær áður en hann hóf boðaða heimsókn sína til Indlands. Hann sagði Bandaríkjamenn „ekki myndu flýja af hólmi“ þótt andóf ykist gegn veru bandarísks herliðs í landinu.**

**AFGANISTAN, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti kom í óvænta heimsókn til Afganistans í gær. Hét hann þar því að Bandaríkjamenn myndu standa við gefin loforð um stuðning við uppbyggingu þar í landi og myndu ekki „flýja af hólmi“ þótt andóf ykist gegn veru bandarískra hermanna þar. Hann spáði því enn fremur að Osama bin Laden myndi nást, þrátt fyrir að fjögurra ára leit að honum hafi enn ekki skilað árangri.

„Ég er vongóður um að hann náist,“ sagði Bush á sameiginlegum blaðamannafundi með Hamid Karzai, forseta Afganistans, í garði embættisseturs hans í Kabúl.

Bush reyndi enn fremur að stappa stálinu í bandaríska hermenn sem þjóna við erfiðar aðstæður í Afganistan og lýsti samstöðu með ríkisstjórn Karzai, en hún er mjög háð stuðningi Vesturlanda. Bush talaði við bandaríska hermenn á Bagram-flugvelli við Kabúl, ásamt því að eiga viðræður við Karzai og fleiri afganska ráðamenn.



**SENDIRÁÐ ENDUROPNAÐ** Bandarísku forsetahjónin Laura og George W. Bush, Condoleezza Rice utanríkisráðherra, Ron Neumann, sendiherra Bandaríkjanna í Afganistan, og afganski forsetinn Hamid Karzai klippa á borða í nýrri sendiráðsbyggingu Bandaríkjanna í Kabúl í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**LENTUR Í NÝJU-DELHÍ** Bush og indverski forsætisráðherrann Manmohan Singh heilsast við komuna til Nýju-Delhí í gærkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bush hét því að bin Laden, leiðtogi al-Kaída, og aðrir skipuleggjendur hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin yrðu eltir uppi og dregnir til ábyrgðar. „Þetta er ekki spurning um hvort, heldur hvenær,“ sagði hann.

Þetta var fyrsta heimsókn bandarísks forseta til Afganistans síðan her Bandaríkjamanna og bandamanna þeirra í NATO réðst inn í landið í kjölfar 11. september-árásanna haustið 2001 og steyptu talibanastjórninni alræmdu, en bin Laden byggði upp al-Kaída-hryðjuverkanetið í skjóli hennar.

Bush hafði rúmlega fjögurra stunda viðdvöl í Afganistan áður en hann flaug áfram frá Kabúl til Indlands. Á fyrsta viðkomustað hans þar í landi, Nýju Delhí, söfnuðust tugþúsundir manna saman til að mótmæla komu hans. Samningar um kjarnorkumálasamstarf landanna eru efst á baugi viðræðna Bush við indverska ráðamenn.

Loks mun Bush heimsækja Pakistan í vikulokin áður en hann heldur aftur heim á leið. Gríðarlegur öryggisviðbúnaður er í kringum þetta ferðalag bandarísku forsetahjónanna, enda kynda herskáir múslimar undir hatri á Bandaríkjunum, ekki síst í Pakistan.

audunn@frettabladid.is



**BRESKIR SPÖRFUGLAR** Fuglafræðingar hafa ekki áhyggjur af afdrifum heilu fuglastofnanna þrátt fyrir fuglaflensu. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Fjölmargar tegundir veikjast:

## Fuglastofnar ekki í hættu

**FUGLAFLENSAN** Fræðimenn óttast ekki að fuglaflensan geti orðið það skæð að heilu fuglastofnunum stafi ógn af henni.

Ólafur Nielsen, fuglafræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands, segir ástæðulaust að óttast að flensan geti útrýmt tegundum. „Fuglar deyja eins og önnur dýr úr veikindum og það eru til mörg dæmi um að fuglar hafi dáið tugum og jafnvel hundruð þúsundum saman úr sjúkdómum án þess að það hafi haft áhrif á stofna.“

Ólafur segir fuglastofna sjaldnast í kyrrstöðu, þeir ýmist stækki eða minnki og ekki verði miklar breytingar á þeim til lengri tíma litið. **- bþs**

Ránið í Apótekaranum:

## Játning liggur fyrir í málinu

**LÖGREGLUMÁL** Játning liggur fyrir vegna hins vopnaða ráns í lyfjaversluninni Apótekaranum að Smiðjuvegi í síðustu viku og telst málið upplýst að sögn lögreglu í Kópavogi sem fór með rannsókn málsins.

Ógnaði maðurinn starfsfólki í lyfjaversluninni með búrhnífi og komst á brott með talsvert magn rítalíns þótt fyrir liggi að hann var á höttunum eftir sterkari lyfjum. Hann hefur margoft áður komist í kast við lögin. **- aöe**




Hjúkrunarheimilið Sóltún býðst til að tvöfalda hjúkrunarrými:

# Gæti tæmt Landakot

**ALDRAÐIR** Hjúkrunarheimilið Sóltún gerði heilbrigðisráðuneytinu tilboð fyrir tveimur árum um að fjölga hjúkrunarrýmum á lóðinni Sóltún 2-4 í Reykjavík um meira en helming en engin afgerandi svör fengust frá ráðuneytinu. Tilboðið hefur verið margítrekað.

„Það liggur í augum uppi að við værum búin að byggja og værum að fara að opna þetta heimili ef við hefðum fengið svar. Við höfum talað við ráðherra og stjórnmálamenn og fengið góðan hljómgrunn,“ segir Anna Birna Jensdóttir, forstöðumaður Sóltúns.

Hún segir að viðbygging við Sóltún gæti rúmað alla þá rúmlega 80 sem nú eru í bið á Landakoti en hátt í 500 eldri borgarar bíði eftir rými á hjúkrunarheimili á höfuðborgarsvæðinu. Legudagurinn kosti 30-50 þúsund krónur og Sóltún geti gert þetta mun ódýrara.



**SÓLTÚN OG NÁGRENNI** Um 1.000 íbúar í Sóltúni og nágrenni gætu leitað stuðnings og þjónustu í tengibyggingu sem yrði reist tæki heilbrigðisráðuneytið tveggja ára tilboði Sóltúns um að ríflega tvöföldun hjúkrunarrýma.

„Það þarf ekki mikinn reikningshaus til að átta sig á því að þetta er þjóðhagslega hagkvæmt. Okkur hefur fundist með eindæmum að þeir sem fara með ríkisfé skuli ekki átta sig á þessu og viðhalda því að fólk bíði við lítil lífsgæði á göngum sjúkrahúsa og flakki þar jafnvel milli deilda.“ **- ghs**


Vorlaukar
og fræ
30% afsl
Ræktunar
markaður
Úðabrúsi
99 kr.
Jukkur 599 Drekatré 499
Ræktunar-
pottar og
sáðbakkar
50% afsl
Sáðmold
30% afsl
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 1.3.2006**

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 64,56 | 64,86 |
| Sterlingspund | 113,33 | 113,89 |
| Evra | 77,03 | 77,47 |
| Dönsk króna | 10,326 | 10,386 |
| Norsk króna | 9,604 | 9,66 |
| Sænsk króna | 8,155 | 8,203 |
| Japanskt jen | 0,5552 | 0,5584 |
| SDR | 92,98 | 93,54 |

*Gengisvísitala krónunnar*
**108,3552**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ungmenni mótmæltu stóriðjuáformum Alcoa á skrifstofum Fjarðaáls og Alcoa:

# Stóriðjuáformum mótmælt

**MÓTMÆLI** Um fimmtán ungmenni mótmæltu í gær stóriðjuáformum Alcoa á Íslandi á skrifstofum fyrirtækisins að Suðurlandsbraut 12.

Mótmælendurnir, sem flestir voru á grunnskólaaldri, gengu inn á skrifstofurnar eftir að þeim var hleypt inn og létu ófriðlega. Ingi Kristján Sigmarsson, einn mótmælendanna, sagði lögreglu hafa beitt ungmennin töluverðu harðræði þegar hún skipaði ungmennunum að fara út af skrifstofu Alcoa. „Lögreglan beitti ekki ofbeldi en hún henti okkur út af skrifstofunum í bókstaflegri merkingu.“ Erna Indriðadóttir, upplýsingafulltrúi Alcoa á Íslandi, sagðist fagna því að íslensk ungmenni tækju þátt í þjóðfélagsumræðu. „Það er ánægjulegt þegar ungmenni láta skoðanir sínar í ljós og nýta lýðræðislegan rétt sinn til þess að mótmæla. Í þessu tilfelli var þeim hleypt inn eftir að þau spurðu um stefnu Alcoa varðandi ráðningar fatlaðs fólks í vinnu. Það er stefna Alcoa að ráða fólk til vinnu eftir hæfileikum.“

Eftir að ungmennin höfðu verið inni á skrifstofunum í skamma stund var lögregla kölluð til vegna óláta. „Því miður var ekki vinnufriður vegna ólátanna og því var lögreglan kölluð á vettvang.“ **- mh**



**UNGMENNI MÓTMÆLA** Ungmenni mótmæla stóriðjuáformum Alcoa á Íslandi með plaströri sem tengir saman tvo einstaklinga. Átti þetta að tákna ofurtrú á stóriðju. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Ný skoðanakönnun Gallup:

# D-listinn með meirihluta

**SKOÐANAKÖNNUN** Samfylkingin í Reykjavík bætir við sig fimm prósentum en fylgi Sjálfstæðisflokksins dalar lítillega samkvæmt nýrri skoðanakönnun Gallup. Fylgi Sjálfstæðisflokksins mælist 52 prósent en mældist 55 prósent fyrir mánuði.

Samfylkingin fær nú 34,5 prósent en Vinstri grænir um sjö prósent og Framsóknarflokkurinn fimm prósent. Fylgi Frjálslyndra er tvö prósent. Yrðu þetta úrslit kosninga fengi Sjálfstæðisflokkurinn hreinan meirihluta eða átta menn kjörna, Samfylking fengi sex menn og Vinstri grænir einn. **-shá**

Réttað yfir Saddam Hussein:

# Segist vera einn ábyrgur

**ÍRAK, AP** Saddam Hussein, einræðisherrann fyrrverandi, viðurkenndi fyrir dómi í gær að hafa fyrirskipað réttarhöld yfir sjíamúslimum sem síðar voru teknir af lífi. Hann hélt því jafnframt fram að þetta hefði ekki verið glæpur.



**SADDAM** Einræðisherrann fyrrverandi í réttarsal í gær.

Saddam og sjö aðrir eru ákærðir fyrir aftökur 148 sjía-múslima eftir að Saddam var sýnt banatilræði árið 1982.

„Er það glæpur að vísa til yfirvalda máli sakbornings sem skotið hefur á þjóðarleiðtoga, sama hvert nafn hans var?“ spurði Saddam, og bætti við að hann væri einn ábyrgur; hinir hefðu eingöngu fylgt skipunum.

Réttarhöldunum var frestað til 12. mars. **- smk**

Fjármálaráðherra:

# Tíðindunum tekið með vara

**ÁLVER** Árni Mathiesen fjármálaráðherra segir að með viljayfirlýsingu sinni hafi Alcoa ákveðið að halda áfram með verkefnið og þá á Bakka. Það sé auðvitað stór frétt fyrir Húsvíkinga og nágranna en tíðindunum beri að taka með vara.

„Við höfum upplifað það áður að verkefni hafa verið komin langt og hætt við þau. Álver á Bakka er ekkert sem við tökum með í okkar útreikninga eða áætlanir enn sem komið er,“ segir hann. **- ghs**

# Alcoa vill framleiða meira en 250 þúsund tonn á ári

**Forstjóri Landsvirkjunar segir að meiri vissa verði að fást um álframleiðslu við Húsavík áður en fyrirtækið stofnar til milljarða útgjalda við undirbúning orkuöflunar. Alcoa vill framleiða meira en 250 þúsund tonn.**

**STÓRIÐJA** Áform um að reisa álver með að minnsta kosti 250 þúsund tonna framleiðslugetu á ári eru háð því að áætlanir um orkuöflun standist.

Bernt Reitan, aðstoðarforstjóri Alcoa, sagði í samtali við Fréttablaðið eftir að ákvörðun félagsins var kynnt í New York í gær að ef vel tækist til og næg orka yrði fáanleg á verði sem um semdist stæði vilji Alcoa til þess að framleiða meira en 250 þúsund tonn af áli ár hvert. „Þetta gæti mögulega orðið fyrsta álver í heimi sem nýtir rafmagn frá jarðvarmaorkuveri til álframleiðslunnar,“ sagði Reitan og lýsti ánægju með samstarfið við íslensk stjórnvöld og viðtökur almennings hér á landi. Hann áréttaði að ekki væri búið að taka ákvörðun um að reisa álver á Bakka og næst yrði að huga að orkuöflun og orkuverði.

Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, segir að næg orka eigi að vera fyrir hendi, ekki síst ef ákvörðun yrði tekin um að taka álver í notkun í tveimur áföngum. „Við rekum jarðvarmaaflsstöð í Kröflu sem ætlunin er að stækka. Við könnum orkuöflun auk þess í Gjástykki, Bjarnarflagi og á Þeistareykjum. Við teljum okkur vita að svæðið geti gefið 400 til 450 megawatta afl eða allt að 4.000 gígawattstundir á ári,“ segir Friðrik. Meiri óvissa ríki um jarðvarmann en vatnsaflið sem unnt sé að mæla og rannsaka með þekktum aðferðum. „Við leggjum traust okkar á þá þekkingu sem við höfum aflað. Auk þess verða boraðar þrjár tilraunaholur strax á þessu ári. Til þess að fá glögga mynd af svæðinu þarf að bora fyrir um tvo milljarða króna, en sumar holurnar nýtast væntanlega til orkuframleiðslu.

Landsvirkjun hefur ekki átt aðild að staðarvalsathugun á Norðurlandi með stjórnvöldum, sveitarstjórnum og Alcoa. „Næsta skref Alcoa verður líklega að ræða orkuþörf og raforkuverð. Við leggjum ekki í dýrar rannsóknir nema fyrir liggi nokkur vissa fyrir því að haldið verði áfram. Ef menn verða ásáttir um verðhugmyndir höldum við áfram og leggjum verulega fjármuni í undirbúning.“

Friðrik segir að hraðinn ráðist mjög af því hvernig ganga muni að kanna svæðið og með tilliti til orkuöflunar væri fýsilegra að taka álver við Húsavík í notkun í tveimur áföngum fram til ársins 2015. **johannh@frettabladid.is**




**IÐNAÐARRÁÐHERRA OG AÐSTOÐARFORSTJÓRI ALCOA** Valgerður Sverrisdóttir og Bernt Reitan sjást hér eftir fundinn í New York. Alcoa telur jafnvel fýsilegra að framleiða árlega meira en 250 þúsund tonn af áli við Húsavík náist um það samningar.



**FRIÐRIK SOPHUSSON FORSTJÓRI LANDSVIRKJUNAR** „Ef menn verða ásáttir um verðhugmyndir höldum við áfram og leggjum verulega fjármuni í undirbúning.“






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HÆGVIÐRI UM HELGINA**
Veðurhorfurnar fram undan eru afar keimlíkar því sem verið hefur. Bjart á landinu sunnan- og vestanverðu en heldur þungbúnara annars staðar og stöku él þar. Hiti svipaður og verið hefur.

**HELGIN**
Veðurhorfurnar um helgina gera ráð fyrir hægviðri. Stöku él norðaustan til, annars yfirleitt bjart veður. Vægt frost að deginum.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**
Hæg norðaustlæg átt. Bjartviðri. Vægt frost.

*um hádegi »*



*» á morgun*



Hæglætisveður.

*» laugardagur*



Hæglætisveður.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 1°C alskýjað | París | 5°C hálfskýjað | Alicante | 17°C hálfskýjað |
| Osló | -3°C alskýjað | Berlín | 2°C hálfskýjað | Mílano | 7°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | -4°C alskýjað | Frankfurt | 2°C alskýjað | New York | -1°C snjóél |
| Helsinki | -8°C alskýjað | Madríd | 13°C hálfskýjað | San Francisco | 14°C skúrir |
| London | 6°C hálfskýjað | Barcelona | 12°C hálfskýjað | Orlando/Florída | 28°C hálfskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.



# Vortískan í Kringlunni



## Opið tískuhús!

Þú getur átt von á óvæntum uppákomum þegar þú kynnir þér allt það ferskasta og flottasta í verslunum Kringlunnar. Láttu koma þér á óvart!

## Tískusýning kl. 20.00

Sjáðu nýju vor- og sumartískuna 2006 með eigin augum á lifandi og skemmtilegri tískusýningu. Sýnd verða föt frá Blend, Companys, Gallerí 17, Vero Moda, Selected, Fat Face og Hagkaup.

## Taktu þátt í Tískuleik Kringlunnar, Nokia og Icelandair

Þú gætir unnið ferð til hátískuborgarinnar Parísar eða nýjan Nokia L'Amour Collection tískusíma. Það eina sem þú þarft að gera er að festa kassakvittunina þína við þátttökuseðil og skila í kassann á 1. hæð!

## Lifandi djass í göngugötunni!

**Opið til 21 í kvöld**

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

Fíton/SÍA FI016376

| | Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| Verslanir | 10.00 til 18.30 | 10.00 til 21.00 | 10.00 til 19.00 | 10.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |
| Ævintýraland | 14.00 til 18.30 | 14.00 til 19.00 | 14.00 til 19.00 | 11.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200



## KJÖRKASSINN

*Á að taka upp skólagjöld í Háskóla Íslands?*

| | |
|---|---|
| Já | 32% |
| Nei | 68% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Er þörf fyrir íslenskt sendiráði á Indlandi?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Opinberri heimsókn Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur til Indlands lýkur í dag:

# Styðja aðild að öryggisráðinu

**UTANRÍKISMÁL** Opinberri Indlandsheimsókn Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, staðgengils utanríkisráðherra, lýkur í dag.

Í fyrradag átti hún fund með Manmohan Singh, forsætisráðherra Indlands, í Nýju-Delí. Þau ræddu meðal annars aukin samskipti landanna á sviði vísinda, menningar og viðskipta.

Samdægurs ávarpaði Þorgerður Katrín Alþjóðaviðskiptastofnun Indlands. Hún lýsti ánægju með aukin samskipti þjóðanna og þá ekki síst aukin viðskipti indverskra og íslenskra fyrirtækja. Opinber heimsókn Abduls Kamal, forseta Indlands, til Íslands í maí í fyrra hefði orðið fyrirtækjum hvatning og það bæri að þakka. Íslendingar horfðu til Indlands sem vaxandi markaðar fyrir vörur, þjónustu og fjárfestingar.

Þorgerður minnti á að Ísland styddi fasta aðild Indlands að öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og myndi gera það áfram. Stuðningur Indlands við tímabundna aðild Íslands að öryggisráðinu árin 2009 og 2010 væri hvetjandi. „Það er mikilvægt fyrir Sameinuðu þjóðirnar að gefa smáþjóðum, sem eru meirihluti aðildarríkjanna, tækifæri til að láta til sín taka," sagði Þorgerður. - jh



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR OG MANMOHAN SINGH** Þjóðirnar styðja hvor aðra til setu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.

D-listinn í Garðabæ:

## Ragnhildur í þriðja sæti

**GARÐABÆR** Fulltrúaráð Sjálfstæðisfélaganna í Garðabæ ákvað í gærkvöld breytingar á framboðslista flokksins þannig að Ragnhildur Inga Guðbjartsdóttir flugfreyja skipar annað sæti í sveitarstjórnarkosningunum í vor.

Uppstillingarnefnd flokksins bar upp tillögu um óbreyttan lista í gærkvöld en fjórir efstu menn í prófkjörinu komu þá fram með tillögu um að Ragnhildur væri flutt í þriðja sæti og að þeir Stefán Konráðsson og Sturla Þorsteinsson flyttust niður um eitt sæti. Þeir skipa því fjórða og fimmta sætið. - ghs

Bæjarstjórinn á Akureyri:

## Sáttur við ákvörðunina

**STÓRIÐJA** Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, segist ágætlega sáttur þó að Alcoa hafi ekki valið að kanna hagkvæmni álvers á Dysnesi í Eyjafirði.

Hann segir mestu skipta að álver rísi á Norðurlandi en bendir á að ákvörðun þar að lútandi hafi ekki enn verið tekin. „Menn eiga því að halda sig á jörðinni enn um sinn en vissulega er þetta ánægjulegt skref í átt að álveri á Norðurlandi. Akureyringar munu njóta álversframkvæmda á Bakka því áhrifa slíkra stórframkvæmda gætir út fyrir byggingarstaðinn." - kk

Andstæðingar álvers:

## Orustan töpuð en ekki stríðið

**STÓRIÐJA** Hlynur Hallsson, varaþingmaður Vinstri grænna í Norðausturkjördæmi, segir ákvörðun Alcoa vonbrigði en fyrirsjáanlega. Hann segir andstæðinga álvers á Norðurlandi ekki ætla að leggja niður baráttu sína.

„Við höfum tapað pínulítilli orustu en ekki stríðinu í heild. Það er mikilvægt að haldið verði áfram að byggja upp ferðaþjónustu og aðra atvinnustarfsemi á svæðinu en vissulega er ákvörðun Alcoa sorgleg fyrir aðra atvinnuuppbyggingu á Húsavík," segir Hlynur. - kk

# Ákvörðun Alcoa fagnað

**Bæjarstjórinn á Húsavík fagnar ákvörðun Alcoa um að gera frekari athuganir vegna álvers á Bakka. Formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur segir samkomulag Alcoa og ríkisins fylla Húsvíkinga bjartsýni.**

**STÓRIÐJA** Reinhard Reynisson, bæjarstjóri á Húsavík, segist fagna niðurstöðu Alcoa en leggur áherslu á að álver við Húsavík sé enn ekki í höfn. Hann segir ákvörðun Alcoa ekki koma á óvart og telur að nálægð við orkuauðlindirnar í Þingeyjarsýslum, jákvæð afstaða heimamanna og hagkvæmur orkuflutningur að væntanlegu álveri hafi ráðið úrslitum í hugum stjórnenda Alcoa.

„Þetta er mikilvægur áfangi á langri leið fyrir Húsvíkinga og Norðlendinga í heild því verði álverið að veruleika mun áhrifa framkvæmdanna ekki einungis gæta á Húsavík. Samgöngur á svæðinu munu batna, atvinnusvæðið stækka og búsetuskilyrði batna," segir Reinhard.

Aukinnar bjartsýni Húsvíkinga á framtíð byggðarlagsins mun strax fara að gæta að mati Reinhards en hann segir húsnæðisskort hamla fólksfjölgun. „Ég vænti þess að byggingarverktakar fari nú þegar að huga að nýbyggingum. Íbúðaverð hefur farið hækkandi að undanförnu á Húsavík og ég á ekki von á öðru en að ákvörðun Alcoa leiði til frekari hækkunar," segir Reinhard.

Aðalsteinn Á. Baldursson, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur, segir að samkomulag Alcoa og ríkisins muni fylla Húsvíkinga bjartsýni og dug og virka sem vítamínsprauta á atvinnulífið í bænum og mannlíf almennt.

„Við eigum að gleðjast og lyfta glösum en ég vil þó vara við of mikilli bjartsýni á meðan Alcoa hefur ekki tekið endanlega ákvörðun um byggingu álvers á Bakka. Leiði hagkvæmniathuganirnar til þess að ráðist verði í framkvæmdina þá verða vatnaskil í byggðaþróun á Húsavík og fólki mun fjölga hér hraðar en dæmi eru um á Norðurlandi," segir Aðalsteinn.

Um fjögurhundruð manns eru nú án atvinnu á Norðurlandi eystra og telur Aðalsteinn að stór vinnustaður eins og álver muni skipta sköpum í baráttu Norðlendinga gegn atvinnuleysi. „Álver mun styrkja margvíslega atvinnustarfsemi á Norðurlandi og leiða til þess að laun almennt á svæðinu munu hækka. Sem baráttumaður fyrir bættum hag verkalýðsins get ég því ekki annað en vonað að Alcoa stígi skrefið til fulls," segir Aðalsteinn. kk@frettabladid.is



**FÁNI DREGINN AÐ HÚNI** Þorri Húsvíkinga fagnaði í gær samkomulagi Alcoa og íslenska ríkisins þess efnis að könnuð yrði hagkvæmni álvers á Bakka við Húsavík. Hreinn Hjartarson, veitustjóri Orkuveitu Húsavíkur, og Örlygur Hnefill Jónsson, varaþingmaður Samfylkingarinnar í Norðausturkjördæmi drógu upp íslenska fánann við Húsavíkurhöfn og fleiri bæjarbúar fóru að ráði þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/INGÓLFUR SIGFÚSSON



**AÐALSTEINN BALDURSSON** Formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur væntir þess að laun á svæðinu muni almennt hækka ef ráðist verður í álversframkvæmdir á Bakka.



**REINHARD REYNISSON** Bæjarstjórinn Á Húsavík segir ákvörðun Alcoa mikilvægan áfanga á langri leið fyrir Húsvíkinga og Norðlendinga í heild.

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra fagnar ítarlegri hagkvæmniskönnun á Bakka:

# Bæta þarf samgöngurnar

**STÓRIÐJA** Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, fagnar viljayfirlýsingu Alcoa um að hefja ítarlega könnun á hagkvæmni þess að reisa álver á Bakka. Hún segir að verði álverið reist sé það gríðarlegt tækifæri fyrir Norðlendinga þó að efnahagsleg áhrif verði mest á Húsavík.

Valgerður segir að reiknað sé með að mörg afleidd störf verði á Akureyri. „Auðvitað þarf að bæta samgöngur á milli þessara staða þannig að þetta mun hafa gríðarlega þýðingu fyrir búsetuskilyrði og lífskjör á Norðurlandi," segir hún.

Göng undir Vaðlaheiði eru til athugunar enda styttist þá leiðin milli Húsavíkur og Eyjafjarðar um 16 kílómetra. Einnig kemur til greina að stytta leiðina enn frekar, til dæmis með veg og brú yfir Skjálfandafljót. Hún vill þó ekki tjá sig neitt meira um það.

„Þetta er svo sem ekkert nýtt. Það hefur verið talað um göng undir Vaðlaheiði allengi og má reikna með að það verði allavega að hluta til í einkaframkvæmd," segir hún.

Valgerður telur mikilvægt að raða framkvæmdum þannig að „áhrifin verði jákvæð en ekki neikvæð. Þar hafa stjórnvöld mikla ábyrgð þar sem þau fara náttúrulega með efnahagsmál í landinu. Þess vegna væri best að raða verkefnunum upp þannig að ekki verði alltof mikið í gangi í einu." - ghs



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR** Iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, segir að áhrif af álveri á Bakka nái til Eyjafjarðar og því þurfi að bæta samgöngur milli þessara staða.





Verslaðu við traustan aðila!

Ægisskyggnin
–sérhönnuð fyrir íslenska veðráttu




• íslensk gæðaframleiðsla • viðhaldsfrítt efni • endalausir möguleikar
• góð og traust þjónusta • stuttur afgreiðslufrestur

OPIÐ:
virka daga kl. 9-18
laugardaga kl. 12-16

SEGLAGERÐIN ÆGIR

EYJARSLÓÐ 7 • SÍMI 511 2200 • www.seglagerdin.is

# Danskir dagar




**Hot dog** pölser
- ekta danskar pylsur



**Ekta danskt smörrebrauð**
á dönskum dögum



**Dönsk** ostaveisla
- yfir 30 tegundir af dönskum ostum




**Gulrótarkaka**
- á danska vísu




**Matilde** dönsk kókómjólk
- frábær á bragðið, tilvalin í nestið




**Tulip** livretter
- middagsfrikadeller




**De Danske Vægtkonsulenter**
- ís, 3 tegundir




**Dan sukker** sykur,
- færri kaloríur, gott í bakstur




**Hatting** ciabatta m/pestó
- frábær nýjung




**Original** ávaxtasafi
- 2 lítra




**Faxe Kondi** 2 ltr.
- framleitt á Íslandi fyrir Dani

Gildir til 8. mars eða á meðan birgðir endast.

*Landsins mesta úrval matvöru*

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



## VEISTU SVARIÐ?

1 Hver er stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur?

2 Hvaða ár var Olof Palme myrtur í Stokkhólmi?

3 Hvað heitir yngri sonur Johns Lennon?

SVÖR Á BLS. 54

Framkvæmdastjóri lækninga á LSH um gagnrýni á skipun í notendahópa:

# Heimssýn unglækna þröng

**HEILBRIGÐISMÁL** „Reynsla unglækna er mjög takmörkuð og heimssýn þeirra mjög þröng,“ segir Jóhannes M. Gunnarsson, lækningaforstjóri á Landspítala - háskólasjúkrahúsi, um framkomna gagnrýni formanns Félags ungra lækna.

Í Fréttablaðinu í gær gagnrýndi formaðurinn, Bjarni Þór Eyvindsson, að unglæknar ættu ekki fulltrúa í notendahópum sem eru að vinna tillögur að fyrirkomulagi og skipulagi deilda á nýju hátæknisjúkrahúsi LSH.

„Í notendahópunum er verið að leita eftir reynslu,“ segir Jóhannes. „Það er verið að sækja viðhorf og hugmyndir, sem menn hafa kynnst úti um heiminn. Síðan er um að ræða langtímaverkefni. Unglæknar eru í tiltölulega stuttan tíma hér, tvö til þrjú ár eða svo.“

Jóhannes segir enn fremur að þeir sem eiga sæti í notendahópunum leiti út fyrir eigin raðir. Því megi gera ráð fyrir því að kallað verði eftir sjónarmiðum unglækna á ýmsum sviðum, ekki síst þar sem fjallað sé um aðstöðu starfsfólks.

„Ég get alveg fallist á,“ bætir hann við, „að í hópnum sem fjallar um þann þátt hefðu þeir átt prýðilega heima.“

- jss



**JÓHANNES M. GUNNARSSON** Lækningaforstjóri LSH segir að örugglega verði leitað til unglækna.

Ránið í Happdrætti HÍ:

# Enginn liggur undir grun

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Reykjavík er engu nær um hver rændi peningum á aðalskrifstofu Happdrættis Háskóla Íslands við Tjarnargötu þann 30. janúar síðastliðinn. Að sögn lögreglu hafa vísbendingar í málinu ekki leitt til neins.

Skömmu eftir ránið handtók lögreglan mann en honum var sleppt fljótlega þar sem ljóst þótti að hann ætti enga aðild að málinu. Ekki hafa aðrir verið handteknir vegna málsins en ræninginn komst undan með fjármuni eftir að hafa hótað starfsmönnum með byssu. Engum varð meint af.

- aöe

Fríblað Dagsbrúnar:

# Efasemdir í Danmörku

**DANMÖRK** Útgáfa fríblaðs eins og Fréttablaðsins í Danmörku myndi hafa mest áhrif á rekstur lausasölublaðanna þar í landi. Þetta er haft eftir Piet Bakker, hollenskum fjölmiðlafræðingi, í danska viðskiptablaðinu Børsen.

Børsen fjallaði um hugsanlega útgáfu Dagsbrúnar á dönsku fríblaði í heilsíðugrein í gær. Kemur þar fram að Fréttablaðið sé fyrsta blað sinnar tegundar í Vestur-Evrópu en álíka blöð komi út í Bandaríkjunum og A-Evrópu.

Fullyrt er í grein Børsen að auglýsingatekjur fríblaðsins muni ekki duga fyrir dreifingarkostnaðinum.

- ks

Mengun í höfuðborginni:

# Svifryk mælist yfir hættumörkum

**LOFTMENGUN** „Vart er hægt að segja að fólk verði fyrir heilsutjóni en þetta veldur verulegum óþægindum hjá fjölda fólks,“ segir Davíð Gíslason ofnæmislæknir.

Svifryk mældist hátt yfir heilsuverndarmörkum í blíðunni suðvestanlands í gær, annan daginn í röð, en slík mengun getur verið afar slæm fyrir alla þá sem eru með viðkvæm öndunarfæri og er mælst til að það fólk haldi sig fjarri fjölförnum götum meðan slíkt gengur yfir.

Svifryk er samheiti yfir örsmáar loftagnir sem sökum smæðar sinnar eiga greiða leið ofan í kok og lungu þar sem þau geta safnast fyrir. Davíð segir litla ástæðu fyrir fólk að hafa áhyggjur af varanlegum skaða vegna þessa jafnvel þó svifryk mælist yfir mörkum marga daga í röð. „Fyrst og fremst er þetta afar ertandi, sérstaklega gagnvart þeim sem eru viðkvæmir fyrir. Asmasjúklingar finna vel fyrir slíku og margir aðrir verða fyrir óþægindum í nefi og efri hluta öndunarvegarins. Þessu geta fylgt nefstíflur og slík óþægindi meðan á þessu gengur en flestir jafna sig aftur á nokkrum dögum.“

- aöe



**FRAMARLEGA Í FLOKKI** Að mati tveggja deildarforseta innan Háskóla Íslands á skólinn ekki langt í land með að komast í hóp þeirra hundrað bestu eins og Kristín Ingólfsdóttir rektor sér fyrir sér. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Vel raunhæft markmið

**Hugmyndir Kristínar Ingólfsdóttur, rektors Háskóla Íslands, um að koma skólanum í hóp þeirra hundrað bestu í heiminum eru ekki fráleitar að mati tveggja deildarforseta.**

**MENNTAMÁL** „Mér líst vel á hugmyndir Kristínar vegna þess að Háskólinn hefur alla burði til þess að verða meðal þeirra allra fremstu og er það nú þegar að nokkru leyti,“ segir Oddný G. Sverrisdóttir, deildarforseti Hugvísindadeildar Háskóla Íslands.

Hún tekur sem dæmi að kennsla Miðaldasögu innan Hugvísindadeildar sé að sínu mati númer eitt eða tvö á Norðurlöndum og skólinn sé að öllu jöfnu mjög framarlega í heiminum. „Við erum mjög sterk á mörgum sviðum og jafnvel á heimsmælikvarða í þeim nokkrum þannig að stökkið til að komast í hóp fremstu háskólanna er ekki jafn mikið og margur heldur. Þetta er hins vegar alltaf spurningin um að fá meira fé og að minnka eða eyða þeim mun sem er milli deilda hvað fjárframlag varðar.“

Oddný bendir á að Hugvísindadeild fái sem nemur 396 þúsund krónum á hvert nemandaígildi samkvæmt sérstöku reiknilíkani meðan ígildi nemanda við Kennaraháskóla Íslands sé vel yfir 600 þúsund krónur.

Hún segir kennara innan Hugvísindadeildar ekki formlega hafa tekið afstöðu hvað skólagjöld varðar en hún sé persónulega á móti. „Hins vegar sjá allir að eitthvað þarf til að koma til að halda áfram því góða starfi sem hér er unnið um allan skólann.“

Sigfús Þór Elíasson, deildarforseti Tannlæknadeildar Háskólans, tekur undir með Oddnýju að skólinn eigi alla möguleika á að ná í fremstu röð. „Það veltur eðlilega á peningum eins og allt annað en það er ekki óraunsætt markmið hjá rektor. Þetta er búið að skoða fram og til baka og sýnt hefur verið fram á að Háskólinn fær minna fé en aðrir háskólar. Einnig er þetta spurningin um hvort skólinn eigi að taka við öllum nemendum sem um sækja.“

Sigfús segir deild sína ekki hafa rætt upptöku skólagjalda en fundur um það standi fyrir dyrum. „Persónulega finnst mér það ekki útilokað í framhaldsnámi í ákveðnum fögum, sérstaklega í samvinnu við atvinnulífið. Í heildina séð er ég á móti skólagjöldum í ríkisskólum en finnst rétt að hafa þau í huga í sérstökum tilfellum en þá eingöngu í ákveðnum fögum þar sem markaðurinn leyfir.“

albert@frettabladid.is

Pútín í Ungverjalandi:

# Rússar skila fornritum

**UNGVERJALAND, AP** Vladimír Pútín Rússlandsforseti gekkst í opinberi heimsókn til Ungverjalands á þriðjudag við siðferðilegri ábyrgð stjórnvalda í Moskvu á hinni harkalegu niðurbælingu sovéska hersins á uppreisninni í Ungverjalandi árið 1956.

Pútín ræddi við Laszlo Solyom, forseta Ungverjalands, forsætisráðherrann Ferenc Gyurczany og fleiri ráðamenn í þinghúsinu Búdapest. Þar fór líka fram hátíðleg afhending fornra bóka sem Sovétherinn tók herfangi í Ungverjalandi í lok síðari heimsstyrjaldar. Ungversk stjórnvöld höfðu lengi krafist þess að Rússar skiluðu hinum dýrmæta feng.

- aa




# 0% VEXTIR
# 100% LÁN

## VAXTALAUST HEFST Á MORGUN!

Birt með fyrirvara um verðbreytingar og ásláttarvillur

## ENGIN LÁNTÖKUGJÖLD

**Dæmi um bíla á vaxtalausum kjörum:**

0%



**PEUGEOT 206**
**TILBOÐ Kr. 920 þús.**

**Kr. 19.200**
í 48 mánuði

0%



**HYUNDAI ACCENT**
**TILBOÐ Kr. 490 þús.**

**Kr. 9.900**
í 48 mánuði

0%



**TOYOTA RAV4**
**TILBOÐ Kr. 1.130 þús.**

**Kr. 23.500**
í 48 mánuði

**Gerðu frábær kaup á notuðum bíl frá Bílalandi B&L - Kíktu á www.bilaland.is**

**Vaxtalausir dagar verða einnig hjá**
**SG Bílum Keflavík 421 4444, Bílás Akranesi 431 2622**
**Bílasölu Akureyrar 461 2533 og JG Bílum Egilsstöðum 471 2584**

**Bílaland B&L - Grjóthálsi 1 - 575 1230**

bíla land B&L
notaðir bílar

Grjóthálsi 1
bilaland.is



**PYGMÍAR Í VÖRN** Drengir af ættbálki pygmía vopnaðir bogum og örvum fyrir antilópu- og villisvínaveiðar nærri Nzali-Kenga í Kongó. Pygmíar eiga mjög undir högg að sækja eftir því sem meira er höggvið af skógarheimkynnum þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Erlendum ríkisborgurum á Íslandi fjölgar hratt:

# Íslendingar flytja að austan

**MANNFJÖLDI** Athygli vekur að á árinu 2005 fækkaði íbúum með íslenskt ríkisfang á Austurlandi en hlutfall erlendra ríkisborgara er þar áberandi hæst á landsvísu eða 17,6 prósent. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofu Íslands.

Mikill fjöldi farandverkamanna sem eru við störf við virkjunar- og álversframkvæmdir skýrir fjölda erlendra ríkisborgara á Austurlandi. Sést það vel á kynjahlutföllum því fjórðungur allra karlmanna á Austurlandi er erlendur ríkisborgari en 6,7 prósent kvenna.

Undanfarinn áratug hefur fjöldi erlendra ríkisborgara hér á landi nær þrefaldast. Þeir voru 1,8 prósent þjóðarinnar árið 1996 en eru nú 4,6 prósent heildarmannfjöldans. Hinn 31. desember 2005 voru 13.778 erlendir ríkisborgarar með lögheimili hér á landi. Á sama tíma árið 2004 nam þessi tala 10.636 og því hefur erlendum ríkisborgurum með lögheimili á Íslandi fjölgað um eitt prósent á milli ára.

Mikill munur er á fjölda erlendra ríkisborgara eftir landsvæðum. Hlutfall erlendra ríkisborgara er næsthæst á Vestfjörðum eða 6,2 prósent en lægst á Norðurlandi eystra, 2,3 prósent. Hutfallið er 4,7 prósent í Reykjavík. - shá



**VIÐ KÁRAHNJÚKA** Fjórðungur allra karlmanna á Austurlandi er erlendur ríkisborgari. Íbúum með íslenskt ríkisfang fækkaði fyrir austan á liðnu ári.

Baráttan gegn hryðjuverkum:

# Árás á skæruliða í Pakistan

**PAKISTAN, AP** Pakistanskar hersveitir gerðu árás á felustað skæruliða í fjöllunum við landamærin að Afganistan í gærmorgun. Að minnsta kosti 25 skæruliðar féllu eða særðust, að sögn talsmanns hersins.

Von er á George W. Bush Bandaríkjaforseta í opinbera heimsókn til Pakistans og er árásin sett í samhengi við hana. Pakistanstjórn vilji sýna að hún sé ekki að slá slöku við í baráttunni gegn al-Kaída og talibönum, en vitað er að liðsmenn þeirra leynast margir í fjöllunum á landamærum Pakistans og Afganistans. ■



**JÓHANNES GUNNARSSON** Gefur einn kost á sér í embætti formanns Neytendasamtakanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Neytendasamtökin:

# Jóhannes einn í framboði

**FÉLAGSSTÖRF** Jóhannes Gunnarsson gefur einn kost á sér í embætti formanns Neytendasamtakanna en framboðsfrestur rann út á þriðjudag. Er hann því sjálfkrafa valinn formaður og gegnir starfinu næsta kjörtímabil en það stendur í tvö ár.

Jóhannes hefur verið formaður Neytendasamtakanna síðan 1984, að undanskildum tveimur árum, þegar hann var framkvæmdastjóri þeirra.

Þing Neytendasamtakanna verður haldið í haust og þá verður kosið um menn í önnur stjórnarsæti. - bþs

# Tollurinn skoðar aðeins einn gám af hundrað

**Um 99 prósent gáma sem fluttir eru til landsins eru ekki skoðaðir af tollayfirvöldum. Þingmaður Sjálfstæðisflokksins segir þörf á gegnumlýsingarbíl fyrir tollayfirvöld sem hægt væri að færa milli hafna. Slíkur bíll kostar um 80 milljónir króna en hann getur gegnumlýst heilan gám á um þremur mínútum.**

**TOLLAEFTIRLIT** „Það eru fluttir hingað um 200 þúsund gámar árlega og af þeim er aðeins um eitt prósent skoðað,“ segir Guðmundur Hallvarðsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sem kom með fyrirspurn til fjármálaráðherra á síðasta vorþingi um það hvort til stæði að kaupa eða leigja gegnumlýsingarbíl. Þessi bíll röntgenskoðar gáma, flutningabíla, húsbíla og stóra hluti. Ráðherra svaraði því til að ekki væri búið að taka ákvörðun um þetta mál en fylgst væri með þróuninni í nágrannalöndunum.

„Tollurinn hefur yfir að ráða tveimur litlum sendibílum með tækjum í og þegar skoða þarf gám verður að losa hann og handlanga alla pakkana í gegnum litla skoðunarvél sem er í bílunum. Það myndi því breyta miklu fyrir tollgæsluna ef hún fengi svona bíl sem getur skoðað heilan gám á um þremur mínútum,“ segir Guðmundur.

„Menn sem eru að smygla inn fíkniefnum í gámum yrðu ansi taugaveiklaðir ef þeir sæju svona gegnumlýsingarbíl á hafnarbakkanum,“ segir Bjarni Ágústsson, framkvæmdastjóri Icetronica.

Það fyrirtæki sérhæfir sig í sölu öryggisbúnaðar og hafa forsvarsmenn þess komið að máli við þingmenn og tollstjóra til að fá því framgengt að slíkur bíll verði keyptur hingað til lands. „Það besta við þetta er þó það að þetta er ekki eitt risa leitartæki sem er fast við eina höfn heldur gæti tollstjóri fært þetta hvert sem er með stuttum fyrirvara svo smyglarar vissu aldrei hvar hann yrði,“ segir Bjarni.

Hann segir bílinn kosta um 80 milljónir króna. „Hann hefur reynst afskaplega vel í Svíþjóð en þar fer hann á milli hafna,“ bætir hann við.

Sigurður Skúli Bergsson, forstöðumaður tollgæslusviðs hjá Tollstjóranum í Reykjavík, segir að aðrðar Norðurlandaþjóðir hafi fest kaup á gegnumlýsingarbíl en síðast festu Danir kaup á einum slíkum í síðasta mánuði. „Við fylgjumst með þessari þróun en eigum ekki til peninga til að kaupa bíl af þessu tagi eins og er svo það þyrftu að koma til fjárveitingar. En það myndi henta okkar afskaplega vel að hafa svona leitarbúnað sem við gætum fært hafna á milli,“ segir Sigurður Skúli. se@frettabladid.is



**GEGNUMLÝSINGARBÍLL** Þessi gegnumlýsingarbíll skoðar gáma á þremur mínútum en eins og aðstaða tollayfirvalda er í dag verður að handlanga innhald gáma í gegnum eftirlitstæki.








**STARFSMANNALEIGUR** Sextán starfsmannaleigur hafa skráð sig eða eru í þann veginn að gera það. Fjórar til fimm eru taldar starfa ólöglega í landinu.

Skráðar starfsmannaleigur orðnar sextán:

# Talið að fjórar til fimm séu ólöglegar

**VINNUMARKAÐUR** Grunur leikur á um að fjórar til fimm starfsmannaleigur séu starfandi á höfuðborgarsvæðinu án þess að vera skráðar hjá Vinnumálastofnun. Þær eru því ólöglegar.

Talið er að þessar leigur séu með allt frá tveimur og upp í um 30 starfsmenn hver. Þetta er mat Guðmundar Hilmarssonar, starfsmanns í átaksverkefninu Einn réttur - ekkert svindl hjá ASÍ.

Jón Sigurður Karlsson, verkefnisstjóri hjá Vinnumálastofnun, segir að í dag séu 13 leigur skráðar og von á skráningu þriggja til viðbótar. Skráðir starfsmenn séu 81 talsins en ljóst að enn eigi eftir að skrá marga og þrýst verði á að það verði gert.

„Við byrjum á því að koma okkur upp gagnagrunni og svo eru göngur og réttir. Hópurinn sem er í kringum þetta hittist og við ráðum ráðum okkar,“ segir hann.

Talið er að starfsmenn á vegum starfsmannaleiga séu að minnsta kosti yfir eitt hundrað. - ghs

# Eitthvað annað en Toyota?

mazda

Þú vilt nýjan bíl, japönsk gæði og öruggt bílaumboð. Toyota? Nú er annar góður kostur í boði fyrir þig: Nýr Mazda frá Brimborg. Japönsk gæði Mazda keppa við hvern sem er. Helst Toyota. Gerðu samanburð. Markmið Mazda um að vera betri en aðrir kalla á kröfur um annan stíl, aðra eiginleika, önnur þægindi og annað öryggi. Nýtt verður til. Veldu öruggan stað að vera á. Komdu í Brimborg. Veldu annan stíl. Núna Mazda.

## Gerðu samanburð á japönskum gæðum

Berðu saman verð og búnað Mazda6 Touring 4 dyra, sjálfskiptum, og Toyota Avensis Sedan Sol, sjálfskiptum. Mazda6 kostar núna aðeins frá 2.190.000 kr. á sérstöku tilboði til þín. Að auki færðu vetrardekkin þér að kostnaðarlausu undir bílinn (verðmæti allt að 60.000 kr.) og sumardekkin í skottið. Verð á sjálfskiptum Toyota Avensis Sedan Sol er frá 2.400.000 kr.* Veldu annan stíl. Núna Mazda.

**Það sem er umfram í Mazda6 Touring:**

- *2,0 lítra vél*
- *5 þrepa sjálfskipting*
- *Álfelgur*
- *Hraðastillir*

Brimborg
Bíldshöfði 8
Brimborg
Bíldshöfði 6
MAX1
Bílavaktin

**Komdu í nýjan sýningarsal**
**Mazda hjá Brimborg - Bíldshöfða 8**




## Ný heimkynni - Nýtt verð!

# Kr. 2.190.000

**Mazda6 Touring 2,0i**
4 dyra, sjálfskiptur*

NÝTT HÚSNÆÐI

## Sérstakt tilboð!

### Kauptu! Leigðu! Fáðu lán!

**Frábær tilboð í tilefni nýrra heimkynna Mazda á Íslandi.**
Lægra verð en kynningarverð. Vetrardekkin færðu þér að kostnaðarlausu undir bílinn (verðmæti allt að 60.000 kr.) og sumardekkin í skottið.
Betri kjör hjá Lýsingu.
**Veldu annan stíl. Núna Mazda.**

**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Mazda í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Mazda.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.mazdabrimborg.is

LÝSING Lýsing býður viðskiptavinum Brimborgar betri kjör vegna nýrra heimkynna Mazda á Íslandi.

Skoðaðu úrval Mazda í nýjum húsakynnum

Nýttu þér sérstakt tilboð á Mazda

Gildir aðeins til 11. mars!

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Mazda2** | Væntanlegur í maí | | |
| **Mazda3 Touring 1,6i** | 5 dyra, 5 gíra* | **Besta verð 1.690.000 kr.** | Bílasamningur 22.945 kr. / Rekstrarleiga 30.414 kr. |
| **Mazda3 Touring 1,6i** | 4 dyra 5 gíra* | **Besta verð 1.720.000 kr.** | Bílasamningur 23.353 kr. / Rekstrarleiga 32.140 kr. |
| **Mazda5 Touring 2,0i** | 7 manna, 5 gíra* | **Besta verð 2.190.000 kr.** | Bílasamningur 29.422 kr. / Rekstrarleiga 39.990 kr. |
| **Mazda6 Touring 2,0i** | 4 dyra, sjálfskiptur* | **Besta verð 2.190.000 kr.** | Bílasamningur 29.422 kr. / Rekstrarleiga 39.990 kr. |
| **Mazda6 Touring 2,0i** | 5 dyra, sjálfskiptur* | **Besta verð 2.240.000 kr.** | Bílasamningur 30.093 kr. / Rekstrarleiga 41.100 kr. |
| **Mazda6 Touring 2,0i** | Wagon, sjálfskiptur* | **Besta verð 2.290.000 kr.** | Bílasamningur 30.764 kr. / Rekstrarleiga 42.700 kr. |
| **Mazda MX-5 Sport 2,0i** | 2 dyra, 6 gíra* | **Besta verð 2.750.000 kr.** | Bílasamningur 36.944 kr. |
| **Mazda RX-8 High** | 4 dyra 6 gíra* | **Besta verð 3.290.000 kr.** | Bílasamningur 44.669 kr. |
| **Mazda6 MPS AWD 2,3i** | 4 dyra, 6 gíra* | **Besta verð 3.390.000 kr.** | Bílasamningur 45.543 kr. |

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazdabrimborg.is

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Umfelgun, smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. Aukabúnaður á mynd: sóllúga. Skv. verðlista Toyota febrúar 2006. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



**BEÐIÐ FYRIR NORÐANMÖNNUM** Kristin kona í Suður-Kóreu biðst fyrir við guðsþjónustu helgaða Norður-Kóreumönnum og flóttafólki þaðan í Seoul í gær. Þúsundir kristinna Suður-Kóreumanna kröfðust þess að kommúnistastjórnin í norðri eyddi kjarnorkuvopnum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íslenskt fyrirtæki selur hjúkrunar- og lækningavörur í Eystrasaltslöndunum:

# Eitt stærsta fyrirtækið á sínu sviði

**LITHÁEN** Íslendingar reka alhliða sölu- og markaðsfyrirtæki með hjúkrunar- og lækningavörur fyrir sjúkrahús og heilsugæslustöðvar í Eystrasaltslöndunum. Fyrirtækið í núverandi mynd er aðeins þriggja ára gamalt.

Ilsanta er í hópi stærstu fyrirtækja á þessu sviði enda er fyrirtækið með skrifstofu í öllum Eystrasaltslöndunum þremur. Aðalskrifstofan er í Vilníus. Starfsmennirnir eru 32 talsins, flestir í Vilníus. Gunnar Björn Hinz er framkvæmdastjóri.

Gunnar Björn segir að markaðshlutdeildin sé mismunandi eftir vörum en veltan hafi farið hraðvaxandi og verið 12 milljónir evra árið 2005 eða um 1.000 milljónir íslenskra króna.

„Veltan hefur vaxið ótrúlega hratt, um kannski 50 prósent milli ára,“ segir Gunnar björn. „Fyrirtækið er ekki nema þriggja ára og það skilaði hagnaði í fyrra.“

Mikil uppbygging á sér stað í heilbrigðiskerfinu í Eystrasaltslöndunum og möguleikarnir því miklir. - ghs



**GUNNAR BJÖRN HINZ** Framkvæmdastjóri Ilsanta. FRÉTTABLAÐIÐ/GHS

Eigendur Landsvirkjunar:

# Óleyst deila um Laxárvirkjun

**ORKUMÁL** Fundur borgaryfirvalda, iðnaðarráðherra og forsvarsmanna Akureyrarbæjar hefur ekki verið haldinn. Borgin hefur ítrekað reynt að koma fundinum á vegna óánægju með ákvörðun stjórnar Landsvirkjunar að leggja Laxárvirkjun inn í nýtt sameiginlegt sölufyrirtæki þess með Orkubúi Vestfjarða og RARIK.

Helga Jónsdóttir, sviðstjóri hjá Reykjavíkurborg, segir ekki fyrirséð að af fundinum verði fyrir föstudag þar sem bæði iðnaðarráðherra og borgarstjóri séu í útlöndum. En þann dag fundar stjórn Landsvirkjunar og tekur málið fyrir. - gag

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Eldsvoði á Selfossi** Eldur kom upp í þjónustuíbúðum aldraðra á Selfossi aðfaranótt þriðjudags. Slökkvistarf tók skamma stund en flytja þurfti einn íbúa á sjúkrahús til aðhlynningar.

## SLÖKKVILIÐ

**Eldur á spítala** Mikill viðbúnaður var hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins í gærkvöld þegar tilkynnt var um eld í kjallara undir deildum 18 og 19 á Landspítala - háskólasjúkrahúsi í Kópavogi. Eldurinn reyndist ekki mikill og reyndist óþarft að rýma deildirnar.

## FINNLAND

**Sór embættiseið** Tarja Halonen, forseti Finnlands, sór embættiseið sinn í gær og lét um leið þau orð falla að hún myndi vinna að því að efla bönd ESB við Rússland þegar Finnland tekur við forsæti ESB í júlí. Halonen er að hefja annað kjörtímabil sitt sem forseti Finnlands.

## Sakborningar og ákæruatriði

**Brot á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og/eða brot á lögum um virðisaukaskatt.**

**EYJÓLFUR SVEINSSON**
Sem stjórnarformaður og stjórnandi Visis.is.
Sem stjórnarformaður Dagsprents hf.
Sem stjórnarformaður Nota bene hf.
Sem fulltrúi í stjórn Póstflutninga ehf.
Sem stjórnarformaður Fréttablaðsins ehf.
Sem fulltrúi í stjórn ÍP-prentþjónustu.

**MARTEINN JÓNASSON**
Sem stjórnarformaður Markhússins-markaðsstofu ehf.
Sem framkvæmdastjóri Nota bene hf.
Sem fulltrúi í stjórn Info Skiltagerðar.

**SVEINN EYJÓLFSSON**
Sem stjórnarmaður Dagsprents hf.
Sem fulltrúi í stjórn Fréttablaðsins ehf.
Sem stjórnarmaður í ÍP-prenþjónustu.

**KARL ÞÓR SIGURÐSSON**
Sem stjórnarmaður í Nota bene hf.

**ÓMAR GEIR ÞORGEIRSSON**
Sem stjórnarmaður í Markhúsinu-Markaðsstofu ehf.

**SIGURÐUR RAGNARSSON**
Sem framkvæmdastjóri Visis.is ehf.

**ÓLAFUR HAUKUR MAGNÚSSON**
Sem framkvæmdastjóri ÍP-prentþjónustu.

**VALDIMAR GRÍMSSON**
Sem framkvæmdastjóri Póstflutninga ehf.

**SVERRIR VIÐAR HAUKSSON**
Sem framkvæmdastjóri Markhússins-markaðsstofu ehf.

**Umboðssvik - ólögleg millifærsla peninga á milli reikninga Visis.is ehf. og Fréttablaðsins ehf.**

**EYJÓLFUR SVEINSSON**
Sem stjórnarformaður og stjórnandi Visis. is ehf.

**SVAVAR ÁSBJÖRNSSON**
Sem fjármálastjóri Visis.is ehf.



**LÖGMENN RÆÐA SAMAN Í DÓMSAL** Vitnaleiðslum í máli ríkislögreglustjóra gegn tíu einstaklingum sem sakaðir eru um að bera ábyrgð á vanskilum fyrirtækja á opinberum gjöldum og brotum á lögum um virðisaukaskatt, árin 2000 til 2002, lauk í gær. Lögmenn sakborninga í málinu eru óánægðir með rannsókn málsins. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

# Rannsóknin gagnrýnd

**Vitnaleiðslum í máli ríkislögreglustjóra gegn einstaklingum sem taldir eru bera ábyrgð á brotum á lögum um opinber gjöld og virðisaukaskatt lauk í gær. Lögmenn deila hart á ríkislögreglustjóra.**

**DÓMSMÁL** Deilt hefur verið um það hverjir beri ábyrgð á brotum á reglum um opinber gjöld og reglum um virðisaukaskatt í máli ríkislögreglustjóra gegn tíu einstaklingum er tengdust fyrirtækjum Frjálsrar fjölmiðlunar, sem nú er gjaldþrota.

Halldór Jónsson, lögmaður Eyjólfs Sveinssonar, sem ákærður er í málinu, og stundakennari í fjármuna- og félagarétti við Háskóla Íslands, gagnrýnir Jón H. B. Snorrason nokkuð fyrir óvönduð vinnubrögð við rannsókn málsins.

Halldór segir undarlegt hvers vegna þáttur allra stjórnarmanna í fyrirtækjunum er ekki rannsakaður betur, en í nokkrum ákærum eru meðstjórnendur ákærðir án þess þó að allir stjórnarmenn fyrirtækjanna séu ákærðir. „Það hefur ekki verið gerð nein tilraun til þess í þessu máli að meta nákvæmlega þátt stjórnarmanna í þeim fyrirtækjum sem ekki stóðu í skilum á réttum tíma. Það virðast vera valdir menn úr stjórnum fyrirtækjanna sem gerðir eru ábyrgir fyrir þessum brotum. Í þessu tilfelli hefði mátt vanda betur til verka.“

Jón H. B. Snorrason, yfirmaður efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, segir það metið í hverju máli hvort ástæða sé til þess að ákæra alla stjórnarmenn, en nokkrir lögmenn sakborninga í þessu máli hafa gagnrýnt vinnulag við rannsókn málsins og sagt hana ekki nægilega faglega.

Jón vísar slíkri gagnrýni á bug og segir ekkert athugavert við það vinnulag sem viðhaft var við rannsókn þessa máls. „Þeir sem koma að stjórnun fyrirtækjanna á þeim tíma sem vanskilin eru, það eru þeir sem bera ábyrgð. Það er metið út frá gögnum, sem aflað er á meðan rannsókn málsins stendur, hverjir það eru sem teljast til virkra stjórnarmanna á þeim tíma sem brotin eru framin. Aðeins þeir eru ákærðir.“

Áslaug Björgvinsdóttir, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík, segir nauðsynlegt fyrir ákæruvaldið að fara nákvæmlega í gegnum þátt hvers og eins stjórnarmanns, í málum eins og þessum. „Það sem til grundvallar liggur er að það er ekki um að ræða heildarábyrgð stjórnar, í tilfellum eins og þessum, heldur verður að sanna sök hvers og eins stjórnarmanns. Það þarf því að sýna fram á sök þeirra sem grunaðir eru um saknæmt hátterni við stjórnarstörf. Meðstjórnendur eru ekki undir minni skyldum heldur en stjórnarformenn, þó ýmis verkefni falli frekar á þá.“

Málflutningur lögmanna í málinu fer fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag.

magnush@frettabladid.is





Breyting frá Arctic Trucks

Rúmgóður og áreiðanlegur vinnuþjarkur sem hefur sýnt og sannað að hann á heima á Íslandi. Nissan Patrol er einfaldlega alvöru jeppi fyrir alvöru fólk!

Líttu inn og sjáðu alvöru jeppa!

Verðið á Nissan Patrol er frá 3.990.000 kr.

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mán – fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16


Kjaradeila slökkviliðsmanna:

# Mótmæla seinagangi

**KJARAMÁL** Slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn fjölmenntu fyrir utan hús Sambands íslenskra sveitarfélaga í gær og sýndu í verki óánægju með þann seinagang sem verið hefur í kjaraviðræðum þeirra við Launanefnd sveitarfélaga.

Hefur þegar verið boðað til atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun meðal félagsmanna sem sótt hafa hvern fundinn á fætur öðrum frá nóvember síðastliðnum án árangurs en verði verkfall samþykkt skellur það á þann 20. mars. Nýr fundur hefur verið boðaður í dag. ■

Þorgerður á Indlandi:

# Hitti Singh forsætisráðherra

**UTANRÍKISMÁL** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, staðgengill utanríkisráðherra í opinberri heimsókn til Indlands, hélt fund með Manmohan Singh, forsætisráðherra Indlands í fyrradag.

Þar ræddu ráðherrarnir tvíhliða samskipti landanna, opnun sendráðs Íslands á Indlandi, og hugsanlegt indverskt sendiráð á Íslandi. Þá ræddu ráðherrarnir stöðu efnahagsmála á Indlandi, en Singh, sem er fyrrverandi fjármálaráðherra, er jafnan talinn vera höfundur þeirra umbóta sem urðu kveikjan að efnahagsuppsveiflu Indlands.

- shá

Varaformaður Kennarasambandsins segir forystuna og félagsmenn samstiga:

# Treystir á samning ráðherra

**MENNTAMÁL** Fyrsti fundur í verkefnastjórn menntamálaráðuneytisins og kennaraforystunnar hefur ekki farið fram. Kennaraforystan vill því ekki tjá sig frekar um óánægju kennara með forystu sína eftir að hún undirritaði tíu skrefa samkomulag við menntamálaráðuneytið um heildstætt endurmat á námi.

Elna Katrín Jónsdóttir, varaformaður Kennarasambandsins, ritar á vef þess að fjölmennur fundur kennara á laugardaginn endurspegli miklar áhyggjur þeirra af áformum stjórnvalda um að stytta námstíma til stúdentsprófs um eitt ár.



**ELNA KATRÍN JÓNSDÓTTIR** Ágreiningurinn snýst um leiðir og aðferðir.

„Ég lít svo á að ágreiningur sá sem veldur gagnrýni á forystu kennara þessa dagana snúist um leiðir og aðferðir en ekki um það að forystan og félagsmennirnir standi ekki saman um markaða stefnu bæði Félags framhaldsskólakennara og Kennarasambands Íslands,“ er haft eftir Elnu á vefnum: „Ég vil ekki að óreyndu ætla að menntamálaráðherra sé ekki alvara með efnisatriðum samkomulagsins meðal annars um að ganga til viðræðna um verkefni sem stefna að sveigjanlegra skólakerfi á grundvelli heildarendurskoðunar á námi og breyttrar námsskipunar skólastiganna eins og segir orðrétt í samkomulaginu“.

- gag



**KULDI Í KÍNA** Heimilislaus Pekingbúi hjúfrar sig saman á götu í Peking í gær, er hitastigið féll niður fyrir frostmark. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**SKRIÐDREKI OG MOSKA** Íraskir hermenn í skriðdreka aka fram hjá súnní-moskunni al-Nidda í Bagdad. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óeirðirnar í Írak:

# Mannskæðar sprengingar

**ÍRAK, AP** Þrjár sprengjur sprungu í Bagdad í gærmorgun, með þeim afleiðingum að 17 manns dóu og 48 særðust. Minnst 68 manns létu lífið í fjölda sprengjuárása bæði á moskur súnní-araba og sjía-múslima víða um Bagdad á þriðjudag, og á annað hundrað særðust.

Yfirvöld sögðu árásirnar vera hluta af óeirðum sem hófust á miðvikudag í síðustu viku þegar Gullna moskan í Samarra var sprengd. Að sögn yfirvalda hafa nú yfir 400 manns látið lífið í óeirðunum sem óttast er að marki upphafið að borgarastyrjöld.

Jafnframt voru tveir breskir hermenn, og einn bandarískur, drepnir í sprengjuárásum á ólíkum stöðum í Írak.

George W. Bush Bandaríkjaforseti segir að Írakar verði nú að velja á milli „glundroða eða einingar“. ■

Sænsk rannsókn:

# Tíundi hver Svíi áreittur

**SVÍÞJÓÐ** Tíundi hver Svíi verður fyrir alvarlegu áreiti einhvern tíman á lífsleiðinni, samkvæmt rannsókn sænskrar stofnunar sem blaðið Dagens Nyheter greinir frá.

Áreitið er með ýmsu móti en oftast er um ítrekaðar símhringingar að ræða, bréf eða sms skilaboð. Ofbeldi og hótanir um ofbeldi eru algeng í þessu sambandi. Í flestum tilfellum verða konur fyrir áreiti af þessum toga og yfirleitt þekkja þær þann sem áreitir þær. Rannsóknin leiðir jafnframt í ljós að því betur sem konurnar þekkja þann sem áreitið stundar, þeim mun grófara er áreitið.

Sjaldgæft er að áreiti sem þetta sé kært til lögreglu. ■

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Hraðakstur í Hafnarfirði** Lögregla í Hafnarfirði hafði afskipti af 24 ökumönnum sem stigu full harkalega á bensíngjöfina á leið um bæinn í fyrrakvöld.

**Sviptingar í Kópavogi** Hraðakstur var einnig vandamál í Kópavogi. Þar voru tveir ökumenn sviptir ökuskírteini sínu eftir að hafa verið mældir á nánast tvöföldum leyfilegum hraða á götum bæjarins.

www.toyota.is




Meiri Corolla – sama verð

Nú færðu í takmarkaðan tíma meiri Corolla fyrir sama verð. **Veglegur aukahlutapakki** gerir aksturinn enn ánægjulegri: álfelgur, vindskeið og skyggðar rúður fylgja öllum Corolla bifreiðum.

Corolla er einn vinsælasti bíll síðustu tveggja áratuga. Akstursegiginleikar, öryggi, sparneytni og lág bilanatíðni hafa skipað honum sérstakan sess í hugum Íslendinga.

**Á endanum velur þú Corolla.**

**150 þúsund króna aukahlutapakki fylgir öllum Corolla bifreiðum: álfelgur, vindskeið og skyggðar rúður.**

**Verð frá 1.685.000 kr.**

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyotasalurinn
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 421-4888

Toyotasalurinn
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000


Opnum
nýja
og
20% afsláttur
af öllum North Face
flíspeysum.
30% afsláttur
af öllum hjólum
SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

Nýja Útilífsbúðin
í Kringlunni
verður opnuð í dag

# glæsilega verslun í Kringlunni

**20% afsláttur**

af USA Pro nýju línunni
(vor 2006)




**20% afsláttur**

af NIKE lykin III barna götuskóm.




**ÚTILÍF**

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS UTI 31411 03/2006

## „ORÐRÉTT“

*Og hver kennir þá hverjum?*

**„Ljóst er að þekking ungra lækna á ýmsum tæknibáttum er mun meiri en sumra eldri sérfræðinga.“**

BJARNI ÞÓR EYVINDSSON, FORMAÐUR FÉLAGS UNGRA LÆKNA, Í FRÉTTABLAÐINU.

*Kannski gamli en....*

**„Nú er þetta sem sagt bara gamli góði Skeljungur.“**

PÁLMI HARALDSSON FJÁRFESTIR Í MORGUNBLAÐINU UM KAUP SÍN Á SKELJUNGI.

*nær og fjær*
**tilveran**

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? KOLBRÚN BJÖRNSDÓTTIR FRÉTTAMAÐUR

# Best að hafa mikið að gera



„Það er allt frábært að frétta,“ segir Kolbrún Björnsdóttir sem er með þrjú börn í Smáralindinni í öskudagsleiðangri þegar blaðamaður slær á þráðinn. Það er feikinóg að gerast hjá Kolbrúnu um þessar mundir en hún er á þriðja ári í stjórnmálafræði ásamt því að vera fréttamaður hjá Ríkisútvarpinu í hlutastarfi. „Námið er frábært og sérstaklega skemmtilegt fólk með mér en við erum nokkur sem höfum haldið hópinn gegnum árin.“

Kolbrún hóf störf á fréttastofu Ríkisútvarpsins í nóvember eftir að hafa þreytt fréttamannapróf og kann mjög vel við sig á þeim vinnustað. Aðspurð hvernig gangi að samræma vinnu með skóla og fjölskyldulífi segir Kolbrún að það gangi vel. Hún er í hlutastarfi hjá Ríkisútvarpinu og misjafnt hve vaktirnar eru miklar á hverjum tíma. Kolbrún er tveggja barna móðir og segir lífið ganga sérstaklega vel þar sem hún eigi frábæran mann sem tekur þátt í öllu og meira til. „Þetta hljómar eins og það sé afskaplega mikið að gera en raunin er sú þegar er mikið að gera þá skipuleggur maður sig betur og verður meira úr verki.“

Það gefst skiljanlega ekki mikill tími til að sinna áhugamálum með svona þétta dagskrá en Kolbrún segist þó alltaf vera á leiðinni að bæta golfkunnáttuna. Hún hefur þegar farið á tvö golfnámskeið en allir fjölskyldumeðlimir eru smitaðir af golfbakteríunni og eiga nú sitt golfsett í geymslunni.

Næst á dagskrá hjá Kolbrúnu er að fylgjast með dóttur sinni keppa á hundasýningu um helgina í flokknum ungir sýnendur. „Það er mikil tilhlökkun í gangi enda hefur hún lengi beðið eftir að ná aldri til að keppa,“ segir Kolbrún. Að öðru leyti fer helgin í afslöppun með fjölskyldunni heima fyrir að sögn Kolbrúnar sem kveður blaðamann á leið með börnin í bíó.

## SJÓNARHÓLL

LANDSLEIKUR ÍSLANDS OG TRÍNIDAD OG TÓBAGÓ



GUÐBJÖRN ÆVARSSON FORMAÐUR MANCHESTER UNITED-KLÚBBSINS Á ÍSLANDI

### *Hvar var brosið?*

„Þetta var ekki skemmtilegt,“ segir Guðbjörn Ævarsson, knattspyrnuáhugamaður og formaður Stuðningsmannaklúbbs Manchester United á Íslandi, um landsleik Íslands og Trínidad og Tóbagó á þriðjudagskvöld. „Og hvar var brosið,“ spyr hann. „Það má taka tillit til þess að þetta var fyrsti leikur Eyjólfs og mörkin voru ódýr en hvers vegna höfðu menn ekki gaman af þessu?“ Og til að klikkja út segir hann: „Þetta var eins og að vera í vangadansi við ömmu sína, það var skelfilegt að horfa á þetta.“

Guðbjörn vonar að Eyjólfur hressist og liðið leiki betur í framtíðinni en áréttar þá skoðun sína að ánægja leikmanna sé grundvöllur þess. „Það er lágmark að menn hafi gaman af þessu og svo er hægt að fara að tala um árangur,“ segir hann.

# Hjól- og fellihýsi keypt af kappi

**Sala á hjól- og fellihýsum hefur farið vel af stað þetta árið. Seljendur eru himinlifandi og segja stefna í metsölu. Sumir kaupa sér nýtt hjól- eða fellihýsi á hverju ári.**



**LÚXUS Á HJÓLUM** Gunnlaugur Ingibergsson hjá Seglagerðinni Ægi hefur selt tugi hjól- og fellihýsa það sem af er ári. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Það er gríðarleg sala hjá okkur,“ segja Sveinbjörn Árnason, framkvæmdastjóri Evró sem hefur lengi haft sterka stöðu á hjól- og fellihýsamarkaðnum. Gunnlagur Ingibergsson hjá Seglagerðinni Ægi, sem einnig er stór á markaðnum, tekur undir orð hans. „Salan er löngu hafin og við höfum selt tugi hjól- og fellihýsa það sem af er ári.“

Kaup á lúxus á borð við hjól- og fellihýsi er einn af púlsmælunum á efnahagsástandi þjóðarinnar og samkvæmt honum eru horfurnar góðar. Sveinbjörn og Gunnlaugur eru sammála um að ekki votti fyrir áhyggjum af niðursveiflu. „Salan hefur aukist frá í fyrra,“ segir Sveinbjörn og bætir við að það stefni í metsölu þetta árið.

Sveinbjörn á að baki fimmtán ár í bransanum og segir að áður fyrr hafi fellihýsasalan byrjað 1. apríl. Nú hefjist hún strax í janúar.

Fellihýsi eru af ýmsum stærðum og gerðum og kosta frá tæpri milljón upp í næstum tvær. Hjólhýsi er einnig hægt að fá í ýmsum verðflokkum og kosta þau ódýrustu um eina og hálfa milljón en þau dýrustu um 3,5 milljónir. Allur gangur er á hvort fólk staðgreiðir hýsin eða kýs að taka lán, hliðstæð bílalánum. Er þá fjórðungur kaupverðs greiddur út og afgangurinn á sjö árum.

Gunnlaugur hjá Seglagerðinni Ægi segir hjól- og fellihýsi vera að taka yfir útilegumarkaðinn. „Fólk hefur áttað sig á að þetta er málið. Það eru fáir í tjöldum nú til dags og þá helst útlendingar og unglingar.“ Þá segist hann merkja ákveðna pressu á fólki að eiga hjól- eða fellihýsi.

Og eins og með annað endurnýja sumir búnaðinn sinn reglulega. „Sumir skipta á árs eða tveggja ára fresti eins og með bíla. Þá eru sumir það nýjungagjarnir að þegar eitthvað nýtt kemur á markaðinn þá kaupa þeir það.“

Ekki er gott að segja nákvæmlega til um hversu mörg hjól- og fellihýsi eru til á Íslandi en samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar voru rétt tæplega tíu þúsund slík hýsi skráð árið 2004 og hafði þeim fjölgað um sjö þúsund á tíu árum.

bjorn@frettabladid.is







**ENDURVINNSLUGÁMUR** Áætlað er að 3.000 tonn af pappaumbúðum falli til árlega á heimilum á höfuðborgarsvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

# Pappírsumbúðirnar í endurvinnslugáma

Frá og með gærdeginum er hægt að skila umbúðum úr pappa í þar til gerða gáma á endurvinnslustöðvum Sorpu eða í hverfum borgarinnar. Mikið magn pappaumbúða berst inn á og frá heimilum flestra og eru umbúðir utan af morgunkorni og þvottaefni hvað algengastar.

Sérstakt úrvinnslugjald sem lagt var á með lögum um síðustu áramót gerir Sorpu mögulegt að taka á móti umbúðunum en fram til þessa hefur ekki borgað sig að endurvinna pappaumbúðir.

Áætlað er að árlega falli til um 3.000 tonn af pappírsumbúðum á heimilum á höfuðborgarsvæðinu.

Pappinn verður baggaður og fluttur til Svíþjóðar til endurvinnslu. Búið er til karton úr pappanum og það selt víðs vegar um heiminn til umbúðagerðar, meðal annars til Íslands. Ekki er því ólíklegt að Cheerios pakki sem settur er til endurvinnslu berist inn á sama heimili á nýjan leik í formi annars konar umbúða.




Pappaumbúðirnar má setja í sömu endurvinnslugáma og fernur.

Fegurðarsamkeppni Vestfjarða:

# Slegin af vegna áhugaleysis

Ekki verður haldin fegurðarsamkeppni á Vestfjörðum þetta árið þar sem lítill áhugi reyndist meðal vestfirskra stúlkna á þátttöku.

Undanfarin ár hefur keppnin verið haldin annað hvert ár og fór síðast fram fyrir tveimur árum. Þá var mikill áhugi og reyndu níu stúlkur með sér í hefðbundinni keppni um útlit, limaburð og innræti.

Aðeins skráðu tvær stúlkur sig til leiks að þessu sinni og þótti ekki ástæða til að efna til keppni þeirra á milli um hvor væri fegurri. Í gegnum árin hafa sigurvegarar Fegurðarsamkeppni Vestfjarða tekið þátt í keppninni um Ungfrú Ísland sem haldin verður á Broadway á vordögum. - bþs



**FEGURÐ** Kóróna og sproti fylgja sigrum í fegurðarsamkeppnum.

Tilboð í viku 9 gilda til sunnudags
5. mars eða á meðan birgðir endast

# Þetta allt í Bónus!

Reyktur lax í heilum flökum og í bitum

EKKERT BRUÐL

REYKTUR BÚKONULAX **998** kg KR. Í BITUM EÐA FLÖKUM

SÆT/SÚR KÍNASÓSA **98** KR. 500g

KAFFI REGULAR **149** KR. 500g

RÍSKÖKUR **59** KR. 100 grömm

13 KRUÐUR **59** KR. 100 grömm

**Kíktu á verðið** EKKERT BRUÐL -það borgar sig!

BAKAÐAR BAUNIR **29** KR. 420 grömm

TEKEX **39** KR. 200 grömm

**Allar EUROSHOPPER rafhlöður - eitt verð!**

ALKALINE 9V **259** KR. 2 í pk.

SNEIDDUR 17% GOUDAOSTUR **930** kg KR. MERKT VERÐ 1163 KR.

SNEIDDUR 26% GOUDAOSTUR **981** KR. MERKT VERÐ 1226 KR.

**20%** afsláttur við kassann

BÓMULLARSKÍFUR **59** KR. 80 STYKKI

EYRNAPINNAR **59** KR. 200 STYKKI

# Línuýsa

LÍNUÝSA **599** kg KR. FRÁ NORÐANFISKI

ROÐLAUS-BEINLAUS-FROSIN

# Lúðusteik

FROSNIR LÚÐUBITAR **999** kg KR.

NF lúðusteikin komin aftur!

SALAMI PITSA **89** KR. 350g

# Bónus býður betur!

EKKERT BRUÐL

**Kíktu á verðið - það MARG borgar sig!**

KÍLÓPAKKNINGAR

BROKKOLÍ/BROKKOLÍBLANDA **198** KR. kílóið

HVERSDAGSVERÐ Á EUROSHOPPER VÖRUM

www.bonus.is

ERAN/Landlist

## Svona erum við

Heildarloðnuafli íslenskra skipa.




Heimild: 1966-1996, Hagstofa Íslands. 2006, Fiskistofa.

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

FBL-GREINING: NÝTING ORKUAUÐLINDA Á ÍSLANDI

# *Hægt að nýta jarðhita enn betur*

**Hvers vegna er nýting náttúruauðlinda á Íslandi umdeild?**
Auðlindir Íslands eru mikilvægur þáttur í sköpun atvinnutækifæra hér á landi en fáar þjóðir í Evrópu búa yfir jafnmikilli orku á sviði jarðhita og vatnsafls, og Ísland. Auk fengsælla fiskimiða er nýting náttúruauðlinda hér á landi mikilvægur þáttur í lífi Íslendinga. Ekki eru þó allir landsmenn á eitt sáttir um nýtingu þessara auðlinda. Sérstaklega togast þar á sjónarmið þeirra sem vilja virkja og selja raforku til stóriðju annars vegar, og svo þeirra sem vilja varðveita íslenska náttúru fyrir hvers kyns raski. Sérstaklega vilja þeir sem aðhyllast seinni kostinn að íslensk náttúra verði betur nýtt til ferðaþjónustu, en þrátt fyrir mikinn vöxt í þeirri atvinnugrein á síðustu árum telja margir að hægt sé að nýta einstaka íslenska náttúru enn frekar í þágu ferðaþjónustunnar.


FRÉTTABLAÐIÐ/HARPA

Íslensk stjórnvöld hafa á undanförnum árum beitt sér fyrir aukinni nýtingu á vatnsafli til þess að byggja upp orkufrekan iðnað. Erlend stórfyrirtæki í áliðnaði hafi því skotið hér rótum og í framtíðinni, þegar uppbyggingu álvera hér á landi er lokið, má búast við því að Ísland verði einn mesti framleiðandi áls í heimi.

**Er hægt að nýta jarðhita betur?**
Hitaveitur víða um land sjá 80% af íslensku þjóðinni fyrir heitu vatni til notkunar á heimilum og í fyrirtækjum. Þá er hitinn einnig nýttur til ræktunar grænmetis og gróðurs í gróðurhúsum víða um land. Ýmsar erlendar tegundir ávaxta og grænmetis, t.d tómatar og gúrkur, eru í sífellt meira mæli ræktaðar hér á landi. Þá er jarðvarmi einnig nýttur við fiskeldi, en fiskeldi er töluvert stór atvinnugrein hér á landi.

Gríðarlega mikill jarðhiti er ónýttur í jörðu niðri og hafa margsinnis komið fram hugmyndir um að nýta hann betur til atvinnusköpunar. Hugsanlegt er að jarðhiti verði notaður í sífellt meira mæli sem orkugjafi fyrir orkufrekan iðnað í framtíðinni.

## SPURT & SVARAÐ

FRIÐARVERÐLAUN

### *Dýrmætt tækifæri*


KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR

Hugmyndir Yoko Ono um alþjóðlega friðarviku í nafni Johns Lennon hafa vakið mikla athygli hérlendis. Kolbrún Halldórsdóttir þingkona hefur verið með fingurinn á púlsinum í íslensku menningarlífi um árabil.

**Hvaða þýðingu hefur þetta fyrir íslenskt menningarlíf?** Ég held að þetta geti haft mjög jákvæða þýðingu. Svona stór nöfn í alþjóðlega menningarheiminum eru í auknum mæli að sýna Íslandi áhuga og ég lít á það sem viðurkenningu fyrir það sem við stöndum fyrir í menningarlegu tilliti.

**Hvað má það kosta að þínu mati að fylgja þessum hugmyndum eftir?** Það má kosta talsverða fjármuni að koma svona hlutum heilum í höfn. Tækifærið sem um ræðir er svo dýrmætt. Gleymum því heldur ekki að suma hluti getum við ekki metið til fjár. Kannski er þetta einn þeirra.

**Hverjir eiga að koma að skipulagningu viðburðar eins og þessa?** Reykjavík sem sveitarfélag hefur þarna ákveðna forgöngu. Ég hvet borgarstjórn til að fara strax í samtal við þá sem starfa á sviði lista og menningar í borginni og leita eftir hugmyndum þeirra.

# Samfélagsverðlaunin afhent í dag

**Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, afhendir Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins síðdegis í dag en þetta er í fyrsta sinn sem verðlaunin eru afhent. Þau eiga að draga fram það góða í samfélaginu.**

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða afhent í fyrsta sinn í dag. Hátt í 300 tilnefningar til verðlaunanna bárust frá almenningi. Veitt verða verðlaun í fimm flokkum, auk aðalverðlaunanna sjálfra Samfélagsverðlaunanna, sem Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, afhendir.

Steinunn Stefánsdóttir, formaður dómnefndar, segir að þátttaka almennings hafi verið framar öllum væntingum. „Þetta er í fyrsta skipti sem við veitum þessi verðlaun og því átti ég ekki von á svona mikilli þátttöku,“ segir hún.

Dómnefndin átti úr vöndu að ráða að velja úr þessum mikla fjölda tilnefninga og segir Steinunn að hún hafi í sumum tilvikum viljað tilnefna tíu eða fleiri, til dæmis í Hvunndagshetjuflokknum.

Steinunn segir að dómnefndin hafi reynt að hafa það að leiðarljósi sem lagt hafi verið upp með, að veita samfélagsverðlaun og draga þar með fram það sem vel er gert og gott í samfélaginu því að alls staðar sé verið að gera eitthvað gott.

„Við viljum líka benda samborgurum okkar á allan þann fjölda fólks sem lætur gott af sér leiða á margvíslegan hátt og er með því öðrum til eftirbreytni. Tilgangurinn er þannig að breiða út ákveðinn boðskap. Við getum öll, hvert á sinn hátt, gert eitthvað gott fyrir samfélagið.“


**ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, afhendir Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins síðdegis í dag og er það mikill heiður, bæði fyrir Fréttablaðið og þann sem verðlaunin hlýtur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


**STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR** „Við getum öll, hvert á sinn hátt, gert eitthvað gott fyrir samfélagið,“ segir Steinunn Stefánsdóttir, formaður dómnefndar. Hátt í 300 tilnefningar bárust frá almenningi og var því úr vöndu að ráða. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Steinunn segir að tilgangurinn sé líka sá að leita uppi góðar og fallegar sögur. „Fjölmiðlum er oft legið á hálsi að segja helst frá því sem er ljótt og leiðinlegt í samfélaginu og því viljum við nota tækifærið og segja frá því sem er gott og fallegt,“ segir hún.

Samfélagsverðlaunin eru peningaverðlaun, ein milljón króna. Aðrir verðlaunahafar fá ferða- og tölvuverðlaun. **- ghs**

## TILNEFNINGAR TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNANNA 2005

■ HVUNNDAGSHETJA

**BELINDA EIR ENGILBERTSDÓTTIR** Meðlimur í björgunarsveit á Akranesi. Bjargaði manni sem hafði verið sparkað í barkakýlið á í Vestmannaeyjum sumarið 2005.

**FREYJA HARALDSDÓTTIR** Sýndi mikinn dugnað með því að ljúka stúdentsprófi á þremur og hálfu ári. Er einnig með metnaðarfull framtíðarplön.

**GUÐBJÖRN MAGNÚSSON** Hefur gefið blóð nálægt 150 sinnum og hefur enginn Íslendingur oftar gefið blóð en hann.

**JÚLÍUS JÚLÍUSSON** Kraftmikill og drífandi maður sem fær margar hugmyndir og hikar ekki við að hrinda þeim í framkvæmd. Má þar nefna Fiskidaginn mikla á Dalvík.

**STEFÁN PEDERSEN** Hefur mörg undanfarin ár komið á dvalarheimili aldraðra á Sauðárkróki og stytt heimilisfólki stundir, oftast með upplestri á kvöldin.

■ UNG HETJA

**BJARKI JÓHANNSSON** Brenndist alvarlega í nóvember 2005 og lá á sjúkrahúsi mánuðum saman. Kom þá fram í fjölmiðlum og varaði börn og unglinga við að leika sér að eldi.

**DAGBJÖRT LILJA KRISTJÁNSDÓTTIR UNNUR ANDREA SÆVARSDÓTTIR** Vinkonur sem brugðust rétt við þegar brjóstsykurmoli festist í hálsi bróður Unnar.

**GYLFI BRAGI GUÐLAUGSSON** Blaðberi sem varð snemma morguns var við eld í íbúðarhúsi við Stigahlíð og hringdi á Neyðarlínuna.

■ UPPFRÆÐARI ÁRSINS

**ARNBJÖRG EIÐSDÓTTIR** Einstaklega metnaðarfullur grunnskólakennari og námsefnishöfundur.

**GUÐMUNDUR PÁLL ÓLAFSSON** Tilnefndur fyrir metnað við útgáfu sérlega fræðandi bóka um náttúru Íslands, síðast Fugla í náttúru Íslands sem kom út á síðasta ári.

**MARGRÉT PÁLA ÓLAFSDÓTTIR** Höfundur Hjallastefnunnar sem miðar að jafnréttisuppeldi. Stefnunni var fyrst hrint í framkvæmd í leikskólum en nú starfar einnig grunnskóli í anda hennar.

**ÞRÁINN HAFSTEINSSON OG ÞÓRDÍS LILJA GÍSLADÓTTIR** Standa fyrir framúrskarandi frjálsíþróttastarfi meðal unglinga í ÍR og hafa haldið einstaklega vel utan um hópinn.

**ÖSSUR GEIRSSON** Hefur sinnt metnaðarfullu starfi með Skólahljómsveit Kópavogs í tólf ár. Árið 2005 varð elsti hópurinn í fyrsta sæti í hljómsveitarkeppni í Gautaborg í Svíþjóð þar sem hljómsveitir frá allri Evrópu kepptu.

■ FÉLAGASAMTÖK SEM HAFA SINNT BÖRNUM AF SÉRSTÖKUM METNAÐI OG ALÚÐ

**BLÁTT ÁFRAM - FORVARNAVERKEFNI UMFÍ GEGN KYNFERÐISLEGU OFBELDI** Systurnar Svava og Sigríður Björnsdætur hafa unnið einstaklega óeigingjarnt og ötult forvarnastarf gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum.

**REGNBOGABÖRN** Hafa lagt mikið af mörkum til að opna umræðuna um einelti og stutt við marga sem hafa orðið fyrir barðinu á því.

**SKÁKFÉLAGIÐ HRÓKURINN** Hefur unnið umfangsmikið útbreiðslustarf á skákkunnáttu meðal barna bæði hér heima og erlendis.

■ TIL ATLÖGU GEGN FORDÓMUM

**COMPETO - JAFNINGJAFRÆÐSLA HAFNARFJARÐAR** Byggir á hugmyndafræðinni um að ungur fræði ungan. Competo hefur vakið marga unga Hafnfirðinga til umhugsunar um fordóma.

**TOSHIKI TOMA** Prestur innflytjenda sem hefur unnið óeigingjarnt starf við að bæta íslenskt samfélag með því að benda á fordóma og koma með nýja vinkla inn í umræðu, bæði um innflytjendamál og trúmál.

**V-DAGS SAMTÖKIN** V-dagurinn hefur vakið mikla athygli og beint sjónum bæði karla og kvenna að kynbundnu ofbeldi.

■ SAMFÉLAGSVERÐLAUNIN

**BYRGIÐ LÍKNARFÉLAG** Hefur veitt mörgum alkóhólista skjól og líkn og sýnt mjög góðan árangur í meðferðarstarfi.

**FORMA - SAMTÖK ÁTRÖSKUNARSJÚKLINGA Á ÍSLANDI** Hafa sýnt óvenjulegan dugnað og eljusemi í baráttu sinni gegn átröskunarsjúkdómum og hjálp við þá sem glíma við sjúkdóminn og aðstandendur þeirra.

**GEÐHJÁLP** Stöðugt vaxandi starfsemi til stuðnings fólki með geðsjúkdóma og aðstandenda þeirra.

**KONUKOT - NÆTURATHVARF FYRIR HEIMILISLAUSAR KONUR** Reykjavíkurdeild Rauða krossins hefur byggt upp góða aðstöðu fyrir konur sem ekkert annað heimili eiga.

**ÓMAR RAGNARSSON** Fáir einstaklingar hafa lagt meira af mörkum við að kynna hálendi Íslands fyrir landsmönnum. Kynning hans hefur vakið áhuga margra fyrir því að upplifa sjálfir þá fegurð sem þar er að finna.

OPIÐ HÚS HJÁ SVFR
Föstudaginn 3. mars
Dagskrá:
1. Vegna fjölda áskorana endursýnum við hina 50 ára gömlu veiðikvikmynd með Jóhannesi á Borg o.fl.
2. Veiðistaðalýsing - Norðlingafljót
3. Kynning á nýjungum í veiðivörum - Vesturröst
4. Stórbrotnar veiðisögur
5. Myndagetraun
6. Happahylurinn gjöfuli - í boði Vesturrastar
ALLIR VELKOMNIR - HÚSIÐ OPNAR KL. 20.00
SVFR

vísir
NFS ER Á VISIR.IS
Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar
NFS



# SPENNANDI

## NÁMSKEIÐ Á NÆSTUNNI

## SKRIFSTOFU- & TÖLVUNÁM

Í átta ár hefur NTV boðið upp á Skrifstofu- og tölvunám. Á þessum árum hefur námskeiðið þróast mikið, áherslur þess breyst í takti við tímann og vinnumarkaðinn. Það er samdóma álit þeirra sem ljúka náminu að það sé krefjandi en umfram allt uppbyggilegt, styrkjandi og skemmtilegt.

**Námið er 258 stundir og skiptist í:**

***Tölvunám*** *- 96 stundir*

- Windows stýrikerfið
- Word ritvinnsla
- Excel töflureiknir
- Power Point kynningarefni
- Access gagnagrunnur
- Internetið & Tölvupóstur

Í tölvuhlutanum er lögð áhersla á þau forrit sem nemandi þarf að kunna á til að öðlast TÖK-skírteini sem er alþjóðleg viðurkenning á tölvukunnáttu hans. NTV er eini skólinn þar sem öll 7 TÖK prófin og alþjóðlegt prófskírteini er innifalið í náminu.

***Viðskiptagreinar*** *- 108 stundir*

- Verslunarreikningur
- Bókhald
- Tölvubókhald Navision MBS®

Kenndur er sá hluti verslunarreiknings sem mest er notaður á skrifstofunni og tekin fyrir flest þau atriði sem þarf til að færa bókhald fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

***Sjálfsstyrking*** *- 30 stundir*

- Tímastjórnun og markmiðasetning
- Sölutækni og þjónusta
- Framsögn og framkoma
- Mannleg samskipti
- Streitustjórnun
- Atvinnuumsóknir

NTV leggur mikið upp úr því að ná fram því besta úr hverjum og einum nemanda. Það er ekki nóg að búa yfir þekkingu og hæfileikum. Nemandinn þarf einnig að þekkja styrk sinn og veikleika, kunna að stýra tíma sínum, setja sér skýr markmið og kunna að selja öðrum hugmyndir sínar og skoðanir.

***Lokaverkefni*** *- 24 stundir*

- Auglýsingatækni
- Markhópagreining
- Gerð birtingaráætlana
- Gagnvirk tenging forrita
- Flutningur lokaverkefnis

„Skemmtilegasti og erfiðasti hluti námsins" segja margir. Unnið er í 3-4 manna hópum að markaðssetningu á vöru eða þjónustu. Lokaverkefnisvinnan er skemmtileg, krefjandi og framsett á þann hátt að hún taki á flestum þáttum námskeiðsins.

- **Morgunnámskeið**
  Kennt er alla virka daga frá 8:30-12:30 frá 20. mars til 31. maí.

## KERFISSTJÓRINN

Námið er tvískipt og undirbýr nemendur fyrir 2 alþjóðleg próf, A+ prófið frá Comptia og MCP (Microsoft Certified Professional)

**Námið er 180 stundir og skiptist í:**

***Tölvuviðgerðir*** (20. mars til 24. apríl) *- 72 stundir*

Nemendur læra að uppfæra, bilanagreina og gera við tölvubúnað. Kennslan fer fram í fullkominni tölvuviðgerðarstofu NTV.

***MCP-XP netumsjón*** (4. sept. til 14. okt.) *- 108 stundir*

Nemendur öðlast færni og kunnáttu til að setja upp og hafa umsjón með tölvum sem keyra á Windows XP stýrikerfinu, öðlast víðtækan skilning á netkerfum og verða færir í að leysa vandamál sem að þeim snúa.

- **Kvöld og helgarnámskeið**
  Kennt er mánud., og miðvikud. frá 18-22 og laugard. frá 8:30-12:30.

## FJÁRMÁL & REKSTUR

Frábært námskeið fyrir þá sem vilja bæta við sig þekkingu í fjármálum og rekstri fyrirtækja. Inntökuskilyrði er grunnþekking á Excel töflureikni og almennum verslunarreikningi.

**Námið er 132 stundir og skiptist í:**

***Rekstrarfræði*** *- 54 stundir*

Farið er í grunnatriði rekstrarhagfræði, rekstur fyrirtækja, umhverfi þeirra, mismunandi rekstrarform, markmið og skipulag fyrirtækja.

***Fjármálastjórnun*** *- 48 stundir*

Kenndur er arðsemisútreikningur, fjallað er um ávöxtunarkröfur og aðferðir við að meta virði fjárfestinga, áætlunargerð fyrirtækja, greiðslu- og rekstraráætlanir og áætlaðan efnahag í árslok.

***Excel við fjármál og rekstur*** *- 30 stundir*

Nemendur eru þjálfaðir við notkun Excel í rekstri, einkum við gerð rekstraráætlana, notkun fjármálafalla og arðsemismats auk þess sem þeir leysa verkefni í rekstrarfræði og fjármálastjórnun.

- **Kvöld og helgarnámskeið - Hefst 4. apríl og lýkur 3. júní**
- **Morgunnámskeið - Hefst 18. apríl og lýkur 1. júní.**

**ntv.is**

**UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 544 4500 OG Á NTV.IS - Nýi tölvu- og viðskiptaskólinn - Hlíðasmára 9 - 201 Kópavogur**

## Útgjöldin

Verð á einu kílói af frystri rækju. Miðað við verðlag á öllu landinu í febrúar hvers árs.




Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** EGGERT SKÚLASON FRÉTTASTJÓRI

## *29 tommu risaskjár eru bestu kaupin*

„Ég held að verstu kaup sem ég hef gert var veiðileyfi í Hrútafjarðará. Ástæðan var sú að það rigndi í þrjá daga áður en ég kom. Ég gat ekki vitað að þetta voru slæm kaup fyrr en ég var mættur á staðinn og fellur kannski meira undir óheppni.“ Hvernig voru aðstæður? „Kakó! Ekkert hægt að veiða. Áin var samt lamin í klessu en það þýddi ekkert. En það má alltaf reyna,“ segir Eggert Skúlason fréttastjóri en eins og menn vita er hann mikill veiðiáhugamaður og hefur á undanförnum árum gert marga sjónvarpsþætti um stangveiði.



En Eggert hefur fleiri áhugamál en að veiða á stöng og þeirra helst er knattspyrna. Bestu kaup Eggerts koma þar við sögu. „Bestu kaup sem ég hef gert var 29 tommu sjónvarp rétt fyrir heimsmeistarakeppnina í fótbolta árið 2002. Ég átti lítið 20 tommu sjónvarp en fjárfesti í þessu sem mér fannst risaskjár og það var það gott að ég náði að horfa á leik að morgni. Svo fór ég út og þóttist vera að slá og gat horft á leik tvö inn um gluggann og fékk svo að horfa á leik þrjú um kvöldið, þannig að allir voru sáttir. Þetta eru bestu kaup sem ég hef gert, án alls efa.“

Eggert horfði á alla leikina í heimsmeistarakeppninni árið 2002 sem er persónulegt met, en hann stefnir á að slá það í sumar með því að horfa á endursýningarnar líka. Draumur hans er að komast út og sjá einn leik með eigin augum en honum finnst það ólíklegt. Hann efast um að hægt sé að fá miða núna.

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### KÓK Í SÓSUNA EF EKKI ER TIL RJÓMI Í ÍSSKÁPNUM

■ *Gyða Árnadóttir, dagmóðir á Akureyri, er ráðagóð húsmóðir og ófugt við marga er hún órög við að reyna ný ráð. Ef allt um þrýtur hringir hún í móður sína og eys úr viskubrunni hennar.*



GYÐA ÁRNADÓTTIR

Gyða segir að mamma hennar hafi bent henni á að setja slettu af kóki út í sósuna ef ekki væri til rjómi í ísskápnum. „Með þeim hætti verður sósan léttari, án þess að kókbragðið finnist í sósunni. Ef kókið er ekki búið er gráupplagt að hella afganginum í salernið og láta það vinna á óhreinindunum,“ segir Gyða.

■ **Hvað kostar... í leikhús**

## Verð misjafnt eftir eðli sýninga

Miði á almenna sýningu í Borgarleikhúsinu er dýrastur samanborið við Þjóðleikhúsið og Leikfélag Akureyrar. Í Borgarleikhúsinu kostar miðinn 2.900 krónur, hjá Þjóðleikhúsinu 2.700 krónur og 2.600 hjá Leikfélagi Akureyrar.

Mikill fjöldi tilboða er í boði hjá öllum leikhúsunum. Sérstakt verð er á miðum fyrir hópa, öryrkja og aldraða og svo börn.

Verð á söngleiki og það sem er skilgreint sem stórsýningar er hærra en miðar á almennar sýningar hjá öllum leikfélögunum. Borgarleikhúsið býður slíkar sýningar á 3.600 krónur, Þjóðleikhúsið á um 3.000 krónur eftir sýningum og Leikfélag Akureyrar á 3.500 krónur.



Þjóðleikhúsið býður upp á áskriftarkort þar sem fjórar sýningar eru á 6.500 krónur. Fimm sýningar á Stóra sviðinu eru á 10.500 krónur og sex sýningar á minni sviðunum kosta 10.500. Leikfélag Akureyrar býður upp á svokallað áskriftarkort sem veitir fjölbreyttan afslátt í samstarfi við ýmis fyrirtæki og önnur leikhús.

Tekið skal fram að þessi samanburður tekur ekki tillit til einstakra þátta verðmyndunar eða eðli sýninga.

■ **Verslun og þjónusta**

## Ný gjaldskrá Stjörnuports



Nýja bílastæðahúsið við Laugaveg 86 til 94 hefur hlotið nafnið Stjörnuport. Samkvæmt tilkynningu frá borgaryfirvöldum hefur nýting hússins verið góð frá því það opnaði í nóvember síðastliðnum. Gjald hefur ekki verið tekið fyrir stæðin til þessa en verðskrá hefur nú verið ákveðin. Í skammtímastæði kostar fyrsti klukkutíminn 80 krónur en síðan 10 krónur fyrir hverjar byrjaðar 12 mínútur. Langtímastæði verða leigð í neðsta kjallaranum og kosta þau 5.600 krónur á mánuði.

■ **Verslun og þjónusta**

## Ný tískuverslun á Laugavegi



Verslunin kvk opnar á Laugaveg 27 í dag. Í versluninni verða seld föt eftir íslensku fatahönnuðina Kolbrúnu Ýr Gunnarsdóttur og Írisi Eggertsdóttur, en þær eiga verslunina. Auk þess að selja föt verður skart selt í versluninni. Eins og nafn verslunarinnar gefur til kynna verður eingöngu seld tískuvara fyrir konur í búðinni. Í framtíðinni stefna þær Kolbrún Ýr og Íris að því að selja föt fyrir karlmenn í versluninni.




**GRÆNMETI OG ÁVEXTIR** Formaður Sambands garðyrkjubænda telur að niðurfelling tolla muni ekki hafa mikil áhrif á verð á tómötum og agúrkum hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tollar verða felldir niður af tómötum og agúrkum

**Tollar verða felldir niður á tómötum og gúrkum samkvæmt samningi um tvíhliðaviðskipti með landbúnaðarvörur milli Íslands og Evrópusambandsins sem var undirritaður á dögunum.**

Þórhallur Bjarnason, formaður Sambands garðyrkjubænda, gerir ekki ráð fyrir að þetta muni hafa mikil áhrif á verð á tómötum og gúrkum hér á landi þar sem þessar heimildir hafi ekki verið mikið notaðar. Árið 2002 gerðu stjórnvöld aðlögunarsamning við garðyrkjubændur um að fella niður rauntolla á tómata, gúrkur og paprikur en heimildirnar voru enn til staðar í lögunum.

Þessi nýi samningur er í skoðun hjá Sambandi garðyrkjubænda núna varðandi áhrif á greinina hér á landi. Hann telur að samningsstaða garðyrkjubænda muni að vissu leyti veikjast við afnám þessara tolla.

Þórhallur segir að það megi búast við meiri samkeppni þegar þessar heimildir séu farnar og garðyrkjubændur muni þurfa að kljást við aukinn innflutning. Einnig séu viðræður í gangi við Alþjóðaviðskiptastofnunina sem sömuleiðis miða að afnámi tolla og munu stuðla að aukningu í innflutningi á grænmeti.

Tækifæri skapast fyrir íslenska garðyrkjubændur í útflutningi á tómötum og gúrkum að mati Þórhalls sem segir þessa tolla hafa haldið aftur af garðyrkjubændum sem hafi hugað á útflutning gegnum tíðina. Í fréttatilkynningu frá landbúnaðar- og utanríkisráðuneytunum um þennan samning kemur fram að erlendir fjárfestar hafi sýnt sóknartækifærum fyrir útflutning á tómötum og agúrkum áhuga en forsenda fyrir þeim viðskiptum hafi verið að tollar falli niður á markaði Evrópusambandsins.

Samkvæmt könnun Neytendastofu á verðþróun á grænmeti sem birtist núna í lok janúar hefur verð á íslenskum tómötum lækkað um sex prósent og innfluttum tómötum um 15 prósent frá janúar 2005 til janúar 2006. Íslenskar agúrkur hafa hækkað um eitt prósent á sama tímabili en ekki reyndist unnt að mæla verðmun á innfluttum agúrkum vegna lítils framboðs.

- sdg

VILTU SKJÓL Á VERÖNDINA?



MARKISUR



www.markisur.com
Hrein Fjárfesting ehf
REX
Dalbraut 3, 105 Reykjavík · Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

**MATUR & NÆRING** HÓLMFRÍÐUR ÞORGEIRSDÓTTIR, MATVÆLA- OG NÆRINGARFRÆÐINGUR

## Skemmdur matur eða hollustuvara



Sala og neysla á þorramat nær hámarki á þessum tíma ársins og er ekki að merkja neina minnkun í neyslu síðustu ár. Engu að síður er hópi fólks alls ekki vel við þennan mat og telja þessa varðveisluaðferð gamaldags og óþarfa með öllu. En er það svo?

Vissulega er það gömul hefð að súrsa mat. Forfeður okkar brúkuðu þessa aðferð þar sem ekki var mikið um aðrar aðferðir til varðveislu matvæla. Það var ekki fyrr en undir lok 19. aldar sem salt var flutt til landsins sem einhverju nemur. Upp frá því fóru menn einnig að frysta matvæli og sjóða niður. Þrátt fyrir nýjar varðveisluaðferðir höldum við í þann forna sið að súrsa þannig að segja má að súrsun sé frekar orðin verkunaraðferð heldur en varðveisluaðferð. Við verkum súrmat til að ná fram ákveðnum eiginleikum vörunnar sem okkur líkar.

Ólíkt mörgum vinnsluaðferðum, þá eykst næringarlegt gildi súrmatarins við verkun. Verkunin byggist á því að soðin matvæli eru sett í skyrmysu í nokkra mánuði en við það lækkar sýrustigið sem hindrar fjölgun sjúkdómsvaldandi örvera. Mysan inniheldur steinefni og vítamín, svo sem kalk og B-vítamín sem síast inn í vöruna. Auk þess brýtur mjólkursýran niður kjöt, fitu og bein sem gerir vöruna auðmeltanlegri og næringarríkari.



Engu að síður eru sum súrsuð matvæli frekar feit í eðli sínu eins og bringukollar og lundabaggar. Erfitt gæti því reynst að kalla þær vörur hollar þó svo að þær séu næringarríkar. Blóðmör og lifrarpylsa eru orðnar mun fituminni vörur en áður og því hiklaust hægt að halda því fram að þar sé um að ræða virkilega hollan og góðan mat.

Súrmatur er hluti af íslenskri menningu sem mikilvægt er að halda við. Það gildir jafnt um þennan mat og annan að allt er gott í hófi.

www.mni.is



hagstæðustu heildarinnkaupin
nettó býður betur
Þú sparar 430 kr/kg
25% afsláttur við kassa
Verð nú 1319 kr/kg
Verð áður 1749 kr/kg
BK sérkryddað Helgarlamb
Þú sparar 480 kr/kg
50% afsláttur við kassa
Verð nú 489 kr/kg
Verð áður 969 kr/kg
BK Grísabógur
Þú sparar 200 kr/kg
395 kr.kg
Verð áður 595 kr/kg
Ísfugl kjúklingaleggir
99 kr/stk
Pepsi 2 ltr.
Þú sparar 100 kr/kg
199 kr.kg
Verð áður 299 kr/kg
Kjúklingavængir
Þú sparar 200 kr/kg
399 kr.kg
Verð áður 599 kr/kg
Kjúklingalæri
Þú sparar 639 kr/kg
40% afsláttur við kassa
Verð nú 959 kr/kg
Verð áður 1598 kr/kg
Bautabúrið rauðvínsslegin grísahnakki
1299 kr.pk.
Danskar kjúklingabringur
McCormick svartur pipar fylgir frítt með
Koníakslegnar grísalundir
hvergi betra verð!
99 kr/pk
Mola wc pappír 6 rúllur
2 tegundir
3 kg.
199 kr.pk
Booster þvottaefni 3 kg.
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 2. mars. til 5. mars. eða meðan birgðir endast.
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi
nettó

# Töfrar Ítalíu í Nóatúni

Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár



Sparaðu 300kr.

MÓA
KJÚKLINGABRINGUR
MAGNKAUP
2.195 kr. kg



UNGNAUTALUND ÚR KJÖTBORÐI
HEIL EÐA HÁLF
Sparaðu 1000 kr. 2.998 kr. kg



RAUÐVÍNSMARINERAÐ KÁLFAFILLET
ÚR KJÖTBORÐI
1.998 kr. kg



GALBANI OSTAR
EKTA ÍTALSKIR OSTAR
15% afsláttur



NÓATÚNS BLANDAÐ HAKK
NAUTA- OG LAMBAHAKK
30% afsláttur



LAVAZZA KAFFI
ÍTALSKT EÐALKAFFI
25% afsláttur

# Glærilegt úrval á tilbúnum réttum úr kjötborði!



LAMBAGEIRI MEÐ FYLLINGU
TILBÚINN ÚR KJÖTBORÐI
**2.690** kr. kg



LAMBALUNDIR TOSCANA
TILBÚNAR ÚR KJÖTBORÐI
**2.998** kr. kg



MARINERUÐ KINDAFILLET NAPOLI
Á SPJÓTI ÚR KJÖTBORÐI
**1.998** kr. kg



GOÐA KJÖTÁLEGG
EL TORO ÞURRVERKAÐUR NAUTAVÖÐVI, NAPÓLÍ SKINKA,
PEPPERONI OG ÍTALSKT SALAMI
**30%** afsláttur




FIORUCCI HRÁSKINKUR
**30%** afsláttur



FERSKT RANA GÆÐAPASTA
**30%** afsláttur



CARAPELLI OLÍA
ORO VERDE OG OLYS
**499** kr. stk



FOCCACCIA PIZZA
MEÐ SKINKU - BAKAÐ Á STAÐNUM
**129** kr. stk


Mundu CHESTER FRIED

NÓATÚN

OPIÐ TIL KL. 21 ALLA DAGA

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.517 **-1,13%**

**Fjöldi viðskipta:** 542
**Velta:** 4.506 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Vinnslustöðin** | +5,00% | **Alfesca** | -3,07% |
| **Hampiðjan** | +3,15% | **Íslandsbanki** | -2,39% |
| **Atorka** | +0,82% | **Actavis** | -1,41% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 56,10 -1,41% ... Alfesca 4,10 -3,07%... Atorka 6,15 +0,82% ... Bakkavör 53,70 -0,56% ... Dagsbrún 6,72 +0,75% ... FL Group 26,60 -0,75% ... Flaga 3,85 +0,52% ... Íslandsbanki 20,40 -2,39% ... KB banki 937 -0,85% ... Kögun 66,50 -0,3% ... Landsbankinn 28,50 -1,38% ... Marel 68,80 +0,00% ... Mosaic Fashions 17,30 -0,58% ... Straumur-Burðarás 19,30 -1,03% ... Össur 115,00 -0,43%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn*



### Sissener á réttri leið

Verðbréfafyrirtækið Kaupthing í Noregi og forstjóri þess, Jan Petter Sissener, hafa náð yfirlýstu markmiði sínu um að komast inn á lista yfir tíu umsvifamestu verðbréfafyrirtækin í Kauphöllinni í Osló. Samkvæmt tölum kauphallarinnar sem birtar voru í gær er Kaupthing í níunda sæti, en var í janúar í 23. sæti. Sissener lítur þó ekki á árangurinn nema sem áfanga á réttri leið, því innan þriggja ára segist hann vilja vera með Kaupthing á topp fimm ...og innan fimm ára meðal þriggja efstu. Kaupthing er nú skráð fyrir 3,76 prósentum viðskipta í Kauphöllinni en DnB Nor Markets, sem er efst á listanum, fyrir 9,2 prósentum.

### Gróði og tap í FlyMe

Rekstur sænska lággjaldaflugfélagsins FlyMe skilaði 1,4 milljarða tapi á síðasta ári og jókst tapið um 27 prósent á milli ára. Stjórnendur FlyMe eru þó bjartsýnir á að félagið fari að skila hagnaði á seinni hluta þessa árs. Fjölmargir Íslendingar eiga bréf í FlyMe en stærsti hluthafinn er Fons. Á dögunum lauk hlutafjárútboði þar sem selt var hlutafé fyrir 2,3 milljarða króna og var tíföld umframeftirspurn. Hluthöfum var boðið að kaupa 10 hluti fyrir hvern einn sem þeir áttu fyrir á genginu 3 sænskir aurar. Viðskipti hafa verið með þessi nýju bréf á genginu 6-7 aurar þannig að hækkunin eftir útboð er að minnsta kosti tvöföld.

## MARKAÐSPUNKTAR...

Avion Group hf. hefur lokið sölu á skuldabréfum fyrir 160 milljónir Bandaríkjadala, tæplega 10,4 milljarða íslenskra króna. Bréfin eru til fimm ára og greiðist höfuðstóllinn að þeim tíma loknum.

Hagnaður Bakkavarar á fjórða ársfjórðungi nam 11,3 milljónum punda, 1.229 milljónum króna, og jókst um 157 prósent milli ára. Aukninguna má fyrst og fremst rekja til yfirtöku Bakkavarar á Geest.

Verðbólgan á Íslandi er aðeins 1,3 prósent samkvæmt samræmdri vísitölu neysluverðs miðað við 2,2 prósent að meðaltali í ríkjum EES. Íbúðaverð er ekki meðtalið í samræmdu vísitölunni.

# Kaupa hástökkvara

Straumur-Burðarás hefur eignast 5,5 prósenta hlut í norska netleikjaframleiðandanum Funcom. Verðmæti hlutarins er í kringum 750 milljónir króna.

Funcom er hástökkvarinn á norska hlutabréfamarkaðnum í ár en gengi félagsins hefur hækkað um 110 prósent frá áramótum. Þekktustu netleikirnir kallast Anarchy online og The Longest Journey.

Funcom gaf út nýtt hlutafé á dögunum fyrir tæpa 1,3 milljarða króna sem gekk að mestu leyti til stærri fjárfesta. Félagið ætlar að nota fjármunina til að styrkja þróunarstarf sitt en jafnframt að leita að tækifærum til að taka yfir önnur fyrirtæki. **- eþa**

# Fjögurra milljarða króna hagnaður

Hagnaður Símans jókst um 30 prósent milli áranna 2004 og 2005. Hagnaður ársins 2005 var 4.032 milljónir króna en 3.090 milljónir króna árið 2004. Rekstrartekjur jukust um tæp 8 prósent á árinu, voru 20.419 milljónir króna árið 2004 en 22.041 milljónir króna nú.

Mikil umbrot voru í rekstri Símans í fyrra. Íslenska ríkið seldi eignarhlut sinn í Símanum til Skipta ehf. og Skipti ehf., Íslenska sjónvarpsfélagið hf. og Landssími Íslands hf. voru sameinuð undir nafni Símans hf. Samruninn miðast við 30. júní 2005. Við samrunann var hlutaféð hækkað úr 7.036 milljónum króna í 30.930 milljónir.



**HÖFUÐSTÖÐVARNAR VIÐ ÁRMÚLA** Hagnaður Símans jókst um 30 prósent milli ára.

Heildareignir Símans námu 83.255 milljónum króna og eigið fé 32.801 milljónum og er eiginfjárhlutfallið því 30 prósent. Arður að fjárhæð 6.333 milljónir var greiddur í apríl síðastliðnum og hefur verið færður til lækkunar á eigin fé félagsins. Arðsemi eigin fjár lækkaði á milli ára, úr 21,1 prósenti í 19,6 prósent. **- hhs**

# Strax kaupir more

Velta Strax-samstæðunnar, sem framleiðir aukabúnað fyrir farsíma, verður um 250 milljónir bandaríkjadala á þessu ári, sem samsvarar tæpum sextán milljörðum króna, eftir að félagið keypti þýska dreifingaraðilann more International. Velta samstæðunnar meira en tvöfaldaðist við yfirtökuna.

Kjartan Örn Sigurðsson, framkvæmdastjóri sölumála hjá Strax, segir að félagið sé þar með orðið einn af stærstu dreifingaraðilum á aukavöruhlutum í farsíma í Evrópu.

Strax hefur náð sterkri markaðsstöðu í Bretlandi og Danmörku. Stærstu viðskiptavinirnir eru annars vegar farsímafyrirtæki, meðal annars TDC í Danmörku og breska farsímafélagið O2, og hins vegar verslunarkeðjur, internetkeðjur og heildsalar úti um gjörvallan heim.

Fyrir samrunann rak Strax skrifstofur í London, Hong Kong og Miami, þar sem höfuðstöðvarnar eru, en more International rekur átta skrifstofur. Á árinu ætlar fyrirtækið að opna söluskrifstofu í Dubai og unnið er að opnun skrifstofu á Íslandi.



**Í DUBAI** Strax stefnir að því að opna skrifstofu í Dubai á þessu ári og síðar á Íslandi. Á myndinni má sjá nýtískubyggingu gnæfa yfir moskunni Zabil í janúarbyrjun. NORDICPHOTOS/AFP

Stærsti hluthafinn í Strax er Landsbankinn. **- eþa**

# Hagar selja Skeljung og kaupa í Kringlunni

**Hagar hasla sér völl í sérvöruverslun á nýjan leik með kaupum á fimm verslunum í Kringlunni. Pálmi Haraldsson í Fons hafði frumkvæði að því að kaupa Shell.**



**HAGAR SELJA SKELJUNG EN KAUPA VERSLANIR Í KRINGLUNNI** Fimm tískuverslunarkeðjur hafa bæst í safn Haga en Skeljungur fer úr því til Pálma Haraldssonar.

Hagar hafa selt rekstur Skeljungs til Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar í Fons. Félagið hefur um leið keypt fimm tískuvöruverslanir í Kringlunni af Sigurði Bollasyni og Nönnu Björk Ásmundsdóttur.

Umræddar verslanir eru sérleyfisverslanir sem eru reknar undir merkjum bresku verslanakeðjanna Karen Millen, Warehouse, All Saints, Shoe Studio Group og Whistles, en Baugur Group, stærsti hluthafi Haga, á hlutdeild í þeim öllum.

Finnur Árnason, forstjóri Haga, segir að salan á Skeljungi hafi gengið hratt fyrir sig og þar á bæ séu menn kátir með niðurstöðuna. „Við höfðum hug á því að selja hluta af Skeljungi frá okkur en þessi frágangur hafði skamman aðdraganda.“

Hagar verða eftir söluna fyrst og fremst smásölufyrirtæki og áherslur fyrirtækisins verða skýrari að sögn Finns. Hann er ekki tilbúinn að gefa upp söluverðið en segir þó að verslunarrekstur Skeljungs hafi styrkst eftir að Hagar tóku hann yfir og aukið verðmæti félagsins.

Aðspurður um þau kaup sem Hagar réðust í í Kringlunni segir Finnur að félagið hafi haft hug að stækka við sig á sérvörumarkaði og kaupin séu liður í þeirri stefnu. Þessar verslanir opnuðu allar í Kringlunni á síðasta ári nema Karen Millen sem hefur verið starfrækt í nokkur ár og var áður undir merkjum NTC-verslunarkeðjunnar.

„Ég seldi Skeljung á sínum tíma til að fjármagna mín kaup í Iceland sem reyndist vera mjög happadrjúg fjárfesting og átti svo frumkvæði að því við Haga að kaupa Skeljung til baka. Við fórum í samningaviðræður og niðurstaðan er þessi,“ segir Pálmi Haraldsson í Fons. Gunnar Karl Gunnarsson verður áfram forstjóri Skeljungs að sögn Pálma.

Olíufélagið Esso var á dögunum selt til fjárfesta en talið er að kaupverðið hafi legið á bilinu 17-18 milljarðar króna. Skeljungur var tekinn af markaði af Steinhólum sumarið 2003 og nam markaðsvirði hans þá um tólf milljörðum króna.

**eggert@frettabladid.is**

Staðfæra á Fréttablaðið í Danmörku síðsumars eða í haust:

# Kaupin á Orkla ekki lykilatriði

Dagsbrún ætlar að gefa út fríblað í Danmörku, með Fréttablaðið sem fyrirmynd, hvort sem keypt verður í norsku fjölmiðlasamsteypunni Orkla Media eða ekki. Samkvæmt heimildum blaðsins er stefnt að útgáfu seinnipart sumars eða í haust.

Þórdís Sigurðardóttir, stjórnarformaður Dagsbrúnar, segir unnið að nánari útfærslu viðskiptahugmyndarinnar þar sem útgáfa Fréttablaðsins er yfirfærð á danskan markað. „Allt er þetta samt á vinnslustigi. Svo vill til að til sölu er stærsti útgefandi héraðs- og fréttablaða í Danmörku, Berlinske Tidende, og það er auðvitað áhugaverður kostur. Hins vegar hefur ekki verið tekin ákvörðun um annað að sinni en að fylgjast með því ferli.“ Þórdís segir ekki liggja fyrir tölur um áætlaðan kostnað við útgáfuna, en telur að fyrst Fréttablaðið beri sig hér þá eigi hugmyndin fullt erindi til Danmerkur. Hún segir blaðið munu mótast af dönsku samfélagi og verða mannað Dönum. „En við vonumst til að geta innleitt þann kúltúr sem við teljum hluta af þeim árangri sem Fréttablaðið hefur náð hér heima.“

Í viðtali við Dagness Næringsliv í Noregi sagðist Gunnar Smári Egilsson, forstjóri Dagsbrúnar, ekki telja að fjármögnun upp á 8 milljarða norskra króna væri vandamál fyrir félagið, enda væru að baki því sterkir aðilar. **- óká**



**ÞÓRDÍS SIGURÐARDÓTTIR** Þórdís er stjórnarformaður Dagsbrúnar. Hún segir enn unnið að undirbúningi og útreikningum varðandi útgáfu fríblaðs í Danmörku.




30-50% afsláttur
BAÐ
INNRÉTTINGAR
MESTA ÚRVAL LANDSINS!
50 uppstilltar innréttingar
HÁGLANS
Hvítt háglans innrétting 140 x 48 sm
Ölur á MDF 125 sm 5
LES 100x44 sm hnota
Hvít eik á MDF 120 sm nr 29
VERTU ÞINN EIGINN ARKITEKT!
FJÖLDI UPPSTILLINGA-MÖGULEIKA
HÁGLANS
Eplaviður á MDF 165x48 sm nr 7
Ölur á MDF 125x48 sm nr 16
NICO 83x50 sm
Hvítt háglans 120x48
HÁGLANS
Hlynur á MDF 102 sm
LAVES 120x52 sm kirsuber
Hnota á MDF 120 sm nr 6
Hvítt háglans 60x48 sm
Kirsuberjaviður á MDF 165 sm nr 8
HÁGLANS
DORLI 120 x 45 sm
Hvítt háglans 90x48 sm
Allar innréttingar afgreiddar af lager
Borðplötur, handföng, blöndunartæki og handlaugar í flestum gerðum að eigin vali
INNRÉTTINGAR & TÆKI
www.i-t.is
- fyrir þitt heimili
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15

# skoðun

SJÓNARMIÐ
HAFLIÐI HELGASON

Bankar og fjárfestingarfélög eru gríðarlega sterk.

## Árangurinn er fagnaðarefni

Lokasprettur uppgjörstíma fyrirtækja er um þessar mundir. Hver methagnaðurinn á fætur öðrum lítur dagsins ljós.

Methafinn í ár er Exista, félag sem lýtur stjórn bræðranna sem hafa byggt upp og stjórnað Bakkavör, frá því að það var lítið hrognasöltunarfyrirtæki til þess að verða alþjóðlegur matvælarisi tuttugu árum síðar. Sú vegferð er mikið ævintýri.

Þeir bræður eru ekki einir um að hafa notið mikillar velgengni á undanförnum árum. Á undraskömmum tíma hafa orðið til kaupsýslumenn sem hafa verulegt afl til að sækja fram og styðja við uppbyggingu íslensks atvinnulífs.

Árið í fyrra var ár bankanna. Þeir skiluðu allir methagnaði og hlutabréf þeirra hækkuðu verulega. Við þessa hækkun hefur fjárhagsstaða félaga sem eiga stóra hluti í bönkunum eflst verulega.

Afkoman einkennist vissulega af gengishagnaði, en þess gætir oft í umræðu að gengishagnaður sé ekki góður hagnaður. Það er ekki nema hálfur sannleikur. Fjárfestar geta ekki búist við viðlíka gengishagnaði í framtíðinni og verið hefur að undanförnu, en ólíklegt er að stór hluti þess hagnaðar sem þegar hefur myndast hverfi.

Afkoma Exista sýnir glöggt hver staðan er. Exista á ríflega fimmtungshlut í KB banka. Eigið fé félagsins er komið yfir hundrað milljarða og eiginfjárhlutfallið yfir sextíu prósent. Það þýðir að félagið gæti tekið á sig mikla gengislækkun á bréfum KB banka ef svo færi að veruleg áföll yrðu í starfseminni. Þetta skiptir verulegu máli þegar rætt er um stöðugleika fjármálakerfisins. Í eigendahópi bankanna allra eru afar fjársterkir aðilar sem hafa borð fyrir báru ef á móti blæs.

Þegar litið er til afkomu banka og stærstu fjárfestingarfélaga sést að hagnaður þeirra er álíka mikill og fjárlög íslenska ríkisins, en það hefði engum dottið í hug fyrir örfáum misserum síðan að gæti orðið í fyrirsjáanlegri framtíð.

Við eigum að fagna þessum árangri. Hann sýnir að við höfum nýtt tímann vel meðan hagkerfið hér var í meiri uppsveiflu en í nágrannalöndunum. Sterk staða innanlands hefur verið nýtt til að sækja út. Þar hafa menn nýtt sér þau tækifæri sem leyndust á svartsýnni markaði, þar sem vextir eru í lágmarki. Slíkt virkar auðvitað ekki nema fjárfestingarnar séu arðsamari en fjármagnskostnaðurinn, en sem betur fer virðist það raunin.

Eitt af því sem áhyggjur hafa verið af er krosseignarhald á markaðnum. Eftir því sem best verður séð er slíkt ekki stórt vandamál og frekar úr því dregið en hitt. Vissulega er gagnkvæmt eignarhald milli Exista og KB banka, en eignin í KB banka er bókfærð á kaupvirði sem tryggir að hver króna í hagnaði KB banka ferðist ekki marga hringi í uppgjörum félaganna.

Þegar vel gengur er ríkt í okkur að telja að það sem við blasir sé of gott til að vera satt. Þannig mátt sjá viðbrögð við lækkunum á gengi krónu og hlutabréfa, eins og um eitthvert hrun væri að ræða. Hlutabréfamarkaður sveiflast og jafnvel þótt vísitala hlutabréfa lækkaði um tug prósenta er tæplega hægt að tala um hrun eftir uppgang síðustu ára.

Við höfum aldrei staðið sterkar og hvert sem litið er blasa við ný tækifæri. Og það sem meira er, við búum yfir þekkingu og fjárhagslegum styrk til að nýta þau.






## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Meðferðin á fátækum**

Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokksins, gerir notendagjöld í heilbrigðis- og tryggingakerfinu að umtalsefni á vefsíðu sinni síðasta dag febrúarmánaðar. Hann vísar til skýrslu sérfræðinga sem sýni að notendagjöldin séu ámóta líkleg til þess að draga úr nauðsynlegri og ónauðsynlegri þjónustu. Notendagjöld leiði til aukins ójafnaðar þar sem tekjulágir einstaklingar geti neyðst til þess að neita sér um nauðsynlega þjónustu, en dragi ekki úr heildarkostnaði við heilbrigðiskerfið. Kristinn dregur upp skýrslu Hagfræðinstofnunar HÍ frá 2003 og segir: „Ekkert bendir til þess að lönd sem hafa hlutfallslega há notendagjöld hafi jafnframt lægri heilbrigðisútgjöld eða að slík útgjöld aukist þar hægar en í þeim löndum þar sem notendagjöld eru lægri.“



Niðurstaða Kristins er því sú að notendagjöld leggist þyngra á tekjulága og fátæka en aðra þjóðfélagshópa og eðlilegt sé að lækka hlut notendagjalda og færa hann yfir í almenna skattheimtu ríkisins. „Aðhaldið á kostnaðinn í heilbrigðiskerfinu á að beinast að þeim 30 prósentum heildarútgjaldanna sem rannsóknir sýna að séu vegna óþarfra rannsókna, meðferða eða lyfja og eiga sér rætur í ákvörðunum heilbrigðisstarfsmannanna. En hlífum fátækum og börnum þeirra.“ Kristinn er áreiðanlega samnefnari skoðana þingflokks Framsóknarflokksins í þessu efni.

**Margar hliðar málsins**

Meira af þjóðfélagsrekstrinum. Guðmundur Magnússon blaðamaður og höfuðbloggari tekur upp málefni Háskóla Íslands í gær og þykir markið sett fullhátt að koma honum í röð 100 bestu háskóla í heimi. Því ekki að halda sig við Evrópu, spyr Guðmundur og leggur slóð fyrir lesendur að lista yfir hundrað bestu háskóla álfunnar. Á þeim lista eru allnokkrir háskólar á Norðurlöndum en enginn íslenskur. „Við Íslendingar sættum okkur ekki við annað en að vera alltaf í fremstu röð á öllum sviðum. Er það ekki svolítið barnalegt af örþjóð? Er ekki frekar ólíklegt að við getum skákað milljónaþjóðum á sviði mennta og vísinda? Þurfum við ekki að setja okkur raunhæf markmið ef við ætlum að ná þeim?

Kosturinn við þetta tal um Háskóla Íslands og bestu skólana er að það neyðir okkur til að skoða ýmsar hliðar á rekstri og starfsemi íslenskra háskóla í gagnrýnu ljósi,“ segir Guðmundur á síðu sinni sem ber þann skemmtilega titil „Frá degi til dags“. johannh@frettabladid.is

## Skuldir og hallamál

Í DAG
VIÐSKIPTAHALLI OG ALL ÞAÐ



ÞORVALDUR GYLFASON

*Reynslan sýnir, að einkarekstur banka veitir almenningi enga haldbæra tryggingu gegn áföllum vegna of mikillar skuldasöfnunar einkageirans innan lands eða utan. Einkabankar geta varpað byrðinni á saklausa vegfarendur, ef í harðbakkann slær.*

Nigel Lawson var fjármálaráðherra í ríkisstjórn Margrétar Thatcher á Bretlandi 1983-89. Við hann er kennd sú hugmynd, að halli á viðskiptum við útlönd skipti litlu sem engu máli, sé til hans stofnað mestanpart í einkageiranum. Þessi hugmynd er eftirtektarverð meðal annars vegna þess, að hún virðist eiga sér ýmsa áhangendur hér heima. Lawson kannaðist að vísu við það, að mikill halli á viðskiptum getur verið grafalvarlegt mál, ef ríkið hefur stofnað til hallans með lántökum í útlöndum. Ástæðan liggur í augum uppi. Ríkið þarf að verja erlenda lánsfénu svo vel sem verða má, þar eð annars munu skattgreiðendur sitja í súpunni. Lawson leit svo á, að öðru máli gegndi um viðskiptahalla, ef einkafyrirtæki og heimili hefðu tekið erlendu lánin á eigin spýtur. Ef fyrirtækin og heimilin hirtu ekki um að verja lánsfénu til hagfelldra framkvæmda, sætu þau sjálf í súpunni, ef illa færi. Öðrum kæmi málið ekki við. Þetta var hugsun Lawsons, og hún reyndist röng. Hér eru rökin.

Hugsum okkur, að allir Íslendingar keyptu sér jeppa og tækju lán fyrir kaupunum í útlöndum fyrir milligöngu íslenzkra banka. Hugsum okkur líka, að hálf þjóðin næði ekki að standa í skilum við bankana. Ekki dygði þá að skila jeppunum, því að þeir hröpuðu í verði um leið og þeim var ekið út úr bílasölunum. Hver tæki þá skellinn? Erlendu lánardrottnarnir? Víst fengju þeir skell, en það væri ekki allt og sumt. Erlendir bankar deila áhættunni vegna vanskila íslenzkra lántakenda með innlendum bönkum, svo að bankarnir hér heima myndu þurfa að axla hluta útlánatapsins. En þeir eru nú einkabankar, hefði Lawson sagt, og það er þeirra mál, hvort þeir komast í kröggur eða ekki.

Þarna liggur villan hjá Lawson. Það er ekki einkamál bankanna, hversu vel þeir vanda til útlána sinna, hvorki ríkisbanka né einkabanka. Hér er vandinn sá, að einkabankar geta með ýmsu móti velt útlánatapi yfir á viðskiptavini sína líkt og ríkisbankar, einnig yfir á þá viðskiptamenn, sem stóðu í skilum. Hvernig? Til þess eru tvær leiðir færar. Bankarnir geta í fyrsta lagi velt tapinu yfir á aðra með því að auka vaxtamuninn (lækka innlánsvexti og hækka útlánsvexti), og þann kostnaðarauka þurfa allir viðskiptavinir bankanna að bera, einkum þeir, sem stóðu í skilum, því að hinir eru lakari borgunarmenn. Einmitt þetta hafa bankarnir hér heima gert um margra áratuga skeið. Gömlu ríkisbankarnir þöktu mikið útlánatap vegna misheppnaðra lánveitinga með miklum vaxtamun, og viðskiptavinir bankanna fengu ekki rönd við reist, því að þeir áttu ekki í önnur hús að venda. Þetta var fyrir daga einkavæðingar og erlendrar samkeppni í bankakerfinu.

Einkabankar geta í annan stað velt útlánatapi yfir á skattgreiðendur, einkum ef tapið er mikið, því að þá er líklegast, að ríkisvaldið telji nauðsynlegt að skipta sér af málinu til að forða frekari skakkaföllum, jafnvel hruni. Til þessa kom þó ekki hér heima þrátt fyrir mikið útlánatap bankanna árin kringum 1990, þegar afskriftir tapaðra útlána hér voru svipaðar miðað við landsframleiðslu og annars staðar um Norðurlönd, og þar geisaði bankakreppa, sem kallaði á dýrar björgunaraðgerðir á kostnað skattgreiðenda. Ríkið komst hjá því að skakka leikinn hér heima vegna þess, að ríkisbankarnir gátu gengið að viðskiptavinum sínum með miklum vaxtamun, meiri vaxtamun en hefði getað gengið í nálægum löndum, þar sem innlend og erlend samkeppni á bankamarkaði var og er meiri.

Reynslan sýnir, að einkarekstur banka veitir almenningi enga haldbæra tryggingu gegn áföllum vegna of mikillar skuldasöfnunar einkageirans innan lands eða utan. Einkabankar geta varpað byrðinni á saklausa vegfarendur, ef í harðbakkann slær. Einkabankar eru yfirleitt ólíklegri en ríkisbankar til að tapa fé, þess vegna voru bankarnir hér heima færðir úr ríkiseigu í einkaeign til betra samræmis við skipan bankamála í öðrum löndum, en einkageirinn er samt ekki óskeikull frekar en ríkið. Einkavæðing er ekki allra meina bót. Þess eru mörg dæmi utan úr heimi, að skuldasöfnun einkageirans hafi kallað kollsteypur yfir heil hagkerfi með tilheyrandi samdrætti í framleiðslu og gengisfalli. Það gerðist t.d. í Mexíkó og Argentínu 1993-95 og nokkrum Asíulöndum 1997-98. Aðdragandinn var alls staðar hinn sami: mikill uppgangur, mikill halli á viðskiptum einkageirans við útlönd, miklar og ört vaxandi erlendar skuldir, of lítill gjaldeyrisforði og almennt andvaraleysi.

## EFST Á BAUGI: HÍ VERÐI MEÐAL HUNDRAÐ BESTU SKÓLA HEIMS?

Katrín Jakobsdóttir, varaformaður VG

### Kallar á stefnubreytingu



Þetta er göfugt markmið og það er svo sem allt hægt, en við erum lítil þjóð og það væri magnað ef þetta tækist. Ef þetta markmið á að rætast þarf að breyta fjárveitingu til skólans og það þarf að gera stefnubreytingar. Það ber að hafa í huga að þetta er langtímaverkefni og markmiðinu verður ekki náð á næstu árum. Lykillinn að þessari áætlun er framhaldsnám, sem hefur hingað til verið afgangsstærð í háskólanum. Það er sáralítið í boði fyrir meistaranema í flestum greinum og flestir þurfa að taka einhverja BA-kúrsa með auknum kröfum. Kennarar eru allir af vilja gerðir en hafa ekki tíma fyrir framhaldsnemana. Því þyrfti að breyta.

Þá vaknar líka upp spurningin um fjöldatakmarkanir; háskólinn þarf að gera það upp við sig hvort hann vilji taka þær upp. Fjöldatakmarkanir eru líka hápólitískt mál og Alþingi þyrfti að ræða hreinskilnislega hvort þær séu leið sem við viljum fara.

Gunnar Hersveinn, heimspekingur

### Hverjar eru fórnirnar?



Auðvitað er gott að setja sér markmið. En ég er ekki hrifinn af þeirri tilhneigingu að setja sér markmið til að komast á lista yfir þá bestu og finnst að leggja ætti meiri áherslu á samvinnu háskóla og þjóða. Ég óttast að mælikvarðarnir sem notaðir eru til að komast í hóp hinna „bestu“ séu allir raunvísindalegir. Til að ná svona markmiði þarf sennilega að færa fórnir og þær gætu orðið á kostnað hug- og félagsvísinda. Ætli það vegi til dæmis þungt að efla íslenska sagnfræði, heimspeki, uppeldisfræði, kynjafræði og rannsóknir í íslensku þegar keppt er að þessu markmiði? Og hverjir fá þá vísindastyrkina á næstu árum – aðrir en raunvísindamenn? Mér líst mjög vel á annan tón sem greina mátti í ræðu Kristínar rektors. Hann var á þá leið að við ættum að leita eftir lífshamingju sem felst í sátt við umhverfið og samfélagið. Mér finnst að HÍ ætti til dæmis að setja sér það markmið að efla sjálfbær samfélög.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

# Italsofa *The Italian touch*

Mikið úrval af glæsilegum sófasettum

























Öll sófasettin eru fáanleg með leðri eða áklæði - Veldu draumahúsgögnin hjá okkur eða settu saman sérpöntun að þínum óskum

**www.valhusgogn.is**

Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar - Þetta verður þú að prófa!

**Italsofa** Frábær verð og gæði
*The Italian touch*

**Opið 10-18 Laugard. 11-16**

**Val húsgögn**
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
**Sími 581-2275 ■ 568-5375**

KORTER.IS




# Slys vegna hálku eða bleytu utanhúss

UMRÆÐAN
HÁLKUSLYS



SIGURÐUR B. HALLDÓRSSON

Á síðastliðnum mánuðum hafa gengið nokkrir dómar vegna líkamstjóna sem fólk hefur orðið fyrir við að renna í hálku við mannvirki. Þetta eru tveir hæstaréttardómar frá nóvember síðastliðnum. Annars vegar var um að ræða slys við Kaffi Nauthól og hins vegar slys við Fjölbrautaskólann í Breiðholti. Einnig gekk dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur í janúar síðastliðnum er varðaði slys við verslunina BT í Skeifunni. Í öllum þessum málum var fallist á bótaskyldu umráðamanna viðkomandi fasteigna. Athyglisvert er að í báðum hæstaréttardómunum var niðurstöðu héraðsdóms snúið við.

Við skoðun á þessum tveimur hæstaréttardómum vaknar sú spurning hvort réttarframkvæmd í þessum málum sé eitthvað að breytast. Í fyrri dómnum voru málavextir þeir að R datt á trépalli við veitingastaðinn Kaffi Nauthól í Reykjavík. Þar sem fullnægjandi varúðarráðstafanir til að eyða hálku voru ekki gerðar var fallist á bótaskyldu að hluta. Telja verður að niðurstaða Hæstaréttar í þessu máli sé í samræmi við dómaframkvæmd undanfarin ár, það er, sú krafa er gerð til verslunareigenda og annarra þjónustufyrirtækja þar sem ótilgreindur hópur fólks sækir, að sinna hæfilegu eftirliti með öryggi á aðkomuleiðum og grípa til aðgerða til að tryggja það.

Hefur hér orðið skýr stefnubreyting frá þeirri dómvenju sem fylgt var fram til 1995 og er niðurstaðan í fyllilegu samræmi við dóma réttarins frá 1995 (Verslunin Víðir, Austurstræti 17) og 1996 (Blómaval). Sömu línu er fylgt í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá því í janúar, þar sem S rann til í hálku við inngöngudyr verslunarinnar BT, Skeifunni. Ekki var talið að nægilegt eftirlit hefði verið með aðstæðum við innganginn, þrátt fyrir að veðrið hafði á þessum tíma verið umhleypingasamt og því talsverð hætta á að hálka myndaðist. Rétt er þó að taka fram að þegar þessar línur eru ritaðar liggur ekki fyrir hvort þessum dómi verði áfrýjað.

Á hinn bóginn má færa fram rök fyrir því að dómur Hæstaréttar vegna slyssins við Fjölbrautarskólann í Breiðholti feli í sér stefnubreytingu hjá réttinum. Þar voru málsatvik þau að R varð fyrir slysi við FB, þegar hún var á leið frá skólabyggingunni eftir um 10 metra löngum göngustíg sem liggur út á bifreiðastæði framan við skólann. Hafði hún sótt námskeið fyrir læknaritara í skólanum um kvöldið. Þótti upplýst í málinu að hún hafði runnið á svelli neðst á gangstígnum. Í göngustígnum var hitalögn sem þó náði ekki alla leið niður að gangbrautinni við bílastæðið. Var það metið starfsmönnum skólans til gáleysis, að hafa ekki gert frekari ráðstafanir til að koma í veg fyrir hættu á að fólk slasaðist á þessum tiltekna stað við skólann. Eins og áður segir má færa fram rök fyrir því að þarna sé um stefnubreytingu að ræða hjá Hæstarétti og verður ekki betur séð en að þetta sé í fyrsta sinn sem rétturinn fellir bótaskyldu á hið opinbera vegna slyss sem sem rekja má til hálku og/eða bleytu utanhúss við byggingar á þess vegum. Fram að þessum dómi höfðu alls ekki verið gerðar miklar kröfur til þessara aðila með að gera ráðstafanir er hindrað gætu slys vegna hálku eða bleytu.

Má í þessu sambandi einkum benda á dóm Hæstaréttar frá 1999 er varðaði slys við lögreglustöðina í Reykjavík. Þar voru atvik þau að S rann á leið sinni niður tröppur við dyr lögreglustöðvarinnar í Reykjavík og slasaðist. Talsverður snjór var í tröppunum sem voru auk þess flísalagðar og því mjög hálar í rigningu þegar snjór lá yfir þeim líkt og umræddan dag. Hæstiréttur sýknaði ísl. ríkið meðal annars með þeim rökstuðningi að S hafi borið að sýna sérstaka aðgæslu, einkum með því að halda sér í handriðið og þræða brúnir. Einnig hafði S skömmu áður gengið upp tröppurnar og hlaut því að hafa verið ljóst hvernig aðstæður voru. Einnig má hér nefna dóma Hæstaréttar frá 1986 (MH-dómurinn), frá 2003 (varnarliðið í Keflavík) og frá 2004 (strætisvagnabílstjórinn).

Þegar FB-dómurinn frá nóvember síðastliðnum er borinn saman við þessa dóma má draga þá ályktun að Hæstiréttur hefur tekið U-beygju í afstöðu sinni til athafnaskyldu aðila á vegum hins opinbera vegna bygginga á þess vegum. Má einnig færa fram rök fyrir því að þær kröfur sem Hæstiréttur gerir í þessum dómi til umráðamanna fasteignarinnar að hlutast til um ráðstafanir, til að hindra slys vegna hálku, séu sambærilegar og rétturinn hefur gert til umráðamanna húseigna þar sem verslunarrekstur eða annars konar þjónustustarfsemi fer fram. Verður fróðlegt að fylgjast með því hvort Hæstiréttur haldi sig hér eftir við það að beita sakarreglunni með ströngu mati vegna hálku- og bleytuslysa við byggingar á vegum hins opinbera.

*Höfundur er hæstaréttarlögmaður á Acta lögmannsstofu.*

# Bologna er ekki bara borg

UMRÆÐAN
BOLOGNA-FERLIÐ



ATLI BOLLASON

*Bologna-ferlið miðar að því að Evrópa verði eitt menntunarsvæði árið 2010. Í „einu menntunarsvæði“ felst að nemendur geti valið sér skóla í hvaða landi sem er innan Evrópu á sama hátt og þeir myndu velja sér skóla í sínu heimalandi.*

Hversu svalt væri að geta lokið gráðu í bókmenntafræði frá Háskóla Íslands OG háskólanum í Köln? Hversu feitt væri að geta útskrifast úr verkfræði frá háskólanum í Reykjavík OG háskólanum í Kraká? Hversu frábært væri að geta valið sér hvaða háskóla sem er í Evrópu til þess að stunda nám við, án þess að hafa áhyggjur af því að námið sé metið að fullu þegar maður snýr aftur heim; án þess að hafa áhyggjur af því að námið sé lánshæft; án þess að hafa áhyggjur af því að gráðan manns gengisfalli?

Svarið er: Mjög svalt, mjög feitt, mjög frábært.

Bologna-ferlið miðar að því að Evrópa verði eitt menntunarsvæði árið 2010. Í „einu menntunarsvæði“ felst að nemendur geti valið sér skóla í hvaða landi sem er innan Evrópu á sama hátt og þeir myndu velja sér skóla í sínu heimalandi. Menntamálaráðherrar þeirra landa sem eru aðilar að ferlinu hafa samþykkt að uppfylla tiltekin skilyrði til þess að þetta göfuga markmið geti orðið að veruleika.

Í fyrsta lagi er mikilvægt að evrópskir háskólar hafi sambærilegt prófgráðukerfi. Tekin hefur verið ákvörðun um að þriggja ára grunnnám og tveggja ára meistaranám að undangengnu doktorsnámi skuli notað á samevrópska menntunarsvæðinu. Slík uppbygging á prófgráðu tíðkast á flestum námsleiðum hér á landi.

Einnig er lögð áhersla á skilvirkt innra eftirlit og mat á öllu námi til að stuðla að sem mestu gagnsæi milli skóla og landa. Mikið er lagt upp úr að námsmarkmið séu skýrt fram sett, það er að sú þekking, geta og hæfni sem nemandi á að búa yfir að námi loknu sé tilgreind. Þetta á bæði við um nám á tilteknum fræðasviðum og einstökum námskeiðum.

Samræmt einingakerfi er lykillinn að því að mögulegt sé að meta nám óhindrað á milli skóla. Bologna-ferlið mun styðjast við svonefnda ECTS-einingu, en samkvæmt ECTS-kerfinu er fullt nám á einu námsmisseri 60 einingar. Kerfið byggist á því hversu mikið vinnuframlag er á bak við hverja einingu. Vinnuframlagið er síðan skilgreint sem hlutfall af námsframvindu eins misseris.

Í Bologna-ferlinu er ekki eingöngu hvatt til nemendaskipta, heldur þykja kennaraskipti ekki síður mikilvæg. Það er því ljóst að ferlið mun koma til með að hafa gríðarlegar afleiðingar fyrir íslenskt (og evrópskt) háskólasamfélag og þær milljónir manna sem nema og starfa í því samfélagi.

Ofangreindir þættir eru hins vegar aðeins brot af því sem þarf að koma til svo að samevrópska háskólasvæðið verði raunverulegt. Á Íslandi hefur ekki verið mikil umræða um Bologna-ferlið og stöðu Íslands í því samhengi hingað til. Slík umræða er þó mjög mikilvæg, sérstaklega í ljósi þess metnaðarfulla markmiðs sem rektor Háskóla Íslands hefur sett sér um að HÍ verði einn af 100 bestu háskólum í heimi.

Það stendur hins vegar til bóta, og þess vegna standa Stúdentaráð Háskóla Íslands og Bandalag íslenskra námsmanna í sameiningu að ráðstefnu um Bolognaferlið og innleiðingu þess á Íslandi. Þar munu fulltrúar frá menntamálaráðuneytinu, Háskóla Íslands, sérskólanna á háskólastigi, stúdenta hérlendis og stúdenta erlendis kynna sín sjónarmið. Ráðstefnan fer fram í Ráðhúsi Reykjavíkur á morgun, föstudag, og hefst kl. 14.00. Aðgangur er öllum opinn.

*Höfundur er varaformaður SHÍ.*





## TÍSKUVIKA Í MÍLANÓ

Nú eru tískuvikur í New York, London og Mílanó að baki. Sýningar Prada og Dolce og Gabbana voru einn af hápunktum tískuvikunnar í Mílanó.

TÍSKA 2



## SUMARLEGIR LITIR

Vorið er handan við hornið og um að gera að lífga upp á fataskápinn. Flíkur og fylgihlutir í rósrauðum lit gera það svo sannarlega.

TÍSKA 3



## ALLT HITT

[TÍSKA HEIMILI HEILSA]

**Fyrirlestur** um tengsl mataræðis og blóðþrýstings verður haldinn í dag klukkan sex á annari hæð í Laugum. Farið verður yfir hvernig hægt er að ná árangri í blóðþrýstingsmeðferð með breytingu á mataræði. Lagðar verða fram tillögur um matseðla. Fyrirlesturinn er opinn öllum.



**Buxnadragtir** eru það sem allar konur ættu að eiga í fataskápnum þessa dagana. Vinsælustu dragtirnar í dag eru aðsniðnar með mjúkum línum. Sniðið er beint en dragtin á engu að síður að vera víð. Litirir eru allt frá klassísku gráu upp í sakleysislegan hvítan lit og allt þar á milli.

**Skipulagsdagar** í Ikea eru nú að syngja sitt síðasta. Dögunum líkur 5. mars og óskipulagðir ættu því að nýta tækifærið og kaupa inn nokkra hluti til að koma lagi á heimilið.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 2. mars, 61. dagur ársins 2006**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.32 | 13.40 | 18.49 |
| Akureyri | 8.21 | 13.25 | 18.30 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Sigurjón í einum bítlabolanna sinna. Á píanóinu stendur forláta bítladiskur sem Sigurjón fékk að gjöf.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Bítlabolirnir eru heilagir

***Sigurjón er mikið fyrir boli með ýmsum myndum og merkjum á. Hann er forfallinn bítlaaðdáandi og safnar allskonar bítladóti.***

„Bítlabolirnir mínir eru heilagir," segir Sigurjón Brink tónlistarmaður. Hann kveðst vera mikill bítlaaðdáandi og safna því ýmiskonar bítladóti. „Ég nota bolina mjög mikið og er farinn að safna þeim. Ég keypti til dæmis nokkra í Dogma á Laugaveginum sem er frábær hljómsveitabolabúð og nú er ég að prófa að panta bítlaboli á netinu."

Aðrar flíkur sem eru Sigurjóni kærar eru meðal annars þær sem kærastan hans hefur gefið honum. „Til dæmis jólagjöfin fyrir tveimur árum. Það er hlýr jakki sem ég var búinn að gleyma að ég ætti. Mér fannst ég ekki eiga neinn jakka þegar fór að kólna í veðri svo það kom sér mjög vel að finna þennan inni í skáp um daginn. Hann er mér kær þessa dagana en bítlabolirnir eru mér heilagir. Þeir fá ekki að fara í þurrkarann, það er alveg pottþétt."

Sigurjón kveðst hafa nokkuð hversdagslegan stíl. „Ég fer eiginlega aldrei í jakkaföt, það gerist ekki nema á mjög sérstökum stundum. Mér líður best í gallabuxum og þegar ég fer eitthvað spari skipti ég yfirleitt bara jakkafatabuxunum út fyrir gallabuxur en held öllu hinu. Síðan kýs ég að vera eiginlega alltaf í strigaskóm og er sjúkur í boli með alls konar myndum og dóti á, ég á eiginlega meira af því en mig grunar. Kærastan mín tekur nefnilega sjötíu prósent af skápaplássinu svo ég þarf að dreifa þessu víðar um húsið. Maður er af og til að finna eitthvað sem hafði alveg gleymst. Það er samt svolítið gaman, eiginlega eins og maður hafi farið að versla," segir Sigurjón að lokum.

mariathora@frettabladid.is

## Sahaja-jógadagur

IÐKENDUR SAHAJA-JÓGA KYNNA STARF SITT Á LAUGARDAGINN.



Á laugardaginn er alþjóðlegi sahaja-jóga dagurinn sem er um leið alþjóðlegur Kundalini-vakningardagur, tileinkaður virkjun lífsorkunnar. Iðkendur sahaja-jóga víða um heim taka sig saman þennan dag og kynna starf sitt. Á Íslandi er hópur fólks sem stundar sahaja-jóga reglulega og kynnir það fyrir öðrum en þessi hópur hefur sjálfur mjög góða reynslu af því að stunda þetta jóga. Á laugardaginn mun hópurinn skipta sér í minni hópa sem verða á ferðinni í miðbænum frá klukkan 12.00 til þess að kynna sahaja-jóga fyrir fólki og veita því kundalini-vakningu á staðnum. Á laugardagskvöldið klukkan 20.00 verður svo haldið jógapartí í Listasetri Lafleur, Hólmaslóð 4, 101 Reykjavík. Þar geta gestir fengið ókeypis kynningu á sahaja-jóga með óformlegum hætti undir fallegri og afslappandi tónlist.





**Veski** eru flestum konum mikilvæg. Það er skemmtilegra ef veskið passar við fötin og skóna og því getur verið gott að eiga nokkur til skiptanna.


BARNALEG TILBOÐ

20%

AFSLÁTTUR Í BARNADEILD Á KAUPHLAUPI

FRAMKALLAÐU BROS Á BARNINU ÞÍNU OG FATAÐU ÞAÐ UPP FYRIR VORIÐ. NÝTTU ÞÉR 20% AFSLÁTTINN SEM VIÐ BJÓÐUM Í BARNADEILD DEBENHAMS OG TRYGGÐU ÞÉR FLOTTUSTU BARNAMERKIN Á MARKAÐNUM Í STÆRÐUM FYRIR 0-14 ÁRA; JASPER CONRAN, MATTHEW WILLIAMSON, JOHN ROCHA, ESPRIT OG ST. GEORGE BY DUFFER -Á MUN BETRA VERÐI.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 31599 03/2006



OPIÐ TIL 21:00
ALLA FIMMTUDAGA

DEBENHAMS
SMÁRALIND






# Eins og svart og hvítt

*Sýningar Prada og D&G voru mjög ólíkar.*

Prada og D&G voru eins og svart og hvítt á tískuvikunni í Mílanó. Prada lagði áherslu á sjálfstæði kvenna og þar sást lítið í bert hold. Fyrirsæturnar virtust ákveðnar, alvarlegar og tilbúnar að takast á við veruleikann. „Ég er þreytt á því að vera sæt. Við konur eigum að vera sterkar og hætta að reyna að hrífa alla,“ sagði Miuccia Prada eftir sýninguna. Fötin voru dökk, og þau virtust þægileg og hlý. Ekki sást mikið í bert hold og fyrirsæturnar báru skjalatöskur og glósubækur undir arminum.

Það leit út fyrir að D&G hefði fengið innblástur af Vetrarólympíuleikunum í Tórínó en sviðinu hafði verið breytt í vetrarland með gervisnjó og öllu tilheyrandi. Fyrirsæturnar hjá D&G virtust mun tilbúnari í skíðaferð en lærdóm eða vinnu, íklæddar hvítum prjónaflíkum frá toppi til táar. Þar má nefna töskur, sokkabuxur, álfahúfur og lambhúshettur og margar hverjar voru í þykkum dúskstígvélum.

mariathora@frettabladid.is










# Rósrauðar vorvörur

***Vorið nálgast óðum með birtu og yl sem allir þrá eftir veturinn þó mildur hafi verið.***

Í fatatískunni fylgja nýjar áherslur nýjum árstíðum og sem fyrr verða líflegir bjartir litir hvað mest áberandi í bland við hvítt þetta sumarið. Bleikur, gulur og grænn verða sterkir í sumar og rósrauði liturinn kryddar litablönduna skemmtilega. Rauðar flíkur og fylgihlutir eru klassík í tískuheiminum og passa jafnvel með vetrar- og sumaRlínum hvers árs. Rósrauði liturinn hefur líka djúpa tilfinningalega merkingu, hann táknar rómatík, ást og vináttu, kvenlegar dyggðir, ástríðu og gleði.
Fæst allt í Ilse Jacobsen.


Kjóll 19.500 kr.

Belti 7.900 kr.


Taska 10.450 kr.


Snyrtitaska 3.200 kr.


Stígvél 19.990 kr.



# Porsche snýr aftur í tískuna

***Það kann að vera að Porsche-bílar detti aldrei úr tísku. Það sama á hins vegar ekki við um fata og tískulínu Porsche, sem átti miklum vinsældum að fagna á níunda áratugnum en hvarf í byrjun þess tíunda.***

Það sem var inni árið 1985 er að koma aftur og það ætlar Porsche að nýta sér. Fyrirtækið hefur í gegnum tíðina verið duglegt að hanna vörur í samvinnu við aðra og hægt er að nálgast allt frá skóm og úrum til baðherbergja og tannlæknastóla sem eiga rætur að rekja til hönnuða Porsche.

Tískuvörur frá fyrirtækinu voru gríðarvinsælar á árunum 1980 til 1990 og eru að verða það aftur. 28. febrúar næstkomandi mun Porsche opna nýja búð í New York og er þess beðið með eftirvæntingu.

Ítalski hönnuðurinn og arkitektinn Matteo Thun á veg og vanda að hönnunarlínu Porsche sem til sölu verður í búðinni. Auk allra græjanna hefur Porsche, í samstarfi við ítalska tískumerkið Belfe, hannað fatalínu þar sem gallaefni, pólóbolir og peysur eru mest áberandi.

Fyrir þá sem eru ekki tilbúnir að ganga í fötum merktum bílaframleiðanda bendum við á Porsche-sólgleraugun, sem fara vel við Porsche-vindlingahulstrið og Porsche-brauðristina í eldhúsinu.


*www.jbj.is - fyrir árshátíðina*

















NÝTT-NÝTT-NÝTT

Hárspangir frá kr. 290
Síðar hálsfestar frá kr.990
Síðir bolir kr. 1990

Nýja vorlínan frá Pilgrim komin Ný breið belti og margt fleira

SKARTHÚSIÐ
Laugavegi 12, s. 562 2466




TRIND ALLTAF NO. 1
Nú nýtt*
Hin frábæra glernaglaþjöl og hin frábæra þriggja flata þjöl frá í Trind Magic Boxi

TRIND ALLTAF NO. 1
Útsölustaðir: apótek og snyrtivöruverslanir.

belladonna
Hlíðarsmára 11 • Kópavogi • sími 517 6460 • www.belladonna.is



Erum að taka upp nýjar vörur

Mona Lisa by interchic

Vertu þú sjálf
– vertu Bella donna
Opið mán-fös 11-18
laugardaga 11-15

www.belladonna.is

Ekkert blað í morgun?

Hringdu í 550 5000 og láttu okkur vita.

FRÉTTABLAÐIÐ
– stærsti fjölmiðillinn




Stuttermabolir 1.500 kr.

Leðurjakki 14.900 kr.

Hermannabuxur 4.900 kr.

Hermannajakki og belti 2.500 og 990 kr.

Skór 7.900 kr.

# Tíska í felulitunum

***Tískuflíkur í hermannastíl hafa lengi verið viðloðandi tískuheiminn og skjóta reglulega upp kollinum sem ráðandi tíska.***



Gleraugu 1.500 kr.

Felulitamunstrið er fyrir löngu orðið klassískt og sé maður yfir höfuð aðdáandi slíkra flíka eiga þær upp á pallborðið allt árið um kring. Það er nefnilega nauðsynlegt að halda í persónuleg einkenni í hinum síbreytilega tískuheimi, halda í það sem manni líkar og blanda með nýjum straumum.

Um þessar mundir er kannski engin „hermannatískubóla“ í gangi en það má þó finna flíkur í þessum stíl í mörgum tískubúðum bæjarins.

Ein verslun hérlendis sérhæfir sig í vörum í hermannastíl en það er www.army.is, netverslun sem einnig selur vörur sínar í Kolaportinu um hverja helgi.

Vörurnar hjá army.is eru af ýmsum toga, allt frá hálsmenum og hlírabolum upp í vígalegar ullar- og leðurfrakka. Það er vel þess virði að skreppa í Kolaportið og gramsa hjá Óla army, því þar er hægt að finna ýmislegt skemmtilegt á frábæru verði.



Röndóttur bolur 2.500 kr.

Töskur 1.500 kr.



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# London, Mílanó, París

Nú er farið að síga á seinni hluta tískuvikna sem hafa staðið yfir í tískuborgunum en París rekur lestina með tískuviku sem hófst á sunnudag og stendur fram til 5. mars. Þar verða sýndar helstu tískulínur í kvenfatnaði sem er fjöldaframleiddur eða tilbúinn til notkunar (prêt-a-porter), fyrir veturinn 2006-7. París hefur þá sérstöðu að hafa sérstaka tískuviku fyrir dömur og aðra fyrir herratísku og var herratískuvikan í janúar. Í Mílanó, svo dæmi sé tekið, er kven- og karlatískan sýnd á sama tímabili, en Ítalir segja Mílanó löngu vera komna fram úr París hvað tísku varðar. Víst er að það eru mörg tískuhús í Mílanó, sem er vagga ítalskrar tísku, þar sem finna má m.a. aðalstöðvar Armani, Dolce og Gabbana og þar sýnir Gucci þó í eigu Frakka sé (Gucci-group) enda í upphafi ítalskt fyrirtæki.

Bæði dömu- og herrasýning Dolce og Gabbana var undir áhrifum frá Napóleóni Bónaparte með gylltum útsaumi og fjöðrum við hæfi konungborinna, nálgast hátískuna þar sem allt er gert í höndunum. Í herratískunni er meiri fágun hjá Dolce og Gabbana en áður og minna um liti. Aðalliturinn er grátt og gallabuxur á að nota með sléttflauelsjökkum næsta vetur. Herrasýningarnar á Ítalíu áttu flestar það sammerkt að svart var liturinn með örlitlu gráu ívafi. Hvort sem litið er til Gucci eða Jil Sander sem Prada-group var reyndar að selja í hendur Englendinga. (Í þessum heimi heitir allt „group“ eins og heima). Konur hafa að vanda meira frelsi þegar tískan er annars vegar og hjá þeim má finna ýmsa liti. Armani „sér lífið í bleiku“ líkt og Edit Piaf söng undir á sýningunni. Hinn nýi hönnuður Gucci leitar í fjólublátt og pallíettur.

Nú er bara að sjá hvort París standi undir nafni sem háborg tískunnar en þar verður nokkuð um breytingar í ár. Tískuhús Pierre Balmain sýnir að nýju með nýjum hönnuði, Christophe Decarnin, en tískuhúsið hefur ekki sýnt síðan 2004. Jean-Charles de Castalbajac er sömuleiðis með á ný og Miuccia Prada, sem í síðustu viku kynnti bæði kven- og karltísku Prada í Mílanó, tekur upp á því hafa MiuMiu tískusýningu í París en MiuMiu er ódýrari tískulína og höfðar til yngri kaupenda en Prada. Svo rekur hver sýningin aðra.

Ég talaði í síðustu viku um flottar nærbuxur frá tískuhúsi Johns Galliano sem hann hefur hannað fyrir næsta vetur. Þær virtust líka flottar á sýningu hans í júlí síðastliðnum fyrir sumarið. Nú eru þessar sumarnærur komnar í búð Gallianos á St. Honoré-götu og eru hreint ekki eins flottar, einhverra hluta vegna, og þær voru á fyrirsætunum og kosta litlar fimmtíu evrur. *bergthor.bjarnason@*

# Fegurðin í genunum

***Fegurðina fær Elle Macpherson úr genunum samkvæmt nýlegu viðtali.***

Ofurfyrirsætan Elle Macpherson hefur loksins gefið það upp hver sé lykillinn að baki fegurð hennar.

Fyrir þá sem vonuðust eftir einhverjum leynibrögðum þá verða þeir fyrir vonbrigðum. Macpherson segir nefnilega að það sé ekki góðu mataræði, lýtaaðgerðum, líkamsrækt eða rándýrum snyrtivörum að þakka að hún sé jafn glæsileg og raun ber vitni.

Elle þakkar nefnilega mömmu sinni útlit sitt. „Þetta er allt í gegnunum, ég hugsa ekki of mikið um þetta,“ sagði hún í nýlegu viðtal og auðvitað verðum við að trúa því.



Elle Macpherson er alltaf jafn glæsileg, þökk sé móður hennar.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES











vísir

NFS ER Á VISIR.IS

Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar

NFS







allt matur

Alla föstudaga



**Kaffikönnur** verða oft svartar að innan af mikilli notkun. Með því að láta klórblandað vatn standa í þeim í stutta stund má auðveldlega losna við allan lit úr þeim en mikilvægt er að þvo þær vel á eftir.



Sigrún tekur sér góðan tíma í að lesa blöðin á degi hverjum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Eldhúsborðið er langbest

***Sigrún Þorgrímsdóttir framkvæmdastjóri spáir mikið í hús. Hún á sér eftirlætisstað heima.***

„Ég kann best við mig við eldhúsborðið. Það er ekki bara vegna þess að ég innbyrði þar matinn minn heldur ekki síður af því að þar nýt ég þess að lesa blöðin,“ segir Sigrún og bætir við brosandi: „Ég gef mér alltaf góðan tíma í blaðalesturinn á morgnana og les þá allt sem hönd á festir.“

Sigrún býr í snotru húsi á fallegum stað í Hafnarfirði, rétt við klaustrið. Hún hefur líka sérstakan áhuga á húsum því hún er framkvæmdastjóri fyrirtækis sem var stofnað fyrir rúmu ári kringum byggingu fjögurra fjölbýlishúsa við Lækinn í Hafnarfirði. Nú hefur fyrirtækið vaxið og starfsemin víkkað út. Í tilefni af því breytti það um nafn og heitir nú Hanza. Það segir Sigrún vera til marks um stórhuginn sem einkenni starfsemina. „Nafnið tengist lítillega Hansakaupmönnunum sem ráku umfangsmikil viðskipti hér á landi á 15. og 16. öld. Það var áræðni og kraftur sem fylgdi þeim en höf og fjöll voru þeim engin hindrun á neinn hátt því þeir tengdust 169 borgum í Evrópu.“

Greinilegt er að Sigrún hyggur á landvinninga í víðri merkingu orðsins og það er auðvelt að sjá hana fyrir sér kortleggja heiminn þar sem hún situr við eldhúsborðið sitt í Hafnarfirðinum.

*gun@frettabladid.is*

## STELLIÐ – HÖGANÄS

***Allt frá árinu 1909 hefur hið sænska Höganäs keramik framleitt hentugan og vinalegan borðbúnað. Hann fæst í Duka.***

Enda þótt margt hafi breyst á tæpum hundrað árum í framleiðslu Höganäs gildir enn það sama og í upphafi, steinleirsborðbúnaðurinn sameinar það að vera alltaf bæði nútímalegur og notendavænn. Nýir litir bætast við og aðrir detta út. Formin taka líka breytingum en þó ekki svo stórum að hin eldri verði hallærisleg, allt getur gengið hvað með öðru og allir ættu að geta fundið lit og form við hæfi. Steinleirinn er flottur bæði hversdags og spari, hvort sem er í fínu stofunni, eldhúskróknum eða úti í garði.



Höganäs-steinleirinn fæst með ferköntuðu lagi, sporöskjulagi og kringlóttu.

Brúnn og blágrænn eru nýjustu litirnir.



Litaflóran er fjölbreytt.



GÆÐAHÚS FRÁ HÚS & HÖNNUN
Íbúðarhús · Sumarhús / Íslensk reynsla · Þitt öryggi
Hús & Hönnun ehf
FAGMENNSKA · GÆÐI · HAGSTÆTT VERÐ
Láttu drauminn rætast!
Kynntu þér málið og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
Suðurlandsbraut 16 · Sími 517 4200 · www.husoghonnun.is

PÍANÓSTILLINGAR
Skjót og fagmannleg þjónusta • Verð frá 12.500 m/vsk
Kristinn Leifsson
S. 661-7909 • netfang: kristinn@pianostilling.is

20% afsláttur af stálpottum
Vandaðar heimilis- og gjafavörur
DUKA
Kringlunni - sími : 533 1322

ÚTSALA
ENN MEIRI AFSLÁTTUR
BORÐ FYRIR TVO
KRINGLAN

48 DVD
Byltingarkennd tækninýjung!

Útsala
30% afsláttur af hördúkum, svuntum og renningum.
Villeroy & Boch
Kringlunni

allt tilboð
Alla föstudaga



## Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM POTTAPLÖNTUR



# Vorboðinn ljúfi - óhamingjusöm drottning

**Hortensía**

**Hydrangea macrophylla**
**Notkun:** Blómstrandi planta. Góð í gróðurskála.
**Birta:** Mikil birta en ekki sterkt sólskin á pottinn.
**Hiti:** 18-24°C vor og sumar. 15-18°C haust og vetur. Þolir ekki frost, en ef vetrarhitinn er lægri en 15°C bitnar það á blómguninni, sem verður rýrari.
**Vökvun:** Haldið moldinni síblautri meðan plantan er í vexti, vökvið minna á veturna.
**Umpottun:** Eftir þörfum í stærri pott. Notið ókalkaða (kalksnauða) mold.
**Áburður:** Gefið daufa blöndu vikulega á sumrin.

Hortensían hefur líka verið kölluð hindarblóm á íslensku, en ég sé ekki ástæðu til að gera því nafni hátt undir höfði því hortensíunafnið á sér tengsl við ákveðna persónu og örlög hennar. Sú persónusaga er hluti af Evrópusögunni og þar með hluti af okkar eigin sögu. Hortensíunafnið var plöntunni gefið til að heiðra Hortense de Beauharnais. Hortense þessi var dóttir Jósefínu fyrri konu Napóleons Frakkakeisara. Napóleon gerði Hortense að



kjördóttur sinni og gifti hana síðan bróður sínum Louis (Lúðvík Bonaparte) sem hann svo aftur gerði að kóngi yfir Hollandi sem þá var undir stjórn Frakka. En Louis átti við margt að stríða. Í fyrsta lagi var hið þvingaða hjónaband þeirra Hortensu enginn dans á rósum – þótt tvö eignuðust þau saman börnin. Og í öðru lagi svall Louis móður við að leiðrétta hag Hollendinga og gætti lítt að hvað bróðir hans ætlaðist fyrir. Það líkaði Napóleoni illa og svipti bróður sinn hinum hollenska konungdómi. Þá hörfaði Louis til Ítalíu, þar sem hann bar svo beinin. En þessi umskipti urðu til þess að hjónaband þeirra Hortensu fjaraði út og hún sneri sér að öðrum, líklega skemmtilegri, mönnum og átti eitt barn til viðbótar.

En þessi stutti drottningardómur Hortensu (1806-1811) varð þó til þess að hollenskir garðyrkjumenn heiðruðu hana með því að nota nafn hennar á þessa fallegu plöntu þegar hún kom fyrst á markað. Þá eins og nú hafði gott „lógó“ sitt að segja í markaðssetningu og Hydrangea macrophylla var alls ekki söluvænt nafn. Vísindaheitið þýðir reyndar „þorstlát með stórum blöðum“.

Upphaflega hafði sænski grasafræðingurinn Carl Peter Thunberg komist yfir nokkrar plöntur í þeim japönsku sveitum þar sem nú er borgin Tókýó í leiðangri sem hann fór á vegum Hollendinga nokkrum árum fyrr. Japanir voru þá búnir að rækta og kynbæta tegundina í margar aldir. Það voru þessi ræktuðu afbrigði sem bárust til Hollands undir lok átjándu aldar. Hollenskir garðyrkjumenn tóku fagnandi við og voru búnir að læra á hana í þann mund sem Hortense settist í hið hollenska hásæti.

Hortensían er í eðli sínu fjölær runni sem dafnar ekki inni í stofum nema rétt á meðan hún blómstar. Á öðrum tímum árs er hún betur sett í frostfríum gróðurskála, og þá gjarna sem runni í víðu keri. Ef rækta á plöntuna áfram þarf að stytta allar greinar um helming eftir blómgun og setja hana í 5-7 lítra pott eða stærra ílát. Hortensíur þurfa kalksnauða mold og mikla vökvun meðan þær bera lauf. Í gróðurskálanum þarf hún að fá áburðarvatn vikulega til að vöxtur haldist kröftugur. Á haustin er plöntunum eðlilegast að fella öll lauf og fara í vetrardvala. Blómbrumin þroskast á haustin og þá er áríðandi að halda um 18°C hita á plöntunum til að hafa blómskúfana myndarlega að vori. Þegar brum byrja að þrútna og vöxtur hefst að nýju á vorin má taka hortensíuna inn í glugga aftur. Þar blómgast hún um það bil mánuði síðar og stendur mjög lengi í blóma. Hortensíur eru merkilegar fyrir það að blómlitur þeirra breytist eftir ástandi jarðvegs. Hinn eðlilegi litur þeirra er frá grænhvítu og yfir í skærbleikt. En með því að vökva bleiku afbrigðin með efnasamböndum sem sýra moldina á sérstakan hátt geta garðyrkjumenn kallað fram ýmsa tóna af bláu. Í blómabúðunum er til sérstakur „súr“ áburður sem hentar ef óskað er eftir bláum blómum. ■


Fataskápadagar hjá Axis
helgina 3.–5. mars
Fataskápar



Opið
föstudag: 09:00 – 18:00
laugardag: 10:00 – 16:00
sunnudag: 13:00 – 16:00

Ótal möguleikar
• Axis býður glæsilega fataskápa
• Margar viðartegundir
• Nýtt! Teak og ítölsk eik
• Rennihurðir og hurðir á lömum
• Margar gerðir af skúffum
• Ótrúlegt úrval af höldum
• Ýmsir auka- og fylgihlutir
• Lausnir í fataherbergi

Íslensk hönnun og framleiðsla

AXIS
Smiðjuvegur 9 • 200 Kópavogur
Sími 535 4300 • Fax 535 4301
Netfang axis@axis.is
Heimasíða www.axis.is





MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · www.murbudin.is



KOKOS-SISAL TEPPI

Falleg - sterk - náttúruleg
Verð frá kr. 2.840,- pr. m²
Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800
www.simnet.is/strond
STRÖND EHF.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



útsala
útsala
Útsölulok um helgina
Allt að 70% afsláttur
útsala
útsala
Verið velkomin að Dalvegi 18.
Gallerí Húsgögn
Sími 554 5333





Einn af vöruhönnunarnemum Listaháskólans, Hafsteinn Júlíusson, hugar vandlega að keramikhönnun sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Óhefðbundið keramik

***Nemar á fyrsta og öðru ári í vöruhönnun við Listaháskóla Íslands ljúka brátt afar áhugaverðu námskeiði í keramikgerð.***

Námskeiðið hefur staðið yfir í fimm vikur en því lýkur í næstu viku. Á námskeiðinu áttu nemarnir að búa til ný form í keramik. Nemendur áttu síðan að hafa hina sérstöku Chindogu-hugmyndafræði til hliðsjónar. Chindogu hefur verið skilgreint þannig að það sé uppgötvun á hlut sem leysi áveðið vandamál. Hins vegar hafa Chindogu-uppgötvanir þann háttinn á að sá sem notar uppgötvunina finnur það út að uppgötvunin býr til fleiri ný vandamál eða veldur það vandræðalegum uppákomum að uppgötvunin hefur ekkert notkunargildi. Vegna þessa hefur Chindogu-hlutum stundum verið lýst sem ó-ónothæfum því ekki er hægt að kalla Chindogu-hluti nothæfa. Nemendur í námskeiðið stígu þó ekki skrefið alveg til fulls heldur hafa þau Chindogu til viðmiðunnar.

Námskeiðið er afar fjölbreytt þar sem nemendur ráða miklu um verkefnaval sitt. Sem dæmi um keramikverk eftir nemendurna má nefna sveigða karöflu, pistasíuhnetuskál, dyrabjölluvasa og hnífaparastand.


Beygð vínflaska sem auðveldar að hella úr henni.


Keramik er haft inni í þessum ofni í tvo daga. Eftir þá brennslu er sérstakur glerungur settur á keramikið og það síðan aftur sett í ofninn til brennslu.


Þetta lítur út fyrir að vera venjulegur blómapottur en er í raun hátalari fyrir dyrasíma.


Frá keramikvinnustofunni í Listaháskóla Íslands.

















# LÍFGAÐ UPP Á ELDHÚSIÐ MEÐ LITUM

*Litlir litríkir hlutir sem gera mikið fyrir heildarsvipinn* SJÁ BLS. 12

[ SÉRBLAÐ UM ENDURBÆTUR – FIMMTUDAGUR 2.MARS 2006 ]

# heimilið



FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PHOTOS GETTY IMAGES

## EFNISYFIRLIT


LEYNDARMÁLIÐ ER HRÁEFNIÐ
Eldhúsið hjá Guðmundi Inga BLS. 2

UMHIRÐA EIKARHÚSGAGNA
Góð ráð BLS. 2

SPEGLAR Í ÖLLUM HORNUM
Af öllum stærðum og gerðum BLS. 4





BETRI BUNA
Góð tæki BLS. 6

ELDHÚSIÐ HJARTA HEIMILISINS
Helga Jóhannesdóttir BLS. 8

BUSLAÐ Í BAÐI
Baðkör BLS. 10

NÝ HÚS MEÐ NÝJUM ÁHERSLUM
Nýbyggingar BLS. 14

MATURINN Í RÉTTU LJÓSI
Loftljós BLS. 20







Baðinnréttingar

Innréttingarnar eru sérsmíðaðar eftir þínum óskum.
Þú ákveður viðartegund, höldur og innviði.
Við teiknum, smíðum og setjum þær upp.
Aðeins hágæða efni á verði sem hentar öllum.

BJÖRNINN

Innréttingaþjónusta Bjarnarins ehf.-Ármúla 20-Sími 562 5000-Fax 562 5045-bjorninn@bjorninn.is-www.bjorninn.is

# Leyndarmálið í eldhúsinu er hráefnið

Guðmundur Ingi Þorvaldsson á einfalt eldhús, sem er hvorki stórt né hlaðið nýjustu græjum.



Guðmundur spilar fyrir matinn en gítarinn á sinn sess og sæti við eldhúsborðið.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Einn morguninn fyrir þremur árum fékk Guðmundur Ingi Þorvaldsson, leikari og leikstjóri, nóg af fínu, flottu og jafnframt rándýru íbúðinni sinni í Neshaga. Íbúðin hafði þá kostað hann fúlgur fjár, og það sem meira var, svefn og sálarró. Hann seldi íbúðina og flutti út á Öldugranda þar sem hann keypti litla og hlýja íbúð fyrir lítinn pening.

Eldhúsið heima hjá Guðmundi er hvorki stórt né hlaðið nýjustu græjum. Því fylgir hins vegar einhver hlýja sem erfitt er að henda reiður á. „Þetta er bara einfalt eldhús, en oft kemur vondur matur úr góðu eldhúsi," segir Guðmundur. „Leyndarmálið við gott eldhús er fyrst og fremst hráefnið og ég bý svo vel að eiga foreldra sem eru bændur og ég fæ reglulega sent ferskt hráefni úr sveitinni."

Guðmundur er góður kokkur og að sögn sérfræðingur í innmat. „Þegar ég var fimmtán ára veiktist amma mín og þurfti að fara á spítala. Þá var ég settur í eldhúsið. Afi valdi hráefnið, fór bara í frystikistuna og tók eitthvað upp og svo átti ég að elda það. Það var alveg magnað að það var sama hvað ég gerði, það var alltaf étið. Smám saman lærði maður og varð góður," segir Guðmundur.

Mikil tilraunamennska með íslenskt hráefni fer fram í eldhúsinu hjá Guðmundi. „Sumum réttum á ekki að hrófla við, kjötsúpa er til dæmis best daginn eftir. Svo eru réttir sem ég hef þróað. Ég nota aldrei uppskriftabækur því þetta á að vera sköpun. Allar uppskriftabækurnar sem ég hef fengið gefins frá vinunum eru enn í plastinu," segir Guðmundur og glottir. „Þetta lærði ég af pabba mínum. Hann var vanur að opna ísskápinn, horfa á hann í fimm mínútur, taka svo út hráefni og úr varð matur."

Tveir hlutir skera sig úr í eldhúsinu. Annar þeirra er forláta kaffivél og hinn er gítar sem staðsettur er við eldhúsborðið.

Gítarinn fékk Guðmundur frá ömmu sinni og afa þegar hann útskrifaðist úr Menntaskólanum á Akureyri. „Maður verður að spila fyrir matinn og gefa honum jákvæðar jónir," segir Guðmundur og hlær. „Það er fínt að setjast niður og glamra á gítarinn þegar maður bíður eftir að suðan komi upp og þannig lagað."



Kjötsúpa er alltaf best daginn eftir.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Kaffivélin er hins vegar gjöf frá tengdaforeldrunum. „Þau keyptu vélina á Ítalíu í Mílanó og höfðu heilmikið fyrir því að koma henni heim. Hún fór meira að segja með þeim í flugið í handfarangrinum," segir Guðmundur og hlær. „Hún er alveg nauðsynleg því í henni bý ég til besta kaffið."

Eftir að hafa spjallað í hartnær tvo tíma um eldhús og leiklist þarf Guðmundur að sinna vinnunni. „Ég er nýbúinn að frumsýna verkið Hungur sem fjallar meðal annars um anorexíu og ofát," segir Guðmundur. „Svo leik ég líka í Glæp gegn diskóinu en bæði verkin hafa gengið vel og fengið fína dóma."



Kaffivélin sem kom með handfarangri frá Ítalíu.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Við fáum ekki nóg ...

.. af Sjöunni hans Arne Jacobsen. Felstir vilja hana svarta eða hvíta. Af hverju ekki að prófa appelsínugula, bleika eða græna? Ekkert mál að láta sprautalakka hana í öðrum lit þegar maður fær leið á litnum.



## Góð ráð varðandi eikarhúsgögn

Eikarhúsgögn geta verið viðkvæm og að ýmsu verður að gæta þegar kemur að slíkum mublum.

Þar sem eikin hefur djúpt æðakerfi er ráðlagt að hlífa viðnum við vatni. Mikið vatn eyðileggur lakkhúðina.

Gætið þess að ljós eik mun dökkna á fyrstu vikunum. Forðist því að hafa vasa og skálar á sama staðnum mánuðum saman því hætt er við því að dökkt far myndist undir þeim. Heitt og þurrt loft veldur þenslu eða samdrætti í viðnum sem getur orsakað það að límið losnar og því er mikilvægt að loftræsta rýmið sem húsgögnin standa í.

Mjög mikilvægt er að nota aldrei kemísk efni á eik því þau skaða lakkið og skilja eftir ljóta bletti. Ágætt er að vaxbera húsgögn með glansandi yfirborð en ekki er ráðlagt að vaxbera mattlakkað yfirborð. Auðvitað skal forðast að setja heita hluti eða hluti sem geta rispað á yfirborð eikarhúsgagna. Þegar þurkað er af eikarhúsgögnum er gott að nota rakan klút og strjúka honum langsum eftir legu viðarins.




Rýmingarsala
Rýmum fyrir nýjum vörum í nokkra daga
15-50 % afsláttur
Gólfdúkar – Stök teppi – Keramikflísar - Dreglar - Plastparket
Málning – Veggfóður - Skrautlistar
Litaver – Teppabúðin Grensásveg 18 Sími 581-2444

Svefn & heilsa
★★★★★



SIGRÍÐUR BEINTEINSDÓTTIR
SÖNGVARI

**SVEFN & HEILSA
EF ÞÚ VILT
LÁTA ÞÉR
LÍÐA VEL**



**Stórt páskaegg fylgir öllum dýnum fyrir páska**









# ÓTRÚLEG FERMINGARTILBOÐ

## FERMINGARGJAFIR Í ÚRVALI

Sængurverasett

Pakkatilboð á hlífðardýnu, laki, og pífu

Munið gjafakortin



**Pocket Boxspring**
90x200 kr. 24.900.- stgr.
120x200 kr. 29.900.- stgr.
140x200 kr. 34.900.- stgr.

**Beauty Sleep**
90x200 kr. 34.900.- stgr.
97x200 kr. 39.900.- stgr.
120x200 kr. 49.900.- stgr.
135x200 kr. 54.900.- stgr.
153x200 kr. 59.900.- stgr.

**Healthy Sleep**
90x200 kr. 44.900.- stgr.
97x200 kr. 49.900.- stgr.
120x200 kr. 59.900.- stgr.
135x200 kr. 64.900.- stgr.
153x200 kr. 69.900.- stgr.

**Royalty**
97x203 kr. 69.900.- stgr.
120x200 kr. 79.900.- stgr.
137x203 kr. 89.900.- stgr.
153x203 kr. 109.900.- stgr.

Verð með fótum og þykkri áfastri yfirdýnu.






BIFLEX með IQ-CARE heilsudýnu 90x200 cm.
Verð kr. 99.950 stgr.

★ GÆÐI
★ GÓÐ VERÐ
★ ÞJÓNUSTA
★ ÚRVAL
★ ÞEKKING







Svefn & heilsa
★★★★★

*Verið velkomin*

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00



Langir speglar fara vel yfir borðstofuskáp eða sófa. Þessir fást í Rúmfatalagernum.



Hægt er að velja sér ramma að vild í Gleriðju Erlings Ó.



Silfur- og stállitir rammar eru vinsælir í dag. Þessir eru í Uniku.



Speglagerð Erlings Ó. býður upp á úrval af speglum, bæði sérsmíðuðum og tilbúnum.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Verslunin Unika í Fákafeni selur spegla og ýmislegt fleira.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Speglar í öllum hornum

*Á hverju heimil verður að vera spegill.*



Speglar sýna okkur hvernig við lítum út og þeir gera meira en það. Þeir setja glæsilegan svip á heimilin og gefa þeim hallaryfirbragð. Þessu hefur nútímamaðurinn áttað sig á og eru speglar í tísku um þessar mundir. Það staðfestir Erlingur Ó. Ólafsson, sem hefur unnið við speglagerð í áratugi og hefur rekið eigið fyrirtæki frá 1990. Gleriðja hans er á horni Laugarnesvegar og Sundlaugavegar og þar unir hann sér vel enda nóg að gera við að skera niður gler og ramma inn eftir óskum hvers og eins, auk þess sem hann selur tilbúna spegla. „Það er orðið algengara en áður var að fólk hafi spegla inni í stofu, til dæmis yfir sófa eða borðstofuskáp. Svo eru þeir alveg sjálfsagðir í forstofur og ganga,“ segir hann. Það fer eftir smekk hvort og hvernig ramma fólk velur en silfur og stállíki er vinsælt rammaefni ekki síst á baðherbergin.



Speglar með höggnum brúnum er sérgrein Erlings Ó.



Spegill með voldugum viðarramma í Uniku, Fákafeni.



Brúnir rammar eru sígildir utan um spegla. Þessi fæst í Rúmfatalagernum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Pólýhúðun

Powder coating




Það getur verið að sumum þyki gaman
að pensla en hinir láta okkur PÓLÝHÚÐA
og þurfa svo ALDREI að pensla

**Eigum á lager yfir 350 RAL Liti**

## Pólýhúðun ehf

S: 544 5700 * www.polyhudun.is
Smiðjuvegi 1 * 200 Kópavogur

# Bjóddu móður náttúru inn

Leyfðu vorinu að springa út innandyra.

Með vorið á næsta leiti er tilvalið að leyfa heimilinu að springa út, koma inn með bjarta liti og myndir af blómum og trjágróðri. Skærir litir eru flottir í leirtaui og púðum á meðan blómavasar eru flottir í jarðarlitum og grænum tónum. Tilvalið er að fara út með myndavélina, mynda haustlauka sem eru að springa út og trjágreinar, láta prenta myndirnar á borðdúka, gardínur eða púðaver.

Einnig er hægt að útbúa skuggamyndir af ljósmyndunum, varpa þeim á vegg með myndvarpa og mála á veggina. Blóm og mynstur eru mjög heit um þessar mundir í húsbúnaði og því tilvalið að koma þeim að, nánast hvar sem er. Glansmyndir af blómum er hægt að líma á gamlar kommóður eða borð og lakka yfir með glæru lakki.



Sniðugt er að nota ljósmyndir af trjám til að prenta á púða eða dúka. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Blómamynstur frá Cole and Son.



Fallegur trjágróður. Veggfóður frá Cole and Son í London. Sjá www.cole-and-son.com



Silfurlitað og glansandi veggfóður með blómum. Sjá www.cole-and-son.com






Tengi. Glæsilegur sturtuhaus frá Vola. Blöndunartækin eru öll innfelld, sem leyfir flísunum að njóta sín betur og baðherbergið verður stílhreinna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Egill Árnason. Oval-línan frá Gessi er stílhrein og glæsileg. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Baðheimar. Þetta er sannkallaður sturtuhaus. Þessi er frá Bossini og er 30 sentimetrar að þvermáli og óhætt að segja að menn þurfi að standa sterkum fótum undir þeirri bunu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Betri buna ef tækin eru góð

Úrvalið er mikið af blöndunartækjunum núna. Margir kjósa mjúkar og ávalar línur en kubbslaga blöndunartæki sækja sífellt í sig veðrið.

Vinsælustu blöndunartækin fyrir baðherbergið í dag eru á vissan hátt framúrstefnuleg og mætast nú tvennar öfgar. Annars vegar er mjúka línan þar sem kranar eru bogadregnir og sturtuhausar kringlóttir og hins vegar ferköntuð lína sem er ögn voldugri. Ferkantaða línan passar vel inn á baðherbergi þar sem stílhrein hönnun er höfð í fyrirrúmi en mýkri línan gefur meiri hlýju og annars konar yfirbragð á heildarútliti baðherbergisins.

Þegar kemur að vali á blöndunartækjum er þolinmæðin mikilvægust. Úrvalið er gríðarlegt og fyrstu skrefin ættu að vera að safna að sér bæklingum og skoða vel þær vörur sem eru í boði þar sem heildarútlit innréttingar getur auðveldlega farið í vaskinn ef blöndunartækin stinga í stúf.



Baðheimar. Odisea Kuatro-línan frá Ramon Soler. Blöndunartæki fyrir vask. Í þessari línu má einnig fá krana með framparti sem hægt er að snúa um fimmtán gráður.



Baðheimar. Odisea Kuatro-línan frá Ramon Soler. Hausinn má einnig fá innfelldan í vegg ásamt kubbslaga blöndunartækjum sem þá má raða upp að vild á sturtuveggnum.



Baðheimar. Odisea Kuatro-línan frá Ramon Soler.



Egill Árnason. Gessi, Oval-línan. Í þessari línu fást blöndunartæki í ýmsum stærðum og gerðum, hvort sem er fyrir frístandandi vaska eða innfellda. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# MIRALE



Hönnun: Toshiyuki Kita
verð kr. 292,900
**TILBOÐ kr. 239,000**



Hönnun: Le Corbusier
verð kr. 324,900
**TILBOÐ kr. 259,000**

Cassina

MIRALE
Grensásvegi 8
108 Reykjavík
sími: 517 1020
opið:
mán.–föstud. 11–18
laugard. 11–16

Mirale er eini
viðurkenndi söluaðili
Cassina á Íslandi



Stólarnir við eldhúsborðið bjóða upp á notalega stemningu.



Kaffikannan tónar vel við granítið í borðplötunum.



Borðstofuborðið sem þær mæðgur sitja við er beintengt eldhúsinu.



Helga og heimasætan Katrín Birna sem er níu ára.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Eldhúsið er miðdepill og hjarta heimilisins

Margt er mallað og brallað í eldhúsinu hjá Helgu Jóhannesdóttur og Jóhannesi Davíðssyni í Rimahverfinu í Grafarvogi.

Það sem einkennir eldhúsið hjá Helgu og Jóhannesi er að frá því er opið í allar áttir. Það er því miðdepillinn í húsinu og hjarta heimilisins eins og Helga lýsir. „Eldhúsið er mikið notað enda er áhugamál okkar hjóna að elda mat. Við erum því alltaf í eldhúsinu og borðstofunni meðan verið er að elda, borða og spjalla eftir matinn. Mér finnst það algerlega æðislegt. Það er svo gott að sitja við borðstofuborðið og þar virðist öllum líða vel,“ segir Helga og bætir við: „Það hefur eiginlega orðið þannig að við notum ekki stofuna nema á jólunum!“

Helga lýkur miklu lofsorði á gasvélina, sem er eina eldunartækið á heimilinu. „Við höfum verið með gas frá því við fluttum hér inn og ég mundi ekki skipta því út fyrir nokkuð annað. Mér finnst það bara meiriháttar,“ segir hún en viðurkennir að sig langi í stærri eldavél. „Þegar við vorum að koma þessu eldhúsi upp fengust ekki stórar gaseldavélar en þær eru komnar núna. Það er draumur að skipta út eldavélinni.“ segir hún.

Innréttingin í eldhúsinu er tólf ára og er frá fyrirtækinu Eldhús og bað sem Ármannsfell átti á þeim tíma sem þau hjón keyptu hana. Hún var teiknuð eftir þeirra óskum. „Ef við værum að byggja í dag mundi ég hafa eldhúsið tvisvar til þrisvar sinnum stærra en þetta. Þó svo það sé opið inn í borðstofuna finnst mér vanta rými í eldhúsinu,“ segir Helga en bætir svo við brosandi: „En við erum ekki að fara að byggja.“ Hún kveðst stundum fá ævintýralegar hugmyndir og hafa orðað það við manninn sinn að taka þvottahúsið undir eldhús. „Honum finnst ég galin! Samt er aldrei að vita hvað við gerum!“



Eldhúsinnréttingin var keypt hjá Eldhúsi og baði fyrir tólf árum.


FLOTTUR PAKKI

Fylgir öllum impuls eldhúsinnréttingum



1.Digital Ísland upptökulykill

2.Leiga út árið 2006

3.Afnotagjald af Sýn út árið 2006



impuls

2283 Taktík

PANORAMA

ELDHÚS • TÆKI • BAÐ • FATASKÁPAR

.... miðstöð innréttinga

Síðumúla 30 • 108 Reykjavík

s. 553 6400 • f. 553 6403 • panorama@panorama.is • www. panorama.is

OPIÐ
Virka daga kl. 10 - 18
Laugardaga kl. 11 - 14


## Sígild hönnun }

BestLite-lampinn var hannaður árið 1930 af enskum hönnuði, Robert Dudley Best, sem þykir einn af merkari hönnuðum 20. aldarinnar.

Lampinn hefur verið í framleiðslu allt frá því að hann var hannaður og telst tímalaus hönnun. Jafnframt er hann talinn fyrsti hluturinn sem hannaður var á Englandi í anda Bauhaus. Upphaflega var hann notaður á verkstæðum, og seinna af arkitektum, en náði frægð þegar Winston Churchill sagðist sérstakur aðdáandi gripsins.

Lampinn er mikið notaður á hótelum og skrifstofum víða um heim, einnig á heimilum fólks og á síðustu árum hafa vinsældir hans vaxið mikið í Skandinavíu. Lampinn er framleiddur í nokkrum útgáfum, sem borðlampi, vegglampi, standlampi eða loftljós. Epal selur BestLite á Íslandi.



www.rosendahl.dk

ROSENDAHL DANMARK




epal

Epal ehf. / Skeifan 6 / Sími 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is



Tengi. Kaldewei-baðkör eru með ýmsu lagi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Baðheimar. Lanzarote-nuddbaðkar. Karið rúmar tvær manneskjur og hefur höfuðpúða báðum megin. Unaður fyrir unaðsseggi.



Egill Árnason. Riho Lusso baðkar. Baðinnréttingin er úr eik og hægt er að fá hana í fjölda viðartegunda í stöðluðum stærðum. Í boði eru mismunandi skápastærðir og hjólaborð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Buslað í baðkari

Færst hefur í aukana síðustu ár að meira rými er ætlað fyrir baðherbergi. Í takt við stærra rými virðist fólk kjósa stærri baðkör og eru hornbaðkörin þar vinsælust.

Síðustu ár hefur það notið mikilla vinsælda að fella baðkarið inn í heildarmynd baðherbergisins. Flísalagt er í hólf og gólf og ná þá gólfflísarnar upp að baðkarsbrúninni eða þá að kantur er hafður umhverfis karið þar sem geyma má kaldan drykk og sjampóið. Mörg karanna koma með tilbúnum botni svo auðveldara er að flísaleggja beint á hliðar karsins. Hornbaðkörin hafa einnig notið mikilla vinsælda. Hornbaðkörin má fá með nuddi eða án og auðvelt er að nýta þau einnig fyrir sturtuaðstöðu.

Fyrir þá sem kjósa að baðkarið sé frístandandi er úrvalið einnig nóg og hafa frístandandi baðkör oft skemmtilega lögun annað hvort í klassískum stíl eða nýstárlegri.

Frístandandi baðkör eru oft herbergjaprýði og oftar en ekki þungamiðja baðherbergisins ólíkt því þegar körin eru felld inn í innréttinguna.



Tengi. Kaldewei-baðkar. Niðurfall í miðju karsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Egill Árnason. Quibec -hornbaðkar með nuddi og sæti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Egill Árnason. Alessi-baðkar. Hönnunin er mjúk og baðkarið er egglaga. Í Alessi-línunni má einnig fá vask og klósett í sömu línu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Tengi. Ifö-hornbaðkar með nuddi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Tengi. Neomedian-hornbaðkar. Skarpar útlínur. Hér er settur sturtuveggur á helming baðkarsins. Falleg lausn ef karið er einnig nýtt fyrir sturtuaðstöðu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN








## Málum eldhúsflísarnar sjálf

Að mála eldhúsflísarnar getur frískað verulega upp á eldhúsið. Það getur verið vandasamt verk en ef rétt er að farið getur útkoman verið góð.

Til að koma í veg fyrir óþarfa tjón byrjum við á því að bera út eða breiða yfir allt sem málningin gæti slest á. Ef einhverjar flísar eru skemmdar og nauðsynlegt er að skipta um þær verður nýja fúan að fá að þorna í viku áður en málað er. Þegar allt er tilbúið byrjum við á því að hreinsa alla fitu af flísunum og látum þær þorna vel.

Á grunninn notum við vatnsþynnanlegan gervihárapensil og gætum þess að pensilstrokurnar séu alltaf í sömu átt. Grunnurinn verður að fá að þorna í einn sólarhring áður en málað er. Strjúkum yfir pensilaför með 120 sandpappír og síðan aftur með rykklút. Því næst málum við flísarnar með lakkinu og gætum þess að pensilstrokurnar séu eins og í grunninum til þess að áferðin verði góð. Gætum þess að það skíni hvergi í grunninn til þess að áferðin verði vatnsheld.

Þegar lakkið er þornað strjúkum við yfir allar misfellur með 180 sandpappír og svo aftur með rykklútnum. Þá erum við tilbúin í seinni umferðina sem við málum eins og áður. Nánari upplýsingar er að finna á málningardósinni og auðvitað hjá fagmönnum.

## Á netinu...

rákumst við á nýja vefverslun. www.thorstenvanelten.com, þar sem hægt er að finna heilmikið af spennandi og skemmtilegum heimilismunum.

Eins og þessir flottu bollar á fæti eftir íslenska hönnuðinn Hrafnkel Birgisson. Þar eru einnig kristalsvínglös sem líta út eins og plastglös á fæti, upptrekkt tékknesk leikföng, dúfuljós, postulínsstígvél og margt margt fleira.











Fallegur sófi með tungu og skemli (hægt að nota sem sófaborð) á frábæru verði: 330x140 sm. + skemill 100x80 sm. Verð: 189.000

# heima
## húsgagnaverslun



295x160 sm. Verð: 119.000

opið: virka daga 10-18, laugardaga 11-16.

heima

bláu húsunum við faxafen - 108 reykjavík - 568 4242 - heima@heima.is

Grafíska smiðjan ehf. 03.06



**KF-300**
Hæð 177,2 cm
Breidd 55,8 cm
**Kr. 69.500,-**



**KF-350**
Hæð 2 m x Breidd 59,5
**Kr. 93.300,-**
*Einnig til ál og stál*



# GRAM
## SJÓÐHEIT GÆÐI



Stál Kr. 89.800,-





Stærð: 77 x 51,8 cm
**Kr. 69.700,-**



Ál Kr. 89.800,-





Stál / Ál / Spegill
**Kr. 85.600,-**



Stál Kr. 82.800,-





# FÖNIX
**Hátúni 6a • Sími 552 4420**

# Lífgað upp á eldhúsið

Ýmislegt er hægt að gera til þess að lífga upp á eldhúsið og það þarf ekki endilega að kosta mikið.



Það getur verið mikil breyting að mála eldhúsið í nýjum lit. Ef eldhúsinnréttingin er gömul má jafnvel mála hana líka.



Nýjar gardínur gefa eldhúsinu alveg nýjan svip.



Nýir stólar hafa mikið að segja.



Veggfóður getur komið mjög vel út í eldhúsinu.



Falleg blóm fegra alltaf umhverfið.



Nýir skermar á loftljósin geta verið skemmtilegir.



Litrík heimilistæki lífga upp á eldhúsið.



Það er ekki mikið mál að skipta um skápahöldur en það getur verið mikil tilbreyting í því.











opið virka daga 10-18 laugardaga 11-16 sunnudaga 13-16

# KYNNINGARTILBOÐ Í MARS - NÝ VARA

**30%** afsláttur af Coffie eik og Grá eik **20%** afsláttur af Natur eik

mira art

HÚSGÖGN

bæjarlind 6 201 kópavogi sími 554 6300 www.miraart.is




KORTER.IS



Parket og gólf býður úrval gólfefna og þá sérstaklega parket. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Hurðirnar í Parket og gólf eru fjölbreyttar og meðal annars hægt að fá þær með gleri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Einfaldleikinn getur verið glæsilegur, eins og á þessari hvítlökkuðu hurð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Parkett, hurðir og grunnaðir veggir

Parkett og gólf er sérvöruverslun sem leggur áherslu á hurðir og gólf- og veggefni. Meðal þess sem verslunin selur er veggir sem koma grunnaðir. Þeir eru tilbúnir til málunar og minnka þannig allt umstang er fólk er að byggja. Hurðirnar þar einnig vakið mikla lukku.

„Við leggjum mikið upp úr þjónustu og gæðum,“ segir Óskar Alfreðsson, eigandi verslunarinar Parket og gólf. „Verslunin er orðin meira en tuttugu ára gömul og á þeim tíma höfum við alltaf lagt mikla áherslu á að vera fyrstir með nýjungar,“ segir Óskar og tekur fram að verslunin hafi stækkað mikið á þessum tuttugu árum.

Parket og gólf er til húsa í Ármúla 23 og síminn er 568-1888.

# Ný hús með nýjum áherslum

Kröfur þeirra sem byggja sér hús hafa breyst töluvert síðustu ár og áratugi. Alls kyns nýjungar eins og innbyggt ryksugukerfi og hiti í öllum gólfum verða sífellt algengari.

Elín Kjartansdóttir, arkitekt á Arkitektur.is á Hverfisgötu, segist verða vör við breyttar áherslur og auknar kröfur hjá viðskiptavinum sínum. „Það er mjög einstaklingsbundið hvað fólk vill en það eru ákveðnir hlutir sem er meira beðið um núna en áður,“ segir Elín. Hún segist sjálf ekki verða mikið vör við að fólk vilji innbyggt ryksugukerfi en hins vegar vilji fólk hafa sjónvörp og tölvur í nánast öllum herbergjum. „Það þarf að vera möguleiki á að geta tengt þess tæki hvort sem það er í hjónaherbergjum eða barnaherbergjum. Það er því áberandi hvað þarf miklu meira af raflögnum og tölvulögnum, vegna lýsingar, sjónvarpa og alls kyns tækja heldur en fyrir nokkrum árum.“

Elín segir að þróunin hafi líka verið í þá átt að stækka barnaherbergin. „Fleiri tæki og meira dót fylgir börnum en áður og þetta rúmast ekki lengur inni í einhverjum sjö fermetrum.“

Elín segir að ein af þeim breytingum sem hún hefur tekið eftir sé að fólk vilji hafa eldhús, stofu og borðstofu í hálfgerðu alrými. „Fólk hefur áttað sig á því að börnin vilja læra inni í borðstofu eða einhvers staðar nálægt foreldrum sínum þegar þeir eru að elda. Þetta er því ekki eins og áður þegar að allt var lokað af. Fólk vill líka hafa eldhúsin flottari þar sem þau tengjast stofunum og eldhúsin eru að stækka á kostnað stofanna.“

Elín segir að það sé fólki mikilvægt að baðherbergi séu góð. „Fólk vill hafa bæði baðkar og sturtu, upphengt klósett sem er auðvelt að þrífa undir og handklæðaofn.



Elín Kjartansdóttir arkitekt á Arkitektur.is. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Margir vilja ekki lausan sturtuklefa með sturtubotni heldur innbyggðan sturtuklefa og hitalagnir í gólfi eru orðnar mjög algengar á baðherbergjum.“

Elín segir að hitalagnir í gólfum sé takmarkist reyndar ekki bara við baðherbergi. „Margir vilja hafa hitalagnir í öllum gólfum og ef að fólk fer til dæmis út í að flísaleggja stofur þá vill það fá hitalögn undir flísarnar. Þeir sem eru með parkett eru kannski með hluta af húsinu með hitalögnum í gólfi og hluta með venjulegum ofnum. Það er orðið algengt að hús séu með stórum gluggum sem ná alveg niður í gólf og þá er erfitt að koma hefðbundnum ofnum fyrir.“

Að lokum segir Elín segir að öll lýsing sé orðin fólki mjög mikilvæg. „Það er ekki nóg að vera bara með einn ljósakúpul í loftinu því lýsing er orðin hönnunaratriði. Það er verið að fella ljós ofan í gólfið og inn í veggi og fólk notar lýsingu til þess að skapa ákveðna stemningu.“






## Með fátækt Brasilíu að leiðarljósi



Stóll eftir Campanas bræður.

Brasilísku bræðurnir Fernando og Humberto Campana eru meðal athyglisverðustu vöruhönnuða okkar tíma. Þeir hafa notið mikillar hylli fyrir hönnun sína, sem þeir byggja að miklu leyti á arfleið brasilískra fátækrahverfa. Campanas-bræðurnir hafa safnað saman og nýtt efni eins og smáspýtur og rusl af götum og úr gámum til þess að búa til glæsileg húsgögn. Þess vegna verða húsgögn þeirra mjög gróf og þeim mun áhugaverðari. Campanas-bræður halda úti skemmtilegri heimasíðu á campanas.com.br þar sem hægt er að kynna sér hönnun þessara brasilísku frumkvöðla.

## Við elskum...



ævintýralega hönnun Tord Boontje. Dádýr og blóm sem aðeins gætu átt heima í ævintýrum verða að veruleika í fallegri og leikandi hönnun. Midsummer light fæst í Iðu en frekari hönnun eftir Tord er hægt að sjá á www.tordboontje.com






# Hvernig á að þrífa parkettgólf?

Olíuborin parkett- og trégólf á ekki að þvo í þrjátíu daga eftir að þau hafa verið olíuborin. Ef þrífa þarf gólfið skal nota lítið vatn og enga sápu. Mun betra er að nota þurrþvegla eða ryksugu. Ef ryksuga er notuð skal gæta þess að burstinn undir henni rispi ekki gólfið. Á olíuborið parkett á að nota feitar sápur eins og grænsápu eða aðrar sápur sem eru sérstaklega gerðar fyrir olíuborin gólf. Mikilvægt er að nota aldrei sterka sápu eða hreingerningarlög á olíuborið parkett og auðvitað að olíubera parkettið reglulega til að ná hámarksendingu.

Lökkuð parkett- og trégólf ætti að þrífa daglega með þurrþveglum eða ryksugu. Þó svo að það sé í lagi að þrífa parkett með vatni skal gæta þess að hafa tuskuna ekki rennandi blauta og þurrka gólfið á eftir. Á lakkað parkett á aðeins að nota þar til gerðar sápur. Ef feitar sápur eru notaðar á lakkað yfirborð skilja þær eftir sig fituhúð á gólfinu sem gerir það að verkum að viðurinn lítur út fyrir að vera skítugri en hann var áður en hann var þrifinn.

## Speglar..

Speglar geta gert heilmikið fyrir heimilið, sérstaklega ef notuð er rétt lýsing og litasamsetning með þeim. Í stóru og björtu rými auka speglar birtuna og gefa því kaldara yfirbragð. Í smærra rými, þar sem speglar eru notaðir með dökkum litum, er rýminu gefin meiri dýpt og það stækkað. Spegla er hægt að nota á marga vegu og alger óþarfi að hengja þá bara á vegginn því vel er hægt að klæða húsgögnin með speglum, smíða úr þeim náttborð, snyrtiborð, hurðir og fleira.






*Fermingar nálgast*

*Dúnsængur og koddar í miklu úrvali*

DÚN & FIÐUR

*Laugavegi 87*

*Sími 511 2004 – 551 8740*

vísir

NFS ER Á VISIR.IS

Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar

NFS




EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF HEILSUDÝNUM

FERMINGARTILBOÐ

Comfort Latex

First Class




NEVER TURN

Svæðaskipt heilsudýna

55 ÁRA 1950-2005

Verslunin Rúmgott · Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121

Opið virka daga frá kl. 10-18 - laugardaga kl. 11-16

www.rumgott.is



Borð og stóll í stíl. Hægt að fá hjá buy.com



Falleg ljósakróna er að sjálfsögðu nauðsynleg yfir nýja eldhúsborðið. Þessi ljósakróna er með kertaljósaperum sem gefa fallega birtu. Fæst á heimasíðunni onlineusashop.com

# Hannaðu eldhúsið á netinu

Að finna húsgögn fyrir heimilið getur stundum verið mikil kvöl. Hér á hinu litla Íslandi getur maður nefnilega alltaf átt það á hættu að kaupa húsgagn sem nágranni eða besti vinur manns á kannski líka. Svo einfaldlega finnur maður ekki alltaf það sem maður leitar að, í annars ágætri flóru íslenskra húsgagnaverslana.

Engum til undrunar er hægt að kaupa fjölbreytt húsgögn, fyrir til dæmis eldhúsið, á netinu. Þar er flóran slík að enginn maður gæti nokkurn tíman skoðað allt það sem í boði er. Dæmi um skemmtilegar heimasíður þar sem hægt er að kaupa margvísleg húsgögn eru buy.com, amazon.com, kitchenshop.com, rivvo.com og margar aðrar. Hér eru dæmi um húsgögn sem hægt er að kaupa á netinu og setja í eldhúskrókinn.



Þægilegur og flottur eldhússtóll. Fæst á heimasíðunni williams-sonoma.com.



Fín ávaxtaskál sem nota má að nýja fína eldhúsborðið. Fæst á amazon.com




# Ryksugan á fullu

Ryksugur eru ekki flókið fyrirbæri. Hins vegar vekur fátt upp jafn óþægilegar tilfinningar og lélegar ryksugur.

Hver gæti lifað á heimili án ryksugu? Reyndar væri hægt að komast af með sóp en það væri aðeins gert með miklum herkjum, eitthvað sem nútímasamfélag er ekki mikið fyrir. Hér fyrr á árum var inni á nær hverju heimili ein stöðluð ryksuga, oftast hin goðsagnakennda Nilfisk. Gömlu ryksugurnar voru ekki flóknar verkfræðismíð en í dag hefur bæst við fjöldinn allur af aukabúnaði. Mismunandi hraðastillingar og fjölbreyttir hausar, sem maður skilur stundum ekkert í hvernig á að nota, eru nú orðnir að staðalbúnaði með nýkeyptum ryksugum. Hálfdán Guðmundsson, starfsmaður heimilistækjaverslunarinnar Eirvík, segir að mikilvægt sé að velja góðan haus eftir því hvernig gólfbúnað er verið að ryksuga yfir.

Hálfán segir að mikið vatn sé runnið til sjávar síðan að gömlu Nilfisk-vélarnar voru og hétu. Sem dæmi hafi kraftur ryksuga aukist um allt að 300 prósent. Hann bendir þó á að fólk megi ekki láta glepjast af háum tölum. „Hversu mörg vött ryksugan er segir ekki alveg alla söguna. Það vantar almennilegan mælikvarða á hvað ryksugur eru að sjúga upp marga rúmmetra á klukkustund. Vöttinn segja í raun bara hvað ryksugan eyðir miklu rafmagni,“ segir Hálfdán og bendir á að fyrir ári síðan hafi verið gerð óháð rannsókn í Þýskalandi þar sem ryksugum hafi verið gefin einkunn eftir hæfni þeirra. Þar kom best út eina ryksugan sem var 1600 vött á meðan hinar voru allar 1800 og 2000 vött.

Hálfdán telur að það se mun mikilvægari kostur í ryksugum að mótor þeirra sé endingargóður. „Einnig eru komnir á markað nýir pokar. Gömlu bréfpokarnir byggðu á um 30 ára gamallri hefð og þeir einfaldlega rifnuðu of mikið. Nýju pokarnir eru úr hálfgerðu tauefni sem rifnar ekki.“ Hálfdán segir að nýju pokarnir hafi betri loftsíur sem koma í veg fyrir að ryksugan spúi fínustu rykögnunum aftur út.

Hálfdán bendir fólki á að margar auglýsingar seu mjög villandi. „Oft er til dæmis talað um sexfalt filter-lag en slík mælieining er ekki til. Af hverju er ekki einfaldlega sagt nákvæmlega hvað loftsían er stór í míkrómetrum? Það er oft verið að búa til eitthvað flott á pappírum sem stenst síðan ekki. Það bylur oft hæst í tómri tunnu.“ Að lokum segir Hálfdán að mikilvægast sé endingin, áreiðanleikinn og krafturinn í ryksugum og eins og með annað er oft betra að eyða örlítið meiri pening í meiri gæði.



Ryksugur eru mikilvægt heimilistæki sem hjálpa til við að glæða heimilið.

www.ljosin.is





Vorum að fá nýja sendingu af ljósum frá Spáni

Ljósin í bænum
SUÐURVERI











Opið: Virka daga kl.10.00 til 18.00, Laugardaga kl.11.00 til 16.00 Stigahlíð 45 105 Reykjavík Sími 553 7637

## Á netinu...

voru það þessir mynstruðu púðar eftir ameríska hönnuðinn Thomas Paul, sem vöktu athygli okkar. Nýtískulegir og alveg í anda mynsturbylgjunnar sem gengur yfir í heimilistískunni um þessar mundir. Hann notar fallega bjarta liti, og sérstök mynstur sem eru í senn gamaldags og nýtískuleg. Ásamt flottri línu af púðum, hannar hann diska sem eru það flottir að varla er hægt að borða af þeim, enda myndu þeir sóma sér betur á fallegum vegg. Til stendur að víkka út vörulínuna og hanna lampa, rúmföt og teppi. Hægt er að nálgast vörur Thomas Paul á netinu. Sjá www.thomaspaul.com eða www.heals.co.uk.



## Við elskum....

Lecco-hillueiningarnar í Habitat. Hægt er að raða þeim á ótal vegu. Láta þær snúa hvernig sem er, upp við vegg eða út á mitt gólf, en þannig eru þær flottastar. Frábærar undir bækur, skrautmuni, eða einfaldlega smart sem skilrúm í herbergi. Lecco-hillueiningar fást í svörtu og eik.



ego dekor
BÆJARLIND 12 - S: 544 4420
201 KÓPAVOGUR

Opið: mán-fös 10.00-18.00 lau 10.00-16.00 sun 13:00-16:00



ego dekor
CAPRI leðursófasett
3+1+1 196.000.-
3+2 182.000.-
Fáanlegt í hvítu og dökkbrúnu leðri



ego dekor
ROCCO leðursófasett
3+1+1
Verð áður: 232.000.-
Verð nú:
-20%
185.600.-

# MARS TILBOÐ
*á leðursófasettum*



ego dekor
CAPRI leðurtungusófi
Fáanlegur bæði í hvítu og dökkbrúnu leðri
Verð áður: 212.000.-
Verð nú:
-20%
169.600.-



ego dekor
FOCUS leðursófasett
3+1+1 199.800.-
3+2 188.000.-
Fáanlegt í dökkbrúnu leðri



ego dekor
PORTO Leðurhornsófi (282x150)
Verð : 205.000.-
Tilboðsverð:
-20%
164.000.-
Fáanlegt í hvítu og dökkbrúnu leðri



ego dekor
LUNA leðursófasett
3+1+1 188.000.-
3+2 178.000.-
Fáanlegt í hvítu og dökkbrúnu leðri

# Maturinn í réttu ljósi

Eldhúsborð og borðstofuborð eru mikilvægir staðir á heimilinu. Þar matast bæði heimilisfólk og gestir og eiga sínar samveru- og samræðustundir. Lýsingin yfir þessum borðum hefur heilmikið að segja, bæði til að bregða réttri birtu á réttina sem fram eru bornir og skapa borðhaldinu fallegan heildarblæ.

Ljósaumbúnaðurinn sjálfur er kapítuli út af fyrir sig. Hann getur hvort heldur sem er fallið að öðru sem fyrir er á heimilinu eða brotið upp form sem þar eru ríkjandi. Þegar skoðað er í ljósabúðir ber margt fallegt fyrir augu og hver sem er ætti að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.



Þetta rósótta ljós úr náttúrulegum steinflísum fæst í Ljósbæ á 24.340. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Þetta ljós heitir Light Volume og er meðal annars úr taui. Það er frá Prandina og fæst í Lumex í Skipholti á 56.170.



Þetta ílanga og stílhreina ljós fæst í versluninni Ljósin í bænum í Suðurveri og kostar 18.900.



Hér er blandað saman halógenljósum og kristalslíki. Krónan fæst í Ljósbæ í Faxafeni og kostar 24.430. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Smáljósakrónur eru bæði til með átta og tólf perum og fást í tveimur litum í versluninni Ljósin í bænum í Suðurveri. Tólf ljósa króna kostar 44.990. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Hvítt ljós sómir sér víða vel. Þetta er úr plasti og fæst í versluninni Mirale við Grensásveg og kostar 17.900.



Gróft og fínt getur farið vel saman eins og þessi króna úr járni og kristal ber með sér. Fæst í Ljósunum í bænum og kostar 29.400. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Vinaleg eftirlíking af olíulampa úr kopar. Fæst í Ljósbæ og kostar 15.660. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA








# Gróf og heillandi

## Sísal-teppin eru vinsæl um þessar mundir

Ekkert lát virðist vera á vinsældum Sísal-teppanna, enda hrikalega smart. Ljósbrúni jarðarliturinn hefur verið vinsælastur, en ef þú ert ævintýragjörn/-gjarn skaltu prófa dekkri liti eins og súkkulaðibrúnan eða blanda þessum litum saman og hafa teppið yrjótt, enda er það minna skítsælt. Hafðu teppið jafnvel vel gróft, þannig að fléttaða mynstrið komi vel í ljós. Fyrsta skrefið er þó alltaf að fá haug af prufum, leggja þær á gólfið og finna það sem þér líkar best við.

Teppin hér á myndunum fást hjá Gólfbúnaði Kjaran.



## Sígild hönnun



Bourgie lampinn er hannaður af Ferruccio Laviani, sem er þekktur fyrir að notast við djörf form og tilvísanir í sígilda hluti í hönnun sinni. Bourgie-lampann hannaði Laviani árið 2003 og er gott dæmi um það. Útlínur lampans eru í barokkstíl en efniviðurinn er úr plexigleri, einu vinsælasta efni 21. aldarinnar. Þó lampinn sé ungur að árum má segja að hann sé framtíðarklassík og hafi stimplað sig inn sem hönnun sem muni standast tímans tönn. Hægt er að stilla hæðina á lampanum og nota hann sem borðlampa eða standlampa. Er hann með innbyggðan snertidimmer. Upplýstur gefur hann af sér sérkennilega birtu og er á mörkum þess að vera skúlptúr. Hann er framleiddur í glæru og svörtu. Lampinn fæst í Epal.




Mirale. Hvítlakkaður Philippe Starck-sjónvarpsskápur frá Cassina. Skáparnir eru opnanlegir og úr efni sem fjarstýringar draga í gegnum. Verð krónur 399 þúsund. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Innlit í Mirale

Verslunin Mirale er með margar fallegar vörur til sölu sem eru sérstaklega hagnýtar.

Þegar kemur að húsgögnum er fólk oftast að leita eftir fallegum mublum sem einnig hafa hagnýtt notagildi umfram það sem þeim er ætlað.

Í versluninni Mirale má meðal annars finna glæsilegt borðstofuborð sem er opnað í miðju og auðvelt að breikka. Borðið rúmar fjóra í sæti og hægt er fá borðið úr ljósri og dökkri eik. Í Mirale er einnig til sölu Philippe Starck-sjónvarpsskápur frá Cassina sem er sérlega fallegur í útliti. Skápurinn hefur einnig þann skemmtilega eiginleika að skápahurðirnar eru úr sérstöku efni sem gerir fjarstýringum kleift að ná í gegnum þær. Því er hægt að ganga frá tækjunum inn í skápinn og ekki er nauðsynlegt að draga hurðirnar frá þegar notast er við þau.





Mirale. Stækkanlegt Cassina-borðstofuborð, rúmar fjóra í sæti. Borðið er opnað í miðju og stækkað úr 2,25x75 í 2,25x1,50. Verð krónur 317 þúsund. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN












Ekki er hægt að segja annað en að nostalgíublær ríki yfir þessari veggklukku frá Vöruhúsi 1928. FRÉTTBLAÐIÐ/E.ÓL



Forneskjuleg borðklukka, svona eins og maður sá heima hjá ömmu og núna í Vöruhúsi 1928. FRÉTTBLAÐIÐ/E.ÓL



Sannkölluð atómklukka á atómtíma frá Tekk-Vöruhúsi. FRÉTTBLAÐIÐ/E.ÓL



Veggklukkurnar verða nú varla klassískari en þetta. Þessi fæst í Ikea. FRÉTTBLAÐIÐ/E.ÓL

# Hverjum klukkan glymur

Klukkur eru ein elsta uppfinning mannsins og má segja að um leið og maðurinn hafi staðið upp hafi hann byrjað að reikna út gang sólarinnar. Enn þann dag í dag höldum við í þessa sömu aldagömlu hefð, sem byggist á því hvenær sólin sest og hvenær hún rís aftur. Uppfinningin hefur breyst mikið í tímans rás og orðið fullkomnari og fullkomnari. Hugmyndafræðin er þó alltaf hin sama og jafn mikilvæg og hún var fyrir þrjú þúsund árum.



Veggklukka frá Habitat í frekar nýtískulegum stíl. FRÉTTBLAÐIÐ/E.ÓL



# iSQUEEZ FÓTANUDD

Inspiring Life **osim**

www.osim.com

Heilsunudd sem örvar blóðrásina,
dregur úr spennu og streitu, styrkir og fegrar fætur.

Með samvirkandi þrýsti og titringsnuddi skilar
**iSqueez** nuddtækið besta árangri sem völ er á í tækjanuddi.



~~35.000 KR.~~
~~Fæst aðeins hjá Rúmco~~

**29.750 KR.**



# TAKIÐ AF YKKUR SKÓNA!



Örvar viðbragðspunkta orkurása líkamans.



Þriggja punkta nudd samtímis á kálfa, ökkla og iljar.



Samvirkandi þrýstings- og titringsnudd sem skilar hámarksárangri.

**rúmco**

Langholtsvegi 111 • 104 Reykjavík • Sími 568 7900 • www.rumco.is

**Opið**: Virka daga kl. 11–18 og laugardaga kl. 11–14



Þú getur fengið allt að

# 10,15% vexti

á SPRON VAXTABÓT, hávaxtasparnaðarreikningi*

## Tvöföld vaxtabót – eftir upphæð og lengd innstæðu

SPRON Vaxtabót er óverðtryggður sparnaðarreikningur á Netinu sem ber háa, stighækkandi vexti eftir upphæð – og auk þess stighækkandi vaxtaálag eftir lengd sparnaðartímabils.

- Algjört frelsi
- Engin lágmarksinnborgun en verðlaunað fyrir hærri innstæðu
- Enginn binditími en verðlaunað fyrir lengra sparnaðartímabil
- Engin úttektargjöld á Netinu

**Aðeins á Netinu – stofnaðu reikning á www.spron.is**

Himinn og haf / SÍA

*Samkvæmt gildandi vaxtatöflu SPRON 1. mars 2006.

**Engilráð** er boðberi náungakærleika og umburðalyndis og á erindi við öll börn. Hún er þekkt sjónvarpsstjarna úr Stundinni okkar en þættir um hana voru framleiddir í samstarfi Sjónarhóls og Stundarinnar okkar með styrk frá Velferðarsjóði barna.

SJÓNAR
HÓLL

Fyrir sérstök börn
til betra lífs

www.sjonarholl.net

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




2. - 6. mars

# Kaup*hlaup*

í Smáralind

Opið til kl. 21.00
í kvöld!

ENNEMM / SÍA / NM20722



# *Mögnuð tilboð á nýjum vörum*

***frá fimmtudegi til mánudags***




Á Kauphlaupi í Smáralind eru nýjar vörur á ótrúlegu tilboðsverði!

**NÚ LÍKA Á MÁNUDAGINN!**

Sýnt verður úr leikritinu **Hafið bláa** fyrir utan Vero Moda á fyrstu hæð á morgun kl. 17 og laugardaginn kl. 15.

Komdu og gerðu góð kaup og njóttu!




Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18 / smaralind.is / 528 8000

**!** **Kl. 12.05**
*Ken Farø heldur fyrirlestur á dönsku um samanburð á orðatiltækjum í ólíkum málum á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í Lögbergi, stofu 102.*

# menning

menning@frettabladid.is

# *Tveir með harmonikur*

Um þessar mundir á Harmonikufélag Reykjavíkur 20 ára afmæli og efnir í tilefni þess til tónleika í Salnum í Kópavogi.

Þar koma fram tveir margverðlaunaðir harmonikuleikarar, Lars Karlsson frá Svíþjóð og Øivind Farmen frá Noregi.

Þessir tveir glæsilegu listamenn flytja fjölbreytta og spennandi tónlist úr öllum áttum. Báðir leika þeir jöfnum höndum klassíska tónlist, djass og dægurlög af ýmsu tagi. Heimsókn þeirra verður án efa lyftistöng og menningarauki fyrir starfsemi félagsins sem og annarra harmonikufélaga á landinu, sem eru fjölmörg.

Markmið Harmonikufélags Reykjavíkur hefur frá upphafi verið að glæða áhuga fólks á harmonikunni og þeim tónlistararfi sem henni sem hljóðfæri fylgir. Á umliðnum 20 árum hefur félagið fylgt markmiðum sínum ötullega fram meðal annars með fjölbreyttu tónleikahaldi hérlendis og þátttöku í tónleikahaldi og menningarhátíðum í öðrum löndum.



Þess má geta að þeir félagar leika einnig fyrir dansi í Húnabúð annað kvöld.

## > Ekki missa af ...

... **Himnaríki Árna Ibsen**, sem nú er sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Sýningum lýkur í þessum mánuði.

... óperunni **Öskubusku** eftir Rossini sem sýnd er í Íslensku óperunni með Sesselju Kristjánsdóttur í aðalhlutverki. Aðeins þrjár sýningar eru eftir.

... **Talaðu við mig**, sýningum Íslenska dansflokksins í Borgarleikhúsinu á nýjum verkum eftir **Rui Horta** og **Didy Veldman**.





| Stóra svið | | Nýja svið / Litla svið | |
|---|---|---|---|
| **RONJA RÆNINGJADÓTTIR** | | **BELGÍSKA KONGÓ** | |
| Lau 4/3 kl. 14 UPPS. | Su 5/3 kl. 14 UPPS. | Lau 4/3 kl. 20 UPPS. | Su 5/3 kl. 20 |
| Lau 11/3 kl. 14 UPPS. | Su 12/3 kl. 14 UPPS | Fö 10/3 kl. 20 UPPS | Lau 11/3 kl. 20 UPPS. |
| Lau 18/3 kl 14 | Su 19/3 kl. 14 UPPS. | Su 12/3 kl. 20 | Lau 18/3 kl. 20 |
| Lau 25/3 kl. 14 UPPS. | Su 26/3 kl. 14 | Fi 23/3 kl. 20 | Fi 6/4 kl. 20 |
| **CARMEN** | | **ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR** | |
| Fö 3/3 kl. 20 | Lau 4/3 kl. 20 | Í kvöld kl. 20 | Fö 3/3 kl. 20 UPPS. |
| Lau 11/3 kl. 20 | Lau 18/3 kl. 20 | Fi 9/3 kl. 20 | Mi 15/3 kl. 20 |
| Lau 25/3 kl. 20 | | Fi 16/3 kl. 20 | Fö 23/3 kl. 20 |
| **TALAÐU VIÐ MIG -ÍD-** | | Fö 24/3 kl. 20 | Lau 25/3 kl. 20 |
| Su 5/3 kl. 20 Gul kort. | | **HUNGUR** | |
| Fö 10/3 kl. 20 Rauð kort | | Lau 4/3 kl. 20 | Mi 8/3 kl. 20 |
| Su 19/3 kl. 20 Græn kort | | Fö 10/3 kl. 20 | Fi 16/3 kl. 20 |
| Su 26/3 kl. 20 Blá kort | | Fö 17/3 kl. 20 | |
| | | ATH TAKMARKAÐUR SÝNINGARFJÖLDI | |
| **WOYZECK** | | **NAGLINN** | |
| AUKASÝNINGAR: | | Í kvöld kl. 20 | Fö 3/3 kl. 20 UPPSELT |
| Su 12/3 kl. 20 | Fi 23/3 kl. 20 . | Lau 11/3 kl. 20 | Su 12/3 kl. 20 UPPSELT |
| **KALLI Á ÞAKINU** | | **GLÆPUR GEGN DISKÓINU** | |
| Fi 13/4 kl. 14 | Lau 15/4 kl. 14 | Fö 17/3 kl. 20 | Su 26/3 kl. 20 |
| Má 17/4 kl. 14 | Fi 20/4 kl. 14 | | |

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!**

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

TÚSKILDINGSÓPERAN

**Aukasýningar í mars:** Sun. 5/3 **uppselt** og sun. 12/3 örfá sæti laus, sun. 19/3 nokkur sæti laus, sun. 26/3. **Síðustu sýningar.**

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR

**Aukasýningar sun. 5/3 kl. 13:00** örfá sæti laus og **sun. 12/3 kl. 13:00**. **Allra síðustu sýningar.**

VIRKJUNIN

**Frumsýning fös. 3/3 uppselt**, 2. sýn. lau. 4/3 nokkur sæti laus, 3. sýn. fim. 9/3 örfá sæti laus, 4. sýn. fös. 10/3 örfá sæti laus, 5. sýn. lau. 11/3 örfá sæti laus.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Lau. 4/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 5/3 **uppselt**, þri. 7/3 **uppselt**, mið. 8/3 **uppselt**, lau. 11/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 12/3 **uppselt**, mið. 15/3 **uppselt**, lau. 18/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 19/3 kl. 17:00 **uppselt** og kl. 20:00 örfá sæti laus, mið. 22/3 **uppselt**, fim. 23/3, lau. 25/3 kl. 17:00 **uppselt**.

SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU

**Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður**
Sun. 5/3 kl. 18:00 **uppselt**, sun. 12/3 kl. 18:00 **uppselt**.

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR

**Frumsýning lau. 4/3 uppselt**, fim 9/3 **uppselt**, fös. 10/3 **uppselt**, lau. 11/3 örfá sæti laus, fim. 16/3, fös. 17/3.
**Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í mars og apríl.**

LEIKHÚSKJALLARINN

Í kvöld fim. 2/3 **Styrktartónleikar Rósu Guðmundsdóttur**
**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.


# Framúrstefnulegur flokkur

**Dans hefur höfðað til fremur afmarkaðs hóps eða réttara sagt finnst mörgum sem listdans sé þeim hulinn heimur. Öðru hverju spretta fram hópar sem vilja kynna þessa list fyrir almenningi án þess að hún glati þokka sínum.**

Þann 6.maí er væntanlegur hingað til lands dansflokkurinn James Sewell Ballet og heldur hann sýningu í Austurbæ. Það er Event sem hefur veg og vanda af komu hópsins sem farið hefur sigurför um heiminn á síðastliðnum fimmtán árum. Að sögn Ísleifs B. Þórhallssonar, hjá Event, hefur fyrirtækið reynt að leita að atriðum sem eru öðruvísi. „Einhverjum hámenningarlegum atburðum sem líka eru skemmtilegir,“ segir Ísleifur en það var í gegnum samstarfsfélaga hans í Bandaríkjunum sem Event komst fyrst í tæri við hópinn. „Við fluttum inn Pilobolus sem mæltist mjög vel fyrir hjá áhorfendum og höfum því verið að leita að einhverju svipuðu,“ segir Ísleifur. „Kosturinn við að vera gestgjafi á Íslandi er sá að allir vilja koma hingað,“ bætir hann við.

James Sewell Ballet hefur fengið mikið lof gagnrýnenda og Ísleifur telur komu hópsins vera hvalreka á fjörur listunnenda. „Flokkurinn heldur fast í þá hefð sína að fara ótroðnar slóðir, sýna frumlega dansa sem storka tæknilegum takmörkunum balletsins,“ útskýrir Ísleifur en bætir við að flokkurinn leitist við að skemmta og hreyfa við áhorfendum. „Þetta er mjög líklega eini ballettflokkurinn sem getur státað sig af því að áhorfendur bæði gráta og hlæja á sömu sýningunni,“ segir Ísleifur.

Ballett hefur hingað til átt mjög traustan en ef til vill lokaðan aðdáendahóp en Sewell-ballettinn hefur reynt að fá fleiri til að skilja listformið. „Flokkurinn hefur hlotið ótal alþjóðlegar viðurkenningar fyrir mikilvægt og frumlegt framlag til nútímaballetts og er mjög eftirsóttur til sýninga um allan heim,“ segir Ísleifur en ráðgert er að miðasala hefjist um miðjan mars. **-fgg**



**BENJAMIN SKUGGI** James Sewell Ballet hefur vakið mikla athygli fyrir nálgun sína á nútímaballet og hlotið fjöldan allan af alþjóðlegum viðurkenningum.


**Námsflokkar Hafnarfjarðar**
**Miðstöð símenntunar**

***Gospelnámskeið***

Frábært tækifæri fyrir þá sem vilja taka þátt í lifandi söng og tónlist!
Óskar Einarsson, tónlistarstjóri Fíladelfíukirkjunnar í Reykjavík ásamt Hrönn Svansdóttur, söngkonu og leiðtoga tónlistarstarfs Fíladelfíu.

**Föstudagur 10. mars kl. 17.00-21.00**
**Laugardagur 11. mars kl. 10.00-16.00**
**Sunnudagur 12. mars kl. 10.00-15.00**

Þetta námskeið hentar öllum, jafnt byrjendum sem lengra komnum, sem langar að kynna sér og prófa að syngja í gospelkór undir styrkri handleiðslu reynds tónlistarmanns og kórstjórnanda. Námskeiðið er í samstarfi við Hafnarfjarðarkirkju og samanstendur af æfingum og tónleikum í kirkjunni. Ekkert aldurstakmark en börn verða að vera í fylgd með fullorðnum.

**Skráning í síma 585-5860**


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

27 28 1 **2** 3 4 5

**Fimmtudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 Tveir margverðlaunaðir harmonikuleikarar, **Lars Karlsson** frá Svíþjóð og **Øivind Farmen** frá Noregi, koma fram á tónleikum í Salnum í Kópavogi í tilefni af 20 ára afmæli Harmonikufélags Reykjavíkur.

☐ 21.00 **Þórir** heldur tónleika á Kaffi Vín, Laugavegi 73, einn og óstuddur með gítarinn. Frítt inn.

### FYRIRLESTRAR

☐ 12.05 **Ken Farø** heldur fyrirlestur á dönsku um samanburð á orðatiltækjum í ólíkum málum á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í Lögbergi, stofu 102.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.



**EITT VERKA INGIBJARGAR** Sýning hennar í Listasafni ASÍ stendur fram á sunnudag.

# Fínofnar himnur

**MYNDLIST**

LISTASAFN ASÍ, ÁSMUNDARSALUR

**Ingibjörg Jónsdóttir**

**Niðurstaða:** Hér er á ferðinni listamaður sem sýnir hvernig nýju lífi er blásið í ævaforna vinnuaðferð.

Það er ýmislegt í tíðarandanum sem bendir til nýrra tíma – enn og aftur. Ný fagurfræði hefur legið í loftinu í talsverðan tíma. Tilfinningin er ekki endilega bundin við yngsta fólkið í grasrótinni. Þau ráða að sjálfsögðu miklu um stefnu straumanna. Ungt fólk allra tíma hefur mestu þörfina fyrir hreyfingar og breytingar. Þannig hefur það bara alltaf verið. Strauma og þræði hinnar nýju rómantíkur seinni ára rekjum við stundum til gömlu Austur-Evrópu, sérstaklega gömlu Austur-Berlínar. Þeir straumar hafa verið að berast hingað á síðustu misserum. Um er ræða ákveðna tegund fegurðarupplifunar sem er falin í vanefnum og forgengilegum efnum. Enduruppgötvun á formum og mynstrum í hinu stóra og smáa frá sjöunda og áttunda áratugnum frá þessu svæði eru áberandi. Á þeim tíma var ekkert pop í gangi í Austur-Berlín eins og í „frelsinu“ hér fyrir vestan heldur hélt módernisminn í einhverri mynd þar áfram. Þetta má sjá á kaffihúsum í Prenzlauerberg í dag, til dæmis á kaffihúsinu Wohnzimmer í því hverfi. Þetta má sjá hér í Reykjavík á kaffihúsum eins og Hljómalind á Laugaveginum og kannski sérstaklega Babalú á Skólavörðustígnum.

Ég nefni þetta vegna þess að efst á holtinu á Listasafni ASÍ er í gangi sýning fram yfir helgina sem smellpassar inn í þessa fagurfræði. – Þó er ekkert víst að listamaðurinn sem þar sýnir og er alls ekki af yngstu kynslóðinni hafi haft það í hyggju eða hafi hugmynd um það. Það er algert aukatriði. Hún heitir Ingibjörg Jónsdóttir og er talsvert langt síðan hún hefur sýnt hérna þannig að fyrir mér virkar hún sem splunkunýr listamaður. Verkin eru nefnilega að formi til módernísk eins og í gömlu Austur-Berlín. Þau hafa ryþma og harmóníu – eru vandlega komponeruð og virka fersk sem er sérkennilegt vegna þess að litirnir eru jarðlitir, brúnir, gulir og rauðir, hreint ekki hreinir. Unnið er með alls kyns efni sem virka ódýr og forgengileg þó það þurfi alls ekkert að vera svo í raunveruleikanum. Tíminn talar sterkt til mín eða ryklag sögunnar, lag ofan á lag er áleitið. Natnin við handverkið sjálft tælir mann svo að verkinu nær og nær – furðu sterk tálbeita þessa dagana.

Þessi sýning er athyglisverð margra hluta vegna. Hún sýnir til dæmis uppgang myndvefnaðar sem datt út úr skólakerfinu að einhverju leyti við stofnun Listaháskólans sem vildi ekki líta á sig sem „handverksskóla“ og kenna deildir myndlistarinnar við aðferðir og verklag. Ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að hefja merkið upp á nýtt. Hér er á ferðinni listamaður sem sýnir hvernig nýju lífi er blásið í ævaforna vinnuaðferð og verklag sem fylgt hefur manninum nánast frá upphafi verkmenningar. Það sem gleymist verður nýtt.

**- goddur**


Le'Sing
Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksýning landsins.
Alla laugardaga
Alltaf jafn fersk – alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
Sími: 533-1100

á tjá og tundri
Sun. 05.03 kl. 20:00 laus sæti

HIMNARÍKI
Fös. 3. mars. kl. 20 örfá sæti laus
Fös. 10. mars. kl. 20
Lau. 18. mars. kl. 20
SÝNINGUM LÝKUR Í MARS!
EF
eftir Valgeir Skagfjörð/
Einar Má Guðmundsson
Þri. 28. feb. kl. 09.00 UPPSELT
Mán. 6. mars. kl. 09.00 UPPSELT
Þri. 7. mars. kl. 09.00 UPPSELT
Mið. 8. Mars. kl. 09.00 UPPSELT
VIÐTALIÐ
eftir Lailu Margréti Arnþórsdóttur
fim. 2. mars kl. 20 - forsýning
lau. 4. mars kl. 20 - frumsýning
sun. 5. mars kl. 20
lau. 11. mars kl. 20
sun.12. mars kl. 20
fös. 17. mars kl. 20
sun. 19. mars kl. 20
fös. 24. mars kl. 20
sun. 26. mars kl. 20
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ

HILMIR SNÆR GUÐNASON
ÉG ER MÍN EIGIN KONA
ATH. SÝNINGUM AÐ LJÚKA
föstudagur 03.03 laus sæti
laugardagur 04.03 laus sæti
föstudagur 10.03 örfá sæti laus
laugardagur 11.03 laus sæti
föstudagur 17.03 laus sæti
laugardagur 18.03 laus sæti
MIÐASALA: WWW.MIDI.IS OG Í IÐNÓ S. 562 9700
Landsbankinn
Landsbankinn er stoltur bakhjarl sýningarinnar.

HAFIÐ BLÁA Í AUSTURBÆ
Sun 05.03 kl: 13.30
Sun 12.03 kl: 13.30
Miðapantanir í Austurbæ og á midi.is.
Miðasala Austurbæjar er opin milli 13 - 17 alla daga
sími : 551 4700

STYRKTARDANSLEIKUR
Gay Ball
HINSEGIN BÍÓDAGAR
KAFFI REYKJAVÍK
föstudaginn 3. mars kl. 23:30
og fram eftir nóttu
DJ EVA MARÍA - DJ RÓSA
DJ SKJÖLDUR
Litið á www.samtokin78.is

Heineken®
DJAMMIÐ UM HELGINA:
GRAND ROKK
Tónlistarveisla alla helgina:
Föstudagur:
MY SUMMER AS A SALVATION SOLDIER
GAVIN PORTLAND
DEATH METAL SUPER SQUAD
JAKOBÍNARÍNA
Laugardagur:
HLJÓMSVEITIN ÚLPA
PRAVDA
Fimmtudagskvöld:
Heineken® music
HREIMUR & VIGNIR
Heineken.is
Allt um djammið

Fréttablaðið er smáauglýsingablaðið
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

Xit hárstofa
Sími 564 6444
Hlíðasmára 9
OPIÐ
Alla daga kl. 9-18
miðvikud. kl. 9-20
laugard. kl. 10-14

Nína og Geiri
söngbók
Björgvins Halldórssonar
5331100
BROADWAY
Aðeins þessar sýningar

*And I really don't care for the way your company left me in the middle of fucking nowhere with fucking keys to a fucking car that isn't fucking there. And I really didn't care to fucking walk down a fucking highway and across a fucking runway to get back here to have you smile at my fucking face. I want a fucking car RIGHT FUCKING NOW!*

Steve Martin lætur bílaleiguna heyra það í Planes, Trains & Automobiles frá árinu 1987.

# bíó

bio@frettabladid.is

# Fallin stjarna

Steve Martin, Dan Aykroyd og Chevy Chase eiga eitt sameiginlegt: þeir eru fallnar stjörnur. Í kvikmyndinni Three Amigos var Martin ásamt Chase og Martin Short sparkað út úr kvikmyndaveri vegna þess að þeir voru liðin tíð. Þótt það hljómi kaldhæðnislega þá eru þetta einmitt örlög þeirra núna.

Á níunda áratugnum og við upphaf þess tíunda mátti vart fara með gamanmál án þess að þeir þrír ættu þar hlut að máli.

Það er ekkert eitt sem olli því að stjörnuhrap þeirra varð svona mikið. Eftirspurnin eftir kímnigáfu félaganna varð einfaldlega minni vegna þess að nýir menn, með ferskar hugmyndir um hvernig mætti skemmta lýðnum, ruddu sér leið inn í afþreyingariðnaðinn. Martin og félagar stóðu álengdar og horfðu á konungdæmi sitt falla í hendur yngri manna. Eftir standa nokkrar eftirminnilegar persónur sem enn kitla hláturtaugarnar.



**STEVE MARTIN** Á að baki margar ógleymanlegar persónur en hefur á undanförnum árum pirrað aðdáendur sína með afspyrnulélegum myndum.

Martin hóf feril sinn með uppistandi og komst fljótlega að í gamanþáttum. Hann sló í gegn með sem hálfvitinn Navin R. Johnson sem hélt að hann væri svartur þar til fjölskyldan ljóstraði upp leyndarmálinu mikla. Í kjölfarið fylgdu myndir á borð við The Man with Two Brains og Lonely Guy sem allar rökuðu dollurum í kassann. Nútímaútfærslan af Cyrano De Bergerac í kvikmyndinni Roxanne varð metsölumynd og frægð Martins minnkaði ekki með myndum á borð við Planes, Trains & Automobiles, Dirty Rotten Scoundrels að ógleymdri Parenthood. Síðan þá hefur hins vegar jafnt og þétt hallað undan fæti hjá leikaranum.

Á síðustu árum hefur Steve Martin varla gert neitt annað en að pirra aðdáendur sína með afspyrnulélegum myndum en þegar fram líða stundir getur hann huggað sig við þá staðreynd að hans verður minnst sem einn af mestu gamanleikurum sögunnar.

## > Ekki missa af ...

Það er alltaf fagnaðarefni þegar íslensk kvikmynd er sýnd í kvikmyndahúsum borgarinnar. Það er þó sorglegt að sjá hversu litla aðsókn þessar myndir fá miðað við þá vinnu sem í þær hefur verið lagt. Blóðbönd sýnir að íslenskir kvikmyndagerðarmenn eru smám saman að ná tökum á mikilvægum atriðum kvikmyndarinnar og þurfa gestir kvikmyndahúsanna ekki lengur að kvíða því hvort þeir heyri í leikaranum eða ekki. Blóðbönd er hugljúf mynd með traustum leik sem ætti engan að svíkja.





**RICE OG WILTON** Hin forboðna ást þeirra á eftir að reynast þeim dýrkeypt þegar kemur að skuldadögum.

# Það besta frá Allen?

Chris Wilton er ungur maður á uppleið. Hann er giftur hinni saklausu Chloe Hewett Wilton en er haldinn blindri metnaðargirni og svífst einskis til að fá sínu framgengt. Þegar bandaríska stúlkan Nola Rice kemur í bæinn verður Wilton umsvifalaust ástfanginn af henni en neyðist í kjölfarið að gera upp á milli kvennanna í lífi sínu með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Það er bandaríski sérvitringurinn Woody Allen sem bæði leikstýrir og skrifar handritið að þessari ástarsögu sem gerist öll á Bretlandseyjum en ekki í New York eins og flestar kvikmyndir Allens. Myndin er því söguleg fyrir þær sakir að þetta er fyrsta mynd leikstjórans sem ekki er framleidd í Bandaríkjunum. Allen hefur átt erfitt uppdráttar í heimalandi sínu og svo virðist sem landar hans hafi lítinn áhuga á verkum hans. Hann nýtur hins vegar enn mikillar virðingar í Evrópu og sækist því í síauknum mæli þangað.

Scarlett Johansson leikur bandarísku stúlkuna Nolu Rice. Scarlett sló fyrst í gegn með kvikmyndinni The Horse Whisperer sem Robert Redford gerði. Þeirri velgengni fylgdi hún eftir með kvikmynd Coen-bræðra The Man Who Wasn't There. Örlög hennar voru endanlega ráðin þegar hún sannaði sig sem alvöruleikkona í Lost in Translation eftir Sofiu Coppola. Scarlett leikur aðalhlutverkið í næstu mynd Allens, Scoop, en hún hélt vart vatni yfir samstarfinu við leikstjórann sérlundaða.






# Hið dýrmæta svarta gull

**Olíuheimurinn er spilltur, undirlagður af mönnum sem svífast einskis og studdur af vestrænum yfirvöldum sem vilja fyrir alla muni halda sínum áhrifum á mikilvægum svæðum. Svona lýsir kvikmyndin Syriana baráttunni um olíuna.**



**BOB BARNES** Er falið að drepa Nasir prins en þegar verkefnið fer út um þúfur áttar hann sig á því að ekki er allt sem sýnist.

Það þarf ekki annað en að horfa til ástandsins í Mið-Austurlöndum til að skilja hversu mikilvægur olíuiðnaðurinn er. Vesturveldin hafa árum saman reynt að halda „sínum" mönnum við völdin og er innrásin í Írak kannski lýsandi dæmi um hversu miklu hinn vestræni heimur er tilbúinn að fórna fyrir svarta gullið. Hugmyndin er komin frá bókinni See No Evil eftir Robert Baer en hann hefur vakið athygli fyrir bækur sínar um vafasamar aðferðir CIA, bandarísku leyniþjónustunnar.

Handritið að Syriana er byggt upp á formúlu sem nýtur mikilla vinsælda meðal höfunda í Hollywood. Margir muna eflaust eftir því þegar Robert Altman blandaði saman mörgum litlum smásögum í Short Cuts en hún fjallaði um líf „venjulegra" íbúa Los Angeles sem höfðu áhrif á líf hver annars án þess að vita af því. Kvikmyndin Magnolia fetaði fótspor Altmans árið 1999 en þá fléttaði Paul Thomas Anderson lífi nokkurra íbúa í sömu borg saman með eftirminnilegum hætti. Syriana er á sömu slóðum, segir margar sögur þar sem hver og ein er lítið brot í stóru púsluspili.

Meðal þeirra sem kvikmyndahúsagestir fá að fylgjast með er Nasir prins sem hefur ákveðið að afturkalla leyfi bandaríska olíurisans Connex og leyft kínverskum aðilum að bora eftir gasi í þeirra stað. Þetta veldur mikilli spennu milli Bandaríkjanna og hins óþekkta olíuríkis en á sama tíma fær lítið fyrirtæki hins vegar einkaleyfi í Kasakstan og það kveikir áhugann hjá Connex á fyrirtækinu. Þessi flétta teygir anga sína til Washington þar sem samþykki þarf fyrir samrunanum. Á sama tíma bíður CIA-útsendarinn Bob Barnes eftir því að komast á eftirlaun. Hann sér jafnvel fram á að geta eytt síðustu stundum sínum innan stofnunarinnar fyrir framan skrifborð. Hann trúir því hins vegar að starf sitt felist í að gera Bandaríkin að öruggara landi og þegar honum er lofuð stöðuhækkun fyrir næsta verkefni getur Barnes ekki skorast undan. Það fer hins vegar út um þúfur en Barnes grunar að ekki sé allt með felldu.

Það er handritshöfundurinn Stephen Gaghan sem hér reynir fyrir sér í leikstjórastólnum en hann hlaut einmitt Óskarinn fyrir handrit sitt að Traffic. Hann hefur ekki þurft að kvíða neinu því meðal framleiðanda er Steven Soderbergh en hann leikstýrði einmitt Traffic. George Clooney og Matt Damon eru í helstu hlutverkum en meðal annarra leikara má nefna Chris Cooper, William Hurt og Amanda Peet.

- fgg

# Clouseau snýr aftur

Hinn heimsfrægi knattspyrnuþjálfari Yves Gluant hefur nýverið leitt landslið Frakka til sigurs gegn Kínverjum í knattspyrnu. Á meðan Gluant baðar sig í frægðarljómanum er hann skotinn með eiturör og stórum bleikum demanti, sem gengur undir nafninu Bleiki pardusinn, er stolið. Málið vekur samstundis mikla athygli og fjölmiðlasirkus er í uppsiglingu en franska lögreglan verst allra frétta.

Lögregluforinginn Dreyfus ákveður að leysa málið sjálfur enda gæti hann hlotið heiðursorðu fyrir vikið. Til að slá ryki í augu þeirra sem fylgjast með gangi mála fær hann lögreglumanninn Clouseau til að villa um fyrir múgnum enda þekktur fyrir klunnaskap sinn og væri líklegri til að fremja glæp en að leysa hann. Seinheppni Clouseau leiðir hann þó á slóð þjófsins, Dreyfus til mikilla ama.

Steve Martin bregður sér hér í gervi lögreglumannsins franska sem Peter Sellers gerði ódauðlegan í upphafi sjöunda áratugarins. Reyndar átti Peter Ustinov að leika klaufabárðinn en Bleiki pardusinn var á sínum tíma upphaflega hugsaður í kringum stórstirnið David Niven. Sellers fékk hlutverkið hins vegar þegar Ustinov hafnaði því og skilaði einhverjum besta gamanleik sem sést hefur á hvíta tjaldinu.



**MARTIN OG JEAN RENO** Þrátt fyrir að hafa farið beint á toppinn í Bandaríkjunum þegar hún var frumsýnd voru gagnrýnendur mishrifnir.



**CAPOTE** Philip Seymour Hoffman fer á kostum í áhrifamikilli mynd sem ristir djúpt.

## [ SMS ]

**UM MYNDIRNAR Í BÍÓ**

### Capote

„Philip Seymour Hoffman er óaðfinnanlegur í áhrifamikilli mynd, sem þrátt fyrir hægláta frásögn er keyrð áfram af miklum undirliggjandi þunga.“

BS

### Blóðbönd

„Blóðbönd er mynd um venjulega Íslendinga, fjölskylduna sem við þekkjum öll. Þrátt fyrir full bragðdauft handrit er kvikmyndin mjög góð frumraun ungs leikstjóra sem spennandi verður að fylgjast með í framtíðinni.“

FGG

### Good Night, and Good Luck

„Studdur af frábærum leikurum slær George Clooney varla feilnótu í mynd um krefjandi og aðkallandi efni.“

BS

### Transamerica

„Felicity Huffman er gríðarlega sannfærandi í hlutverkinu og sýnir hérna hversu snjöll leikkona hún er.“

BG

### North Country

„North Country byggir á sannri sögu en mistekst hrapallega að koma henni vel til skila. Myndin er full af klisjum í Hollywood-stíl sem skyggja á allt það góða.“

BG

### Munich

„Spielberg snýr aftur eftir nokkrar velheppnaðar „miðasölumyndir“ og sýnir sitt rétta andlit. Munich er sannfærandi mynd um blóðuga og tilgangslausa hefnd og forðast að taka málstað stöðu með öðrum aðilanum.“

FGG

### Derailed

„Í upphafi skyldi endinn skoða en það virðast aðstandendur Derailed ekki hafa gert. Hún er því ruglingsleg og illa skrifuð og slök frammistaða Jennifer Aniston gerir bara illt verra.“

FGG










**> Ekta ólífuolía**

*...frá L'occitane gerir matreiðsluna sérlega spennandi og svo bragðast hún ógurlega vel.*

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN TINNA ÞORSTEINSDÓTTIR PÍANÓLEIKARI

# *Súkkulaðikanínur og pítsan hans pabba*



**Hvaða matar gætir þú síst verið án?**
„Nú þarf ég að hugsa mig vel um. Og þó, það er ostur. Ég borða ost á hverjum einasta degi og finnst hver tegund annarri betri.

**Fyrsta minningin um mat?**
Það er súkkulaðipáskakanína sem ég fékk í Ameríku þegar ég var lítil.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?**
Þær eru rosalega margar sem hafa verið stórkostlegar. En ætli lundaveislan sem maðurinn minn efndi einu sinni til standi ekki upp úr. Ég borða lunda ekki oft, en hann var mjög góður. Það er kannski kominn tími til að endurtaka leikinn.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Já, mér finnst súrsaðir lundabaggar hræðilegir og súrsaður matur í heild sinni. Það voru sko engir lundabaggar í lundaveislunni.

**Leyndarmál úr eldhússkápunum?**
Ég er með alls konar töfrahráefni í til dæmis bolognese-sósu, en þau gef ég ekki upp.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Þá fæ ég mér góðan kaffibolla, yfirleitt cafe-latte.

**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?**
Ég á alltaf léttmjólk í kaffið, passa líka að eiga alltaf fullan kryddskáp.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvaða rétt tækir þú með þér?**
Það væri pítsan hans pabba. Hún er ofboðslega góð.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Það hljóta að vera sniglar sem ég fékk á kínverskum veitingastað í Boston á sínum tíma og hef enn ekki gert upp við mig hvort ég kunni að meta þá eða ekki.

## NEDERBURG:

# *Fimm stjörnu vín á 890 kr.!*




Suður-afrísk vín eru jafnan kraftmikil og bragðrík en meginástæðan fyrir vinsældunum er eflaust hagstætt verð. Þótt suður-afrísk vín séu tiltölulega ný hér á landi eru framleiðendur þarlendis engir nýgræðingar í víngerð. Nederburg er eitt stærsta vínhús landsins og á sér yfir 200 ára sögu. Nederburg hefur hlotið fleiri alþjóðleg verðlaun en nokkur önnur víngerð í landinu og verið í fararbroddi með nýjungar. Nederburg Shiraz Pinotage hentar vel með kjöti, sérstaklega grilluðu.

Nederburg Shiraz Pinotage hefur fengið góðar viðtökur á Norðurlöndunum og fengið góða dóma í blöðum í Danmörku. Má nefna að Vinavisen gaf því fimm stjörnur eða hæstu einkunn.

Kynningarverð á suðurafrískum dögum 890 kr.

# Úrsúlupasta í uppáhaldi

Haukur Már Helgason, rithöfundur, heimspekingur og kvikmyndagerðarmaður, eldar af og til svokallað Úrsúlupasta.

„Það er nefnt eftir konu sem kokkaði á leikskóla í Reykjavík þar sem vinir mínir unnu. Þetta er eðalréttur fyrir piparsveina," segir Haukur Már, sem var heima með flensu þegar Fréttablaðið ræddi við hann.

Haukur viðurkennir að vera töluverður pastakarl en gerir þó ekkert alltof mikið af því að elda ofan í sig einan. Frekar vill hann fá vini sína í heimsókn og elda líka fyrir þá. „Pasta er svona letikokkaskapur. Einhver mesta unun í eldhúsi er þegar maður er alveg blankur og neyðist til að baka brauð í staðinn fyrir að kaupa það. Að baka brauð og elda súpu er að ég held munúðarfyllsta leiðin til að elda. Ég kann meira að segja að baka kanelsnúða líka," segir Haukur.

„Maður þarf stundum að sleppa fram af sér beislinu og það er eins með bakstur og eldamennsku. Ef maður vill gera brauð þarf maður slatta af hveiti, smá ger, helling af olíu og vatni og þá er ekki hægt að klúðra því. Þótt það sé yndislegt að standa í eldhúsi og baka er það munaður sem maður leyfir sér ekki nema í lok mánaðarins."

**ÚRSÚLUPASTA:**

**Pasta**
**Ólífuolía**
**Hvítlaukur**
**Ostur**

Að sögn Hauks Más liggur matseldin afar beint við þegar menn vita af þessum hráefnum. Að viðbættum ólífum og lauk er maturinn tilbúinn á borðið.



**HAUKUR MÁR HELGASON** Haukur reynir að sleppa fram af sér beislinu þegar kemur að eldamennsku.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Afríska stjörnuþrúgan pinotage

Höfuðþrúga suðurafrískrar víngerðar er pinotage. Vín úr henni eru jafnan djúprauð, kröftug og heit. Sumum finnst þau minna á brennt gúmmí, á jákvæðan hátt þó! Pinotage er blendingsþrúga sem var búin til fyrir tæpri öld, bræðingur pinot noir og cinsaut.

Prófessor Abraham Izak Perold gerði tilraunir til að bæta gæði pinot noir þrúgunnar á víngarði í héraðinu við Góðvonarhöfða árið 1925. Ekki er ljóst hverju prófessorinn vildi ná fram því hann skildi engar skýrslur eftir sig. Flestir telja að hann hafi verið að reyna að bæta pinot noir þrúguna með tilviljunarkenndum hætti því cinsaut er mjög ólík þrúga en hefur þá kosti að vera auðræktanleg og sjúkdómalaus. Niðurstaðan var óvænt, móðurþrúgurnar eru báðar heldur litlausar en barnið pinotage djúprautt.

Faðir þrúgunnar, Abraham Izak Perold, fæddist í Höfðaborg árið 1880. Hann varð doktor í efnafræði frá þýskum háskóla og flugmæltur á tungur helstu vínþjóða Evrópu. Hann varð prófessor í efnafræði við Háskólann í Höfðaborg og var sendur í mikinn leiðangur á vegum stjórnvalda í Suður-Afríku til að finna þær þrúgur í gamla vínheiminum sem best gætu fallið að afrískum skilyrðum. Þegar hann kom úr leiðangrinum var hann gerður að fyrsta prófessornum í víngerð hjá Stellenbosch. Síðar varð hann háskólarektor en lést 1941 eftir langan og farsælan feril í víngerð.





## DROSTDY HOF:

# *Vinsælasta vínið á kynningarverði*

Suður-afrískir dagar standa nú yfir í Vínbúðum og má finna fjölmörg vín á kynningarverði. Engin vín frá Suður-Afríku hafa náð viðlíka vinsældum og vínin frá Drostdy-Hof. Rauðvínið Cape Red í 3 lítra kössum hefur slegið í gegn og hefur undanfarin þrjú ár verið mest selda vínið í Vínbúðum. Fyrstu vín Drostdy-Hof komu á markað fyrir þrjátíu árum og var lagt upp með það að leiðarljósi að bjóða vínunnendum upp á vönduð blönduð vín sem mætti treysta á að héldust stöðug frá ári til árs og þyrftu ekki langa geymslu fyrir neyslu. Allt hefur þetta gengið eftir og þykja Drostdy-Hof vín Suður-Afríku til sóma á alþjóðamarkaði, sérstaklega ef borið er saman verð og gæði.

**Drostdy-Hof Cape Red**
Kennt við Góðrarvonarhöfða, blanda úr pinotage o.fl. afrískum þrúgutegundum. Alhliða ávaxtaríkt vín þar sem uppruninn leynir sér ekki. Djúprautt vín með góða meðalfyllingu, mjúkt og ávaxtaríkt, með krydduðum jarðarkeim. Passar flestu kjötmeti.

Kynningarverð á suðurafrískum dögum 3.290 kr.




**Drostdy Steen Chenin Blanc**
Chenin blanc þrúgan nefnist steen á afrikaans, máli S-Afríkumanna. Rætt er um þessa þrúgu sem næstu tískuþrúgu í heiminum. Frísklegt hvítvín með góðan ferskan ávöxt og tónað af blómkenndum kryddum. Gott með fersku fiskfangi.

Kynningarverð á suðurafrískum dögum 2.990 kr.




### VEITINGASTAÐURINN

**RUBY TUESDAY**

SKIPHOLTI 19 OG HÖFÐABAKKA 9




# *Í amerískum anda*

**Hvernig er stemningin?**
Hressileg stemning í anda Ameríku. Veggirnir eru prýddir myndum af leikurum frá Hollywood, frægum hafnaboltaköppum og fleiru áhugaverðu og til dæmis hangir skotapilsið hans Jóns Páls til sýnis á einum veggnum. Innréttingin er aðallega úr viði, bekkir og stólar prýddir leðri, umfram allt hlýleg og heimilisleg stemning. Tónlistin einkennist af gamaldags tónum frá fyrri áratugum í bland við íslenska slagara í anda Sálarinnar og Nýdanskrar. Ruby Tuesday-veitingastaðirnir hafa sprottið upp út um allan heim og alls staðar er sami fílingurinn.

**Matseðillinn:**
Það eru engir smáskammtar hér og alvöru hamborgarar, rif og steikur eru allsráðandi. Einnig er hægt að fá alls kyns samlokur, pastarétti, kjúklingasalöt og stærðarinnar salatbar þar sem hver getur valið það sem hann vill. Börnin fá svo eitthvað fyrir sinn smekk á barnamatseðlinum en á honum má meðal annars finna fiskinagga, kjúklingalundir, spaghetti, hamborgara og ostborgara.

**Vinsælast:**
Rifin eru vinsælust enda klassískur matur sem mettar vel. Með rifunum fylgja annaðhvort franskar, bökuð kartafla eða ferskt salat eftir því sem viðskiptavinurinn kýs. Með öllum aðalréttum er svo hægt að fá ferskt salat úr salatbarnum gegn vægu gjaldi.

**Réttur dagsins:**
Boðið er upp á sérstakt hádegistilboð sem er að stærstum hluta eins á hverjum degi. Þá eru á tilboði borgari dagsins, kjúklingasalat, pasta með kjúklingi, kjúklingasamloku, djúpsteikt ýsa eða salatbar sem samanstendur meðal annars af ávöxtum, grænmeti, pasta og kotasælu.





Fíton/SÍA F016452

* Skv. Fjölmiðlakönnun Gallup janúar 2006.




**Auglýsing í Fréttablaðinu virkar einfaldlega betur**

**Fréttablaðið** kemur skilaboðum þínum og fyrirtækis þíns til fleiri lesenda en nokkuð annað dagblað. Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* **lesa 43% fleiri Íslendingar undir 50 ára Fréttablaðið** en Morgunblaðið. Það gefur augaleið að auglýsingu þinni er best borgið í því dagblaði sem flestir lesa.

FRÉTTABLAÐIÐ

– Mest lesið

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

**PERLUR Í PERLUNNI**

**Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur fór á bókamarkað**



**Stjórnmálaheimspeki eftir Hannes Hólmstein Gissurarson og Vafamál eftir Atla Harðarson** Ég keypti þessar tvær vegna þess að ég er að skrifa litla bók núna þar sem ég þarf aðeins að huga að rétti ríkisvaldsins til að fylgjast með þegnunum; báðar koma aðeins inn á það.
**Undir bárujárnsboga eftir Eggert Þór Bernharðsson** Braggabókina keypti ég hins vegar vegna þess að mig hefur alltaf langað í hana en ekki tímt að kaupa. Núna er hún á góðu verði og þetta er bók sem sameinar það sem mér finnst að gott sagnfræðirit eigi að hafa; vel unna fræðilega rannsókn og skemmtilega framsetningu.

# Teiknimyndapersónur þriðja áratugarins

Alena Akhmadullina er 28 ára rússneskur fatahönnuður sem hefur vakið talsverða og verðskuldaða athygli í tískuheiminum. Hún sýndi nýjustu línu sína á tískuvikunni í París sem nú stendur yfir.

Alena hefur notað heimaland sitt mikið í innblástur hönnunar sinnar. Að þessu sinni báru allar fyrirsæturnar furðulega steypta hárkollu sem minnti á hárgreiðslur á þriðja áratugnum og teiknimyndapersónuna Betty Boop.

Fötin voru í frekar gamaldags stíl, mikið af flaueli og kjólum í anda þriðja áratugarins en í bland við nýtískulegri efni og snið. Einkennilegar hárkollurnar í vetrarlínunni komu engum á óvart því í sumarlínu sinni sótti hún innblástur í sveitalífið og báru sumar fyrirsæturnar dýragrímur á meðan aðrar minntu á bóndakonur með rauðar gervilegar hárkollur og undirspilið einkenndist af traktorahljóðum og svínahrínum.



**BLEIKT FLAUEL** Dragt í kvenlegum stíl.



**ÁPRENTANIR** sem minna á þriðja áratuginn



**ALENA AKHMADULLINA** Var með nýja línu í París á dögunum.



**SÉRKENNILEGUR HATTUR** Þessi er eins og skúlptúr. AP IMAGE




Egyptaland Luxor
10 daga VISA ferð
21. apríl – 1. maí

Fyrsta flokks gisting á glæsilegu hóteli, spennandi skoðunarferðir og íslensk fararstjórn. Um er að ræða 10 nátta ferð á vit ævintýra í Egyptalandi.



plús FERÐIR

Verð:
79.940 kr.
á mann í tvíbýli á Luxor Sheraton
Innifalið: Beint leiguflug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði í 10 nætur og íslensk fararstjórn.

VISA

Plúsferðir · Hlíðasmára 15 · 200 Kópavogur · Sími 535 2100 · www.plusferdir.is


# Syngur með vonarstjörnu Breta

Það verður blásið til mikillar veislu í Laugardalshöllinni laugardaginn 29. apríl. Þá mun ein helsta vonarstjarna okkar Íslendinga, Garðar Thór Cortes, syngja með björtustu von Breta í sígildri tónlist, Katherine Jenkins. Faðir Garðars og nafni mun stjórna 32 manna hljómsveit og hefst miðasala um miðjan mars.

Garðar var að vonum mjög spenntur að stíga á svið með þessari miklu stjörnu en síðasta plata söngkonunnar fékk Brit-verðlaunin í flokki sígildrar tónlistar. „Við vorum á sama tíma í skólanum úti í Englandi og ég hef fylgst með ferli hennar þótt við séum engir vinir,“ segir Garðar sem syngur um þessar mundir í Öskubusku við góðan orðstír. Hann sagðist vera mjög spenntur fyrir þessu verkefni enda ekki á hverjum degi sem íslenskum tónlistarmönnum gefst færi á að fylla Höllina. „Jenkins er mjög vinsæl í Bretlandi og þeir virðast halda mikið upp á hana,“ bætir Garðar við.

Sjálfur situr söngvarinn geðþekki ekki með tvær hendur tómar, var á dögunum í Feneyjum í prufusöng og þegar sýningum á Öskubusku lýkur heldur hann til London og syngur í óperunni La Rondine eftir Puccini. „Þetta er minna þekkt verk en í svipuðum stíl og Madame Butterfly og La Bohéme,“ útskýrir Garðar en töluverð ferðalög fylgja því að vera tónlistarmaður í sígildri tónlist. „Ég nýt þess bara enn meira að vera heima fyrir,“ segir Garðar og viðurkennir að heima sé alltaf best.

- fgg



**GARÐAR OG KATHERINE** Söngfuglarnir tveir verða með tónleika í Laugardalshöll laugardaginn 29.apríl.

# Miðasala að hefjast

Miðasala á tónleika Iggy Pop and the Stooges hinn 3. maí hefst næstkomandi sunnudag. Rúm þrjátíu ár eru liðin síðan The Stooges hætti starfsemi en Iggy Pop hefur allt frá árinu 1977 átt farsælan feril upp á eigin spýtur. Endurkomu sveitarinnar hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu en hún hætti þegar leikurinn stóð sem hæst 1974.

Miðasalan fer fram í Bókabúð Máls og menningar í Reykjavík, Pennanum á Akureyri, Hljóðhúsinu á Selfossi, Hljómvali í Keflavík og í Tónspili í Neskaupstað. Miðaverð er 5.900 krónur í stúku og 4.900 í stæði.



**IGGY POP** Miðasala á tónleika Iggy Pop and the Stooges hefst á sunnudag.

# LANCÔME




# LE GIFT




## LANCÔME GJAFADAGAR Í HAGKAUPUM KRINGLUNNI 2. – 8. MARS

### Kynntar verða ýmsar nýjungar:

- **Enchantress vor- og sumarlitirnir** - Einstaklega mjúkir og fallegir litir.
- **Teint Idole Ultra** - farði sem stenst allt, meira að segja íslenskt veðurfar!
- **Platinium** - krem sem byggir upp og eykur styrk þroskaðrar húðar.
- **Húðslípunarvörur** sem slétta og fegra áferð húðarinnar.

### 5 mínútur er allt sem þarf !

Hvort sem þú vilt endurnýja húðina eða fá fallega dagförðun. Láttu snyrtifræðing sýna þér hvernig þú ferð að.

Le Gift - glæsilegur kaupauki - fylgir þegar keyptar eru 2 LANCÔME vörur*.



Verðmæti kaupaukans er kr. 5.500.
Fleiri gerðir kaupauka í boði.

*gildir á meðan birgðir endast.

Fæst í snyrtivöruverslun Hagkaupa Kringlunni

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




★★★★ VELJIÐ HÉR AÐ NEÐAN KVIKMYNDAHÚS OG SÝNINGARTÍMA SEM YKKUR HENTAR ★★★★

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| CONTANT GARDENER | kl. 5, 8 og 10.45 B.I. 16 ÁRA |
| NANNY MCPHEE | kl. 3.40 og 5.50 |
| UNDERWORLD | kl. 8 og 10.20 B.I. 16 ÁRA |
| ZATHURA m/íslensku tali | kl. 3.40 og 5.50 B.I. 10 ÁRA |
| ZATHURA m/ensku tali | kl. 5.50 B.I. 10 ÁRA |
| WALK THE LINE | kl. 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA |
| SÝND Í Í LÚXUS | kl. 5, 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA |
| FUN WITH DICK AND JANE | kl. 3.40 og 10.10 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| CAPOTE | kl. 5.30, 8 og 10.20 B.I. 16 ÁRA |
| TRANSAMERICA | kl. 5.45, 8 og 10.15 B.I. 14 ÁRA |
| WALK THE LINE | kl. 6 og 9 B.I. 12 ÁRA |
| BROKEBACK MOUNTAIN | kl. 6 og 9 B.I. 12 ÁRA |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| NANNY MCPHEE | kl. 6 |
| CONSTANT GARDENER | kl. 8 og 10.20 B.I. 16 ÁRA |
| UNDERWORLD | kl. 8 B.I. 16 ÁRA SÍÐUSTU SÝNINGAR |
| FINAL DESTINATION 3 | kl. 10 B.I. 16 ÁRA SÍÐUSTU SÝNINGAR |
| ZATHURA m/ísl. tali | kl. 6 B.I. 10 ÁRA |

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað





## FRÉTTIR AF FÓLKI



Christian Slater forðast að fara út á meðal fólks án derhúfunnar sinnar því hann skammast sín svo fyrir hárið á sér. Hann mætti meira að segja á fína verðlaunaafhendingu í smóking og með derhúfu. Slater er þessa dagana með appelsínugult hár fyrir hlutverk. „Ég er að leika í myndinni Bobby í LA og ég þarf að raka hárið á mér eftir þetta. Þá fæ ég alltént að sjá hvernig ég mun líta út í framtíðinni," sagði Slater.



Fyrrverandi herbergisfélagi leikkonunnar Jennifer Aniston hefur skrifað skáldsögu sem er lauslega byggð á Aniston. Þar segir meðal annars að leikkonan hafi látið lýtalækni laga á sér nefið. Bókin kallast Underminer – or the best friend who casually destroys your life og nefnist aðalpersónan Jane. Höfundurinn, Nancy Balbirer, hefur einnig sakað Aniston um að hafa rekið hana úr vinnu sinni við sjónvarpsþættina Friends. Talsmaður Aniston neitar þó þessu öllu og segir Balbirer tækifærissinna og lygara.



Nýjasta mynd Penelope Cruz og Adrien Brody sem fjallar um nautaat hefur reitt dýraverndunarsinna til reiði eftir að fréttir bárust af því að dýrunum yrði ekki hlíft við tökur á myndinni. Mörgum þykir þetta skrítið þar sem Penelope hefur gefið sig út fyrir að vera mikill dýraverndunarsinni. Dýraverndunarsamtökin PETA hafa hótað að trufla tökur á myndinni ef framleiðendur samþykkja ekki að nota tölvutækni í stað þess að særa dýrin. „Nautaat er heigulsskapur og á sér engan stað í heimi nútímans," sagði talsmaður PETA.



Jack Osbourne ætlar að hunsa ráð móður sinnar og fá sér skírteini sem leyfir honum að stunda fallhlífarstökk í nýjum sjónvarpsþætti sínum, Jack Osbourne: Adrenaline Junkie. Osbourne hefur ákveðið að hætta að segja móður sinni frá þættinum vegna þess að í hvert sinn sem hann minnist á hann fer hún að gráta. „Mamma fríkar út og fer að grenja og það er ekki það sem ég þarf." Meðal þess sem Jack prófar í þáttunum er fjallaklifur og box.








**RAGNHEIÐUR GRÖNDAL** Söngkonan ástsæla mun hita upp fyrir Katie Melua.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ragnheiður hitar upp

Söngkonan Ragnheiður Gröndal mun hita upp fyrir Katie Melua á tónleikum hennar í Laugardalshöll þann 31. mars.

Ragnheiður er ein ástsælasta söngkona Íslands um þessar mundir og er það tónleikahöldurum mikill heiður að fá hana til að hita upp fyrir Melua.

Uppselt er á tónleika Melua fyrir löngu síðan og því ljóst að aðdáendur hennar fá þarna óvæntan glaðning með miðanum sínum. ■

# Miðasala hafin



**JOSÉ GONZÁLEZ**

Miðasala á tónleika trúbadorsins José González á Nasa þann 13. mars er hafin. Færri komust að en vildu þegar González tróð upp á Iceland Airwaves-tónlistarhátíðinni í október í fyrra. Síðan þá hefur frægðarsól þessa argentísk-ættaða tónlistarmanns frá Gautaborg risið enn hærra á alþjóðavettvangi. Hefur plata hans, Veneer, hlotið mjög góða dóma víða um heim og hafa m.a. lögin Crosses og Stay in the Shade verið notuð í sjónvarpsþáttunum vinsælu CSI og The O.C.

Miðasalan fer fram í verslunum Skífunnar og á midi.is. Miðaverð er 2.700 krónur. ■




# Að vera sjálfum sér næstur

**KVIKMYNDIR**

**[UMFJÖLLUN]**

Þótt ekki liggi mörg verk eftir Truman Capote er hann einn rómaðasti rithöfundur Bandaríkjanna og á það ekki síst að þakka bókinni Með köldu blóði (In Cold Blood), sem kom út árið 1966, en nýstárleg efnistökin ollu straumhvörfum. Bókin fjallar um morð á fjölskyldu í smábæ í Kansas-ríki í Bandaríkjunum árið 1959. Capote fór í félagi við Harper Lee, vinkonu sína og rithöfund, á vettvang morðanna í þeim tilgangi að skrifa blaðagrein um þau og áhrif þeirra á bæinn, en eftir að hafa hitt ódæðismennina ákvað hann að skrifa heila bók. Verkið tók hann nokkur ár og á þeim tíma bast hann öðrum morðingjanum, Perry Smith, nánum böndum.

Um þetta fjallar myndin Capote og er skemmst frá því að segja að árangurinn er tilkomumikill. Philip Seymour Hoffman er óaðfinnanlegur í hlutverki titilpersónunnar, sem myndin varpar fyrst og fremst ljósi á. Sú mynd sem dregin er upp af Capote er af einstaklega sjálfhverfum manni, sem líður hvergi betur en sem miðpunkti athyglinnar og talar um fátt nema sjálfan sig. Þrátt fyrir að virka allt að því fyrirlitlegur í sérhyggju sinni er Capote áhugaverð persóna. Vinátta hans við morðingjana togast sannarlega á við bókarskrifin, en kvölin og meðaumkunin sem Capote finnur fyrir innra með sér lýtur fyrst og fremst að honum sjálfum. Þá hikar hann ekki við að beita óvönduðum meðölum til að komast nær viðfangsefni sínu. Það er kannski einmitt vegna – ekki þrátt fyrir – þessara skapgerðarbresta, sem Capote verður merkilega sympatískur karakter.

Myndin er hæg og látlaus en keyrð áfram af undirliggjandi þunga; litaáferðin er fallega hrá og viðeigandi, myndmálið sterkt sem og áhrifamiklar þagnir sem einkennast af til dæmis andvarpi eða skjáfi í blaðsíðum sem flett er. Flestir leikararnir standa sig með prýði; Catherine Keener er góð sem „hjálparhellan" Harper Lee, sem ber móðurlega umhyggju fyrir Truman Capote en veit sem er að á sumum sviðum er honum ekki viðbjargandi; Chris Cooper er traustur að vanda, en Bruce Greenwood fær svo sem úr litlu að moða sem Jack Dunphy, ástmaður Capotes. Clifton Collins er greinilega leikari sem heilmikið býr í og er eftirminnilegur sem Perry Smith, en samband hans og Capotes er undirstaða myndarinnar.

Bennett Miller, leikstjóri myndarinnar, hefur stimplað sig rækilega inn með sérlega áhrifamikilli og líklega eftirminnilegri mynd. Á hið síðarnefnda á eftir að reyna.

**Bergsteinn Sigurðsson**



**CAPOTE**

LEIKSTJÓRI: BENNETT MILLER

**Aðalhlutverk:** Philip Seymour Hoffman, Catherine Keener, Bruce Greenwood, Clifton Collins og Chris Cooper.

**Philip** Seymour Hoffman er óaðfinnanlegur í áhrifamikilli mynd, sem þrátt fyrir hægláta frásögn er keyrð áfram af miklum undirliggjandi þunga.

# Trommar með Waters

Nick Mason, fyrrum trommuleikari Pink Floyd, mun spila með Roger Waters á tónleikum hans í Frakklandi þann 14. júlí.

Ekkert hefur verið rætt um hvort Mason muni koma með Waters hingað til lands vegna tónleika hans í Egilshöll 12. júní en tónleikahaldarar eru að athuga þann möguleika.

Töluvert hefur verið um fyrirspurnir erlendis frá á tónleikana hér heima enda mun Roger einungis halda fimmtán tónleika í þessari tónleikaferð. Mun hann til að mynda ekki spila í Bandaríkjunum. ■



**PINK FLOYD** Hljómsveitin Pink Floyd á Live 8-tónleikunum í London síðasta sumar. Nick Mason er næstlengst til hægri.
NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Skrítnir en aðgengilegir

Önnur plata hljómsveitarinnar Ghostigital, In Cod We Trust, er komin út hér á landi á vegum Smekkleysu.

Hinn 7. mars kemur hún út í Bretlandi og Frakklandi hjá útgáfufyrirtæki Damon Albarn, Honest Jon´s, en í Bandaríkjunum hjá Ipecac sem er rekið af Mike Patton, fyrrum söngvara Faith No More.

„Við kláruðum þessa plötu í október en ákváðum að samstilla útgáfudaginn þannig að hún kæmi út hjá öllum plötufyrirtækjunum á sama tíma," segir Curver Thoroddsen, annar meðlima Ghostigital ásamt Einari Erni Benediktssyni. Kemur platan jafnframt út með þremur mismunandi umslögum eftir því um hvaða plötufyrirtæki er að ræða.

Nýja platan fær mun meiri dreifingu en fyrsta plata sveitarinnar frá árinu 2003, sem kom aðeins út hér á landi og í Bretlandi.

Auk Curvers og Einars Arnar spila á plötunni Frosti úr Mínus, Elli úr Jeff Who?, Gísli Galdur, Hrafn Ásgeirsson og Hrafnkell Flóki, sonur Einars, sem kallar sig Kaktus. Allir hafa þeir spilað með sveitinni á tónleikum. Á meðal annarra gesta á plötunni eru Mugison, sem syngur í einu lagi, Ásgerður Júníusdóttir óperusöngkona, rapparinn Sensational, sem einnig var á fyrstu plötunni, Dälek, Mark E. Smith úr The Fall og djasspíanóleikarinn Steve Beresford.

Curver segir að nýja platan sé poppaðari en sú fyrsta. „Okkur langaði að gera sterkari plötu en þá seinustu. Við vildum gera þetta örlítið aðgengilegra þannig að fólk myndi dragast frekar inn í þennan heim en um leið væri þetta skrítinn heimur. En fyrir okkur er þetta bara popp," segir hann og hlær.

Ghostigital heldur tónleika í Berlín 16. mars en ekki hefur enn verið ákveðið með tónleika í Bretlandi og Bandaríkjunum. Útgáfutónleikar hér heima eru jafnframt fyrirhugaðir á næstunni.

**freyr@frettabladid.is**



**GHOSTIGITAL** Einar Örn á á tónleikum ásamt syni sínum Hrafnkatli Flóka. Hljómsveitin Ghostigital er að gefa út sína aðra plötu.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Dansveisla Bailey á Nasa

Teknótónlistarmaðurinn og plötusnúðurinn Marco Bailey þeytir skífum á Nasa á föstudagskvöld. Bailey er einn sá virtasti í danstónlistarbransanum. Hann hefur gefið út rúmlega fimmtíu smáskífur og átta breiðskífur auk þess sem hann hefur hljóðblandað tíu plötur og gert fjörutíu endurhljóðblandanir. Bailey hefur spilað úti um allan heim undanfarin ár og er m.a. orðinn stærsta númerið á I Love Techno-hátíðinni.

Exos mun hita upp fyrir Bailey. Exos hefur verið iðinn við tónleikahald að undanförnu auk þess sem hann sér um þáttinn techno.is á flass fm 104.5 á fimmtudagskvöldum.

Rave-dúettinn Ajax mun koma aftur saman á Nasa þetta kvöld. Sveitin er skipuð Þórhalli og Sigurbirni og ætla þeir m.a. að spila sín uppáhaldslög frá Icerave-tímabilinu árið 1992. Ásamt Ajax mun Aggi Agzilla stíga á stokk. Hann var einn af umsjónarmönnum B-hliðarinnar sem var á dagskrá Útrásar á árunum 1990 til 1992.

Hiphop-plötsnúðarnir Hermigervill, Danni Deluxe, Dj Mezzo og Dj Paranoya munu trylla lýðinn á efri hæðinni á Nasa.

Forsala miða fer fram í 12 Tónum og kostar miðinn 1.000 krónur þar en 1.500 krónur við hurð. ■



**MARCO BAILEY** Teknótröllið Marco Bailey er á leiðinni til Íslands.


Frí tö
Allir sem ta
Til: Þín
Frá: BTnet
...taktu fleiri bita!
Til: Þín
Frá: BTnet
Gríptu tölvuna meðan hún gefst ;)
Kíktu í næstu BT verslun og taktu
...og fáðu fría tölv



ölva!
aka tölvutilboð BTnet fá tölvu!
4Mb/s
extra light
Tölvutilboð
V16
ADSL
V16 extra light tölvutilboð
•• Frí fartölva
•• Hraði: 4Mb/s .
•• Ótakmarkað niðurhal
•• Gjafabréf frá Tónlist.is
•• Innfalið 3 póstföng.
•• Frítt í bíó á BTnet.is
•• Afnot af þráðlausum beinir án endurgjalds*
5.990 kr. á mánuði*
*M.v. 36.mánaðar samning
áskrift
u með!
BT
TONLIST.IS
BTnet
nánar á www.btnet.is.



## Ingólfur ekki í framboð

Ingólfur Hannesson mun ekki bjóða sig fram til forseta ÍSÍ eins og búist var við. Fjöldi manna hafði hvatt Ingólf til að fara fram en sökum anna í starfi, og fleiri ástæðna, hefur Ingólfur ákveðið að gefa ekki kost á sér í embættið en Ellert B. Schram lætur senn af störfum.

# sport

sport@frettabladid.is

KNATTSPYRNUKAPPINN BJARKI GUNNLAUGSSON: ÞARF AÐ HÆTTA Í FÓTBOLTA VEGNA MEIÐSLA

## *Hefði átt að vera löngu hættur*

„Í fyrsta skipti á ævinni ætla ég að láta líkamann ráða en ekki hausinn. Ég hefði átt að hætta árið 2001 eftir að ég kom heim þá. Ég vildi að einhver hefði ráðlagt mér að hætta þá en þetta er vissulega að hluta til mér að kenna líka,“ sagði Bjarki Gunnlaugsson við Fréttablaðið í gær en hann hefur nú endanlega lagt skóna á hilluna eftir farsælan feril í boltanum.

Bjarki sleit knattspyrnuskónum á Akranesi þar sem hann varð Íslandsmeistari áður en hann var seldur til Feyenoord í Hollandi ásamt Arnari tvíburabróður sínum. Bjarki hefur meðal annars leikið sem atvinnumaður í Þýskalandi, Noregi og Englandi en hann kom heim til KR árið 1999 og átti þá frábært tímabil. Bjarki hefur átt í meiðslavandræðum æ síðan og á endanum var ákvörðunin óumflýjanleg.

„Brynjólfur Jónsson læknir leit á myndina af mjöðminni á mér í eina sekúndu áður en hann vissi hvað þyrfti að gera. Ég bað um kalt mat og fékk það ískalt beint í andlitið, hættu þessi Bjarki, var niðurstaðan hjá honum,“ sagði Skagamaðurinn sem er meiddur á mjöðm en hann á erfitt með að skilja við boltann.



„Ég var orðinn virkilega spenntur fyrir sumrinu, ég hef verið að æfa eins og vitleysingur og það eru spennandi hlutir í gangi hjá KR. Teitur er að gera frábæra hluti og hann er virkilega fær þjálfari og fleiri mættu taka hann til fyrirmyndar,“ sagði Bjarki sem var með þéttskipaða dagskrá fyrir framtíðina sem nú hefur breyst.

„Ég ætlaði að enda ferilinn uppi á Akranesi. Óneitanlega hefði það verið frábært og ég ætlaði mér að spila í nokkur ár til viðbótar enda á besta aldri. Ég ætlaði ekki að skilja við KR nema á toppnum en það tókst því miður ekki. Mér finnst ég ekki alveg hafa lokið mínu verki í Vesturbænum en nú tekur golfið bara við, ég stefni á að mæta á sem flest mót í sumar,“ sagði Bjarki sem er með 12 í forgjöf.

### > Heimasíða ársins?

Eina „dýrustu“ heimasíðuna á netinu gefur að finna á slóðinni heidmar.de. Þar er hægt að fylgjast með Heiðmari Felixsyni handboltakappa í máli og myndum, sem og á tveim tungumálum. Ekki ónýtt það. Óhætt er að mæla með stúdíómyndum af Eyfirðingnum þar sem hann sýnir meðal annars bringuhárin. Einnig má lesa lofræður um Heiðmar á íslensku og þýsku. Punkturinn fyrir ofan i-ið er eiginhandaráritunarþjónustu kappans en með því að senda honum umslag fá menn senda eiginhandaráritun til baka. Sómi að þessu framtaki Heiðmars og Logi Geirsson má fara að spýta í lófana ef hann ætlar að halda sér á heimasíðutoppnum þar sem Heiðmar er búinn að skjóta sér á methraða.





SÖGULEG KARFA Anna María hleypur hér brosmild til baka eftir að hafa skorað körfuna sögulegu. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Anna María Sveinsdóttir:

## Fyrst kvenna yfir 5.000 stig

**KÖRFUBOLTI** Körfuboltadrottningin Anna María Sveinsdóttir lék kveðjuleik sinn á ferlinum þegar Keflavík lagði Breiðablik 98-62. Leikurinn fer í sögubækurnar því Anna María varð í gær fyrsta konan til þess að skora yfir 5.000 stig á ferlinum en hana vantaði aðeins fjögur stig til þess að ná þeim áfanga fyrir leikinn. Hún gerði gott betur og skoraði fimm stig og lauk því ferlinum með 5.001 stig.

„Það var svakaleg pressa á manni að skora þessi 4 stig, og ég hefði nú bara viljað klára þetta í fyrri hálfeik og láta gott heita, en þetta datt ekki fyrr en í lokin. Það var dálítið stress í manni að ná þessu marki en sem betur fer tókst þetta og ég get hætt sátt,“ sagði Anna María kát. **- hbg, - jd**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

27 28 1 **2** 3 4 5

**Fimmtudagur**

**LEIKIR**

- ☐ 19.15 **Haukar** og **KR** mætast í Iceland Express-deild kvenna.
- ☐ 19.15 **Grindavík** og **Njarðvík** mætast í Iceland Express-deild karla.
- ☐ 19.15 **Höttur** og **Skallgrímur** mætast í Iceland Express-deild karla.
- ☐ 19.15 **Snæfell** og **KR** mætast í Iceland Express-deild karla.
- ☐ 19.15 **ÍR** og **Haukar** mætast í Iceland Express-deild karla.
- ☐ 19.15 **Hamar/Selfoss** og **Þór** mætast í Iceland Express-deild karla.
- ☐ 19.15 **Keflavík** og **Fjölnir** mætast í Iceland Express-deild karla.

**SJÓNVARP**

- ☐ 16.20 **England gegn Úrúgvæ** á Sýn. Endursýndur leikur.
- ☐ 21.00 **Sterkasti maður heims** á Sýn.
- ☐ 22.00 **A1** á Sýn.

# Sanngjarn sigur Framara

### Framarar nældu í tvö gríðarlega mikilvæg stig í Safamýri í gær þegar Valur kom í heimsókn. Fram leiddi nánast allan tímann og átti sigurinn skilinn.

**HANDBOLTI** Það var fín mæting og flott stemning í Safamýrinni í gær og skal engan undra þar sem þetta var einn af úrslitaleikjum Íslandsmótsins. Hart var tekist á en þó heiðarlega. Eftir mikinn barning og dramatíska lokamínútu fagnaði heimaliðið eins marks sigri, 30-29.

Það var nokkur skrekkur í báðum liðum í upphafi leiks en leikmenn voru fljótir að hrista af sér mesta stressið. Valur komst fyrst yfir en ekki leið á löngu áður en Fram tók forystuna og henni sleppti liðið aldrei. Mestur var munurinn þrjú mörk á liðunum í fyrri hálfleik en tveim mörkum munaði á liðunum í leikhléi, 14-12.

Heimamenn skoruðu fyrstu tvö mörk síðari hálfleiks en Valur kom fljótt til baka og jafnaði, 18-18, eftir 42 mínútna leik. Fram hélt ávallt frumkvæðinu og Valur var sífellt að elta. Þegar leið á hálfleikinn tognaði í sundur með liðunum og forskotið gat Fram þakkað frábærum sóknarleik en þeim var ekki gert auðvelt fyrir enda manni færri á löngum köflum í síðari hálfleik. Liðsmunurinn breytti engu og Fram gekk endanlega frá leiknum, 30-26, þegar 70 sekúndur voru eftir. Valur skoraði þrjú mörk á næstu 60 sekúndum og það var smá von þegar Fram fór í sína síðustu sókn níu sekúndum fyrir leikslok. Þorri Gunnarsson gerði vel í að halda boltanum og leiktíminn rann út.

„Við vildum ekki vinna með miklum mun,“ sagði glaðbeittur þjálfari Fram, Guðmundur Guðmundsson, á léttu nótunum. „Annars fannst mér við spila frábæran leik hér í dag og þá sérstaklega í sókn. Við buðum upp á lifandi og fjölbreyttan sóknarleik sem Valur réð ekki við.“



ALLT Í ÖLLU HJÁ VAL Stórleikur Frakkans Mohamadi Loutoufi dugði Val ekki til sigurs í gær. Hér nær Framarinn Sverrir Björnsson að stöðva Frakkann en Sverrir öflugur í vörninni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Jóhann G. Einarsson var frábær í síðari hálfleik en hann bar þá uppi sóknarleikinn. Sigfús stýrði spilinu mjög vel og var klókur í erfiðum stöðum og báðir markverðir liðsins áttu sína spretti. Sverrir batt síðan vörnina saman af myndarskap.

Breiddina vantaði hjá Valsmönnum og það voru of fáir leikmenn að leggja lóð sín á vogarskálarnar. Loutoufi var frábær en þegar hann var tekinn út stigu aðrir ekki upp nema kannski Fannar. Einnig hefði Hlynur mátt koma í markið mikið fyrr en hann gerði.

„Við vorum á hælunum eiginlega allan tímann og það datt allt inn hjá þeim. Frammistaða dómaranna hjálpaði okkur heldur ekki mikið,“ sagði Valsarinn Sigurður Eggertsson svekktur. „Við vorum lélegir og getum betur. Það er samt vonandi að spá Jóa Bjarna í Fréttablaðinu gangi eftir,“ sagði Sigurður og glotti en Jóhannes Bjarnason spáði Val tapi í leiknum en sagði að félagið yrði samt Íslandsmeistari.

**henry@frettabladid.is**

Harðjaxlinn Arnór Atlason spilaði alla leikina á EM meiddur og kvartaði ekki:

# Vildi ekki láta skoða mig

**HANDBOLTI** Skyttan unga Arnór Atlason, sem sló rækilega í gegn á EM í Sviss, fór í speglun á hné á miðvikudag þar sem hann var með rifu í liðþófa. Verður Arnór frá æfingum og keppni fram í apríl hið minnsta vegna þessa. Það sem vekur mesta athygli við meiðsli Arnórs er sú staðreynd að þau eru alls ekki ný af nálinni og lék Arnór til að mynda alla leikina á EM meiddur.

„Þetta gerðist í desember líklega en liðþófinn fór endanlega í fyrsta leik á EM,“ sagði Arnór en af hverju lét hann ekki gera eitthvað í meiðslunum strax? „Ég vildi það ekki og sleppti því viljandi að fara í ítarlega skoðun þar sem ég vildi ekki missa af þessu tækifæri að spila á EM. Þetta háði mér nokkuð en með því að hita lengur upp var þetta viðunandi ástand. Ég er samt þakklátur fyrir að krossbönd eða eitthvað fór ekki í kjölfarið,“ sagði Arnór sem ætlar að spila með Magdeburg í undanúrslitum þýsku bikarkeppninnar sem hefjast 8. apríl. **- hbg**



ARNÓR ATLASON Sýndi af sér fádæma hörku með því að spila alla leikina á EM með rifinn liðþófa. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### *DHL-deild karla:*

| | |
|---|---|
| FRAM-VALUR | 30-29 (14-12) |

**Mörk Fram** (skot): Jóhann Gunnar Einarsson 8/1 (11/3), Sergey Serenko 8 (16), Haraldur Þorvarðarson 5 (9), Sigfús Sigfússon 4 (6), Stefán Baldvin Stefánsson 2 (5), Rúnar Kárason 1 (1).

**Varin skot:** Egidijus Petkevicius 14/3, Magnús Erlendsson 7.

**Mörk Vals** (skot): Mohamamdi Loutoufi 10 (16), Fannar Friðgeirsson 7/4 (7/4), Elvar Friðriksson 3 (4/1), Sigurður Eggertsson 3 (8), Davíð Höskuldsson 2 (2), Ingvar Árnason 2 (2), Hjalti Pálmason 2 (6/1).

**Varin skot:** Hlynur Jóhannesson 11/1, Pálmar Pétursson 6.

| | |
|---|---|
| ÍR-ÞÓR AK. | 40-30 (23-12) |

**Mörk ÍR:** Ragnar Helgason 7, Tryggvi Haraldsson 6, Ólafur Sigurjónsson 5, Ísleifur Sigurðsson 4, Karl Gunnarsson 4, Davíð Georgsson 3, Björgvin Hólmgeirsson 3, Þorleifur Björnsson 3,

**Mörk Þórs:** Arnór Þór Gunnarsson 12, Bjarni Gunnar Bjarnason 4, Sindri Haraldsson 3, Rúnar Sigtryggsson 3, Þorvaldur Sigurðsson 3, Sindri Viðarsson 2.

| | |
|---|---|
| FH-ÍBV | 26-25 |

**Mörk FH:** Valur Arnarson 8, Sigursteinn Arndal 5, Linas Kalasauskas 5, Hjörleifur Þórðarson 3.

**Mörk ÍBV:** Sigurður Bragason 6, M. Dostalik 6.

| | |
|---|---|
| VÍKINGUR/FJÖLNIR-STJARNAN | 30-31 |

**Mörk V/F:Björn** Guðmundsson 7, Sverri Hermannsson 7, Brynjar Hreggviðsson 6, Sæþór Fannberg 4, Pálmar Sigurjónsson 2, Brjánn Bjarnason 1, Sveinn Þorgeirsson 1, Brynjar Loftsson 1, Andri Jakobsson 1.

**Mörk Stjörnunnar:** Þórólfur Nielsen 10, David Kekelia 6, Kristján Kristjánsson 5, Tite Kalandadze 4, Björn Óli Guðmundsson 2, Arnar Theodórsson 2, Bjarni Gunnarsson 1, Patrekur Jóhannesson 1.

| | |
|---|---|
| AFTURELDING-FYLKIR | 26-29 |
| HAUKAR-KA | 39-28 |

**STAÐA EFSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| HAUKAR | 18 | 14 | 1 | 3 | 550:488 | 29 |
| FRAM | 18 | 13 | 2 | 3 | 506:464 | 28 |
| VALUR | 18 | 12 | 1 | 5 | 550:499 | 25 |
| FYLKIR | 18 | 10 | 2 | 6 | 498:458 | 22 |
| STJARNAN | 17 | 9 | 4 | 4 | 498:467 | 22 |
| KA | 17 | 8 | 3 | 6 | 476:471 | 19 |
| ÍR | 18 | 8 | 2 | 8 | 584:560 | 18 |
| HK | 18 | 7 | 2 | 9 | 513:519 | 16 |
| FH | 18 | 7 | 1 | 10 | 495:502 | 15 |
| AFTUREL. | 18 | 6 | 3 | 9 | 453:471 | 15 |

### *Vináttulandsleikir:*

| | |
|---|---|
| ENGLAND-ÚRÚGVÆ | 2-1 |
| Crouch, Cole - Pouso. | |
| RÚSSLAND-BRASILÍA | 0-1 |
| - Ronaldo (14.) | |
| SENEGAL-NOREGUR | 2-1 |
| NDiaye, Gueye - Hagen. | |
| TYRKLAND-TÉKKLAND | 2-2 |
| Umit 2 - Poborsky (víti), Stajner. | |
| ÍSRAEL-DANMÖRK | 0-2 |
| - Perez, Skoubo. | |
| ARGENTÍNA-KRÓATÍA | 2-3 |
| Tevez, Messi - Klasnic, Srna, Simic. | |
| HOLLAND-EKVADOR | 1-0 |
| Dirk Kujit. | |
| ÍRLAND-SVÍÞJÓÐ | 3-0 |
| Duff, Keane, Miller. | |
| PORTÚGAL-SAUDI ARABÍA | 3-0 |
| Ronaldo 2, Maniche. | |
| FRAKKLAND-SLÓVAKÍA | 1-2 |
| Wiltord, víti - Nemeth, Valachovic. | |
| ÍTALÍA-ÞÝSKALAND | 4-1 |
| Gilardino, Toni, Rossi, Del Piero - Huth. | |


Tilboðsverð 12.999 kr.



Umboðsaðili:

Rafport

Nýbýlavegi 14, Kópavogi. Sími 554 4443. Fax 554 4102.
rafport@rafport.is www.rafport.is
Umboðsmenn um land allt

Fljótvirkasti miðaprentarinn

- Miðar á bréf, pakka, bréfabindi o.fl.
- Á CD/DVD diska, miðar úr plasti
- Prentar miða úr Word-, Excel- og Outlook
- Prentar merkiborða bæði á pappír og plast, stærðir eftir vali, allt að eins meters langa
- Allt að 62mm breidd
- 50 miðar á mínútu*
- USB tenging
- Windows hugbúnaður
- Sjálfvirk klipping
- Heilar lengjur eða staðlaðar

*Staðlaðir póstfangamiðar

brother At your side. QL-550

Augl. Þórhildar 1390.43

# RÝMINGARSALA VEGNA FLUTNINGS

## VIÐ FLYTJUM, ALLT Á AÐ SELJAST

# 60%

## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SKÓM!

**RÝMINGARSALAN HEFST 2. MARS KL. 11 OG STENDUR AÐEINS Í NOKKRA DAGA**

PETER KAISER ecco ara LLOYD ZINDA

**DÖMUSKÓR - HERRASKÓR - BARNASKÓR - SANDALAR**




Toppskórinn

Suðurlandsbraut 54, sími 533 3109

**OPIÐ: MÁN.-FÖS. 11 - 18, LAU. 10 - 16**

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Only one is a wanderer; two together are always going somewhere.“**

**Svar:** Madeleine úr kvikmyndinni Vertigo frá árinu 1958

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** ÞÓRDÍS LILJA GUNNARSDÓTTIR **HEFUR OFT REYNT MÁTT BÆNARINNAR**

## *Nenniðu, Guð?*

„Góði Guð. Nenniðu að næsta teiknimynd á Cartoon Network eftir auglýsingar verði Tommi og Jenni. Amen,“ heyrði ég einlæga, lasna barnsrödd innan úr stofu biðja eftir að kveikt hafði verið á teiknimyndarásinni þar sem auglýsingasyrpa stóð yfir. Bæninni hafði ekki fyrr sleppt, og þá meina ég að amen-ið hafði ekki einu sinni hljóðnað, þegar kraftmikið stef Tomma og Jenna glumdi úr stofunni og fagnaðaróp blandið mikilli undrun fylgdi í kjölfarið.



Guð er góður. Hann hlustar á bænir mannanna. Oft kemur andsvarið strax. Og stundum þarf að bíða.

Þetta minnti mig á aðra ósk, sem ekki var beint til Guðs heldur fylgdi tíkalli ofan í óskabrunninn Nikulásargjá á Þingvöllum. „Ég óska þess að gamli bíllinn hennar mömmu breytist í nýjan, stóran jeppa.“ Einlæg trúgirni barnsins er eftirminnileg, en ógleymanlegri vonbrigðin þegar skrjóðurinn stóð óbreyttur á bílastæðinu og ævinlega síðan.

Bænir til himnaföðurins eru kunnar fyrir árangur og mikilvægt að muna eftir að þakka fyrir sig þegar bænheyrsla hefur sýnt sig. Hvarvetna má nú heyra íslensk börn biðja til Guðs um ólíklegustu hluti; engan heimsfrið svosem eða líkn hinum sjúku til handa, en ýmislegt sem tengist leikjum og atburðum á líðandi stund. Eitthvað sem gera mundi útkomuna hagstæðari en ella.

Í boðorðunum tíu er kristnum mönnum uppálagt að leggja ekki nafn Guðs við hégóma, né viðhafa guðlast, en á móti kemur að Guð ku mikill húmoristi nú sem endranær og kannski ekki úr vegi að minna börnin á dýrðlega tilvist hans og mátt bænarinnar, þar sem æ færri börn virðast kunna hinar hefðbundnu kvöldbænir eða Faðir vor þegar svo ber undir.

Þökk sé, en kannski óþökk, mundi einhver segja, Strákunum á Stöð 2, þar sem Auddi með englasvip hefur að undanförnu spurt Guð hvort hann nenni nokkuð að koma hentugu lagi í útvarpstækið, tryggja góðan sjeik í sjoppunni og knús á takteinum frá Ungfrú heimi; og er vitaskuld alltaf bænheyrður. Þetta vekur svo einskæra undrun og kátínu hjá börnunum, sem trúa um leið í einlægni á gamla, góða galdratrixið að dobla Guð.



▶ **20.10** *Keppni*

GETTU BETUR



▶ **21.20** *Drama*

NIP/TUCK



▶ **22.30** *Spenna*

X-FILES



▶ **21.00** *Gaman*

WILL & GRACE



▶ **22.00** *Bílar*

A1 GRAND PRIX

### SJÓNVARPIÐ

**16.40** Handboltakvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar

**18.30 Latibær**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
▶ **20.10 Gettu betur** Spurningakeppni framhaldsskólanna. Í þessum þætti eigast við Menntaskólinn á Akureyri og Menntaskólinn í Reykjavík. Spyrill er Sigmar Guðmundsson, dómari og spurningahöfundur Anna Kristín Jónsdóttir.
**21.15 Sporlaust (3:23)** (Without a Trace) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Aðþrengdar eiginkonur (28:47)** (Desperate Housewives) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.

**23.10** Lífsháski (30:49) **23.55** Kastljós **0.35** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Alf **11.35** Whose Line is it Anyway

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement **13.30** Two and a Half Men **13.55** The Sketch Show **14.25** The Block 2 (e) **15.10** Wife Swap (5:12) **16.00** Með afa **16.55** Barney **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons 15 (6:22) (e)

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Strákarnir**
**20.05 Meistarinn (10:21)** Meistarinn er nýr íslenskur spurningaþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar.
**20.55 How I Met Your Mother (8:22)**
▶ **21.20 Nip/Tuck (8:15)**
**22.05 Murder Investigation Team 2 (2:4)** (Morðrannsóknarflokkurinn 2) Breskir sakamálaþættir af bestu gerð sem fjalla um störf morðrannsóknarflokks innan Lundúnarlögreglunnar. Bönnuð börnum.

**23.20** American Idol 5 (11:41) **0.40** American Idol 5 (12:41) **2.00** American Idol 5 (13:41) **2.40** Starstruck (Bönnuð börnum) **4.10** Huff (4:13) **5.05** Fréttir og Ísland í dag **6.10** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 American Dad (1:16)** (Stannie Get Your Gun)
**20.00 Friends (10:24)** (Vinir 7)(The Holiday Armadill)
**20.30 Splash TV 2006** Herra Ísland 2005, Óli Geir og Jói bróðir hans er stjórnendur afþreyingarþáttarins Splash TV.
**21.00 Summerland (13:13)**
**21.45 Smallville (12:22)** (Pariah) Í Smallville býr unglingurinn Clark Kent. Hann er prúðmenni og er fús til að rétta öðrum hjálparhönd. Frábærir þættir um Ofurmennið á yngriárum sínum.
▶ **22.30 X-Files (3:49)**

**23.15** Invasion (8:22) (e) **0.00** Friends (10:24) **0.25** Splash TV 2006 (e)

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Fyrstu skrefin (e)

**14.40** 2005 World Pool Championship (e) **16.15** Queer Eye for the Straight Guy (e) **17.15** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Cheers**
**19.25 Fasteignasjónvarpið**
**19.35 Game tíví**
**20.00 Family Guy**
**20.30 Malcolm in the Middle**
▶ **21.00 Will & Grace – lokaþáttur** Í þessum lokaþætti grunar Will að ekki sé allt með felldu í nýja starfinu, sérstaklega þegar hann mætir og hann er einn á skrifstofunni fyrir utan hund og rússneskan bófa.
**21.30 Everybody loves Raymond** Margverðlaunuð gamanþáttaröð.
**22.00 The Bachelor VI**
**22.50 Sex Inspectors** Kynlífssérfræðingarnir Tracey Cox og Michael Alveir greiða úr kynlífsvanda para í þáttunum.

**23.25** Jay Leno **0.10** Law & Order: SVU (e) **0.55** Cheers – 10. þáttaröð (e) **1.20** Top Gear (e) **2.10** Fasteignasjónvarpið (e) **2.20** Óstöðvandi tónlist

### SÝN
besta sætið

**16.20** HM 2006 **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 Stump the Schwab** (Veistu svarið?)
**19.00 X-Games 2005** (X-Games 2005 – þáttur 7)
**20.00 US PGA 2005 – Inside the PGA T** Vikulegur fréttaþáttur þar sem fjallað er um bandarísku mótaröðina í golfi á nýstárlegan hátt.
**20.30 Destination Germany** (Brazil + USA)Heimsmeistaramótið í knattspyrnu fer fram í Þýskalandi næstasumar og verða allir leikir í beinni útsendingu á Sýn.
**21.00 World's Strongest Man** (Sterkasti maður heims) (World's strongest man 1988)Við höldum áfram að rifja upp mótin Sterkasti maður heims.
▶ **22.00 A1 Grand Prix**

**23.00** Fifth Gear **23.25** US PGA 2005 – This Is the PGA

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Avenging Angelo (Bönnuð börnum) **8.00** Dante's Peak **10.00** Good Advice **12.00** Spy Kids 3-D: Game Over **14.00** Dante's Peak **16.00** Good Advice **18.00** Spy Kids 3-D: Game Over **20.00 Avenging Angelo** (Angelos hefnt) **22.00 Taking Lives** (Lífssviptingar) Stranglega bönnuð börnum. **0.00** The Ring (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** High Crimes (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Taking Lives (Stranglega bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** Celebrity Soup **14.00** The E! True Hollywood Story **16.00** 25 Notorious Fashion Week Moments **17.00** E! Entertainment Specials **18.00** Rich Kids: Cattle Drive **19.00** E! News **19.30** Girls of the Playboy Mansion **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **22.00** Girls of the Playboy Mansion **22.30** Girls of the Playboy Mansion **23.00** Celebrity Soup **23.30** Gastineau Girls **0.00** E! News **0.30** Fashion Police **1.00** Hot Love Gone Bad **1.30** Party @ the Palms **2.00** The E! True Hollywood Story

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**7.00** Að leikslokum (e) **8.00** Að leikslokum (e) **14.00** Tottenham – Wigan frá 25.02 **16.00** Blackburn – Arsenal frá 25.02 **18.00** Charlton – Aston Villa frá 25.02

**20.00 Stuðningsmannaþátturinn Liðið mitt**
**21.00 Newcastle – Everton frá 22.02**
**23.00** Bolton – Fulham frá 25.02 **1.00** Dagskrárlok





betra bragð
betri gæði
betra verð

THAI heritage
Allt í tælenska matinn

na na thai
Skeifan 4 · s. 5881818

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Meistarinn **Stöð 2**, kl. 20.05

### *Blaðamaðurinn mætir umhverfisfræðingnum*

Í þessum nýja íslenska spurningaþætti reynir Logi Bergmann á þekkingu, kænsku og heppni keppenda. Keppnin er með útsláttarfyrirkomulagi og etja tveir kappi í hverjum þætti uns einn stendur eftir sem hinn sanni meistari. Sextán manna úrslit eru í fullum gangi en í kvöld mætast Björn Guðbrandur Jónsson 48 ára umhverfisfræðingur og Steinþór H. Arnsteinsson 21 árs blaðamaður og fyrrum Gettu betur meistari. Þeir sem hafa nú þegar tryggt sér þáttökurétt í átta manna úrslitum eru Kristján Guy Burgess, Jónas Örn Helgason og Snorri Sigurðsson.

*Logi Bergmann spyr keppendur spjörunum úr eins og honum einum er lagið.*



## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | 5 | | | | 6 | | 3 |
| | | | 2 | | 1 | | | |
| | | 4 | | | | 2 | | |
| 1 | | | 5 | | 7 | | | 4 |
| 3 | 8 | | | | | | 9 | 2 |
| 4 | | | 9 | | 2 | | | 1 |
| | | 3 | | | | 4 | | |
| | | | 8 | | 5 | | | |
| 8 | | 2 | | | | 1 | | 5 |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 2 | 9 | 7 | 4 | 3 | 1 | 5 | 6 |
| 4 | 7 | 3 | 1 | 5 | 6 | 8 | 9 | 2 |
| 6 | 5 | 1 | 2 | 9 | 8 | 3 | 4 | 7 |
| 1 | 4 | 8 | 9 | 2 | 7 | 6 | 3 | 5 |
| 5 | 6 | 7 | 4 | 3 | 1 | 2 | 8 | 9 |
| 3 | 9 | 2 | 6 | 8 | 5 | 7 | 1 | 4 |
| 9 | 3 | 5 | 8 | 6 | 2 | 4 | 7 | 1 |
| 7 | 8 | 6 | 5 | 1 | 4 | 9 | 2 | 3 |
| 2 | 1 | 4 | 3 | 7 | 9 | 5 | 6 | 8 |

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ



▶ **13.00** *Fréttir*

ÍÞRÓTTIR

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið – fréttaviðtal ▶ **13.00** Íþróttir/lífsstíll **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/veður

**19.45 Brot úr dagskrá**
**20.00 Fréttir**
**20.10 Fréttaljós** Vikulegur fréttaskýringaþáttur með fjölda gesta í myndveri í umsjónfréttastofu NFS.
**21.00 Fréttir**
**21.10 60 Minutes** Framúrskarandi fréttaþáttur sem vitnað er í.
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
**22.30 Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/veður. **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.30** Fréttayfirlit **9.03** Laufskálinn **9.45** Leikfimi **10.13** Litla flugan **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.00** Fréttayfirlit **12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.50** Dánarfregnir og augl. **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.35** Miðdegistónar **15.03** Fallegast á fóninn **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Fréttir **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfr. og augl. **19.00** Vitinn **19.27** Tónlistarkvöld Útvarpsins **22.15** Lestur Passíusálma **22.22** Útvarpsleikhúsið: Ómerktur ópus í c –moll

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **20.10** Gettu betur **21.10** Konsert **22.10** Popp og ról

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying








## HRÓSIÐ

*...fær Yoko Ono fyrir að vilja reisa friðarsúlu úr gleri í Viðey.*

## AÐ MÍNU SKAPI ÁRNI ÓLAFUR ÁSGEIRSSON LEIKSTJÓRI

# *Stereo Total, Ang Lee, Kraká og Virgin Megastore*

**TÓNLIST**
Ég tek svona rispur í því að hlusta á tónlist, því stundum finnst mér þögnin mjög fín. Ég eignaðist um daginn disk með franskri hljómsveit sem heitir „Stereo Total" og geymir stórfurðulega músík, en að sama skapi stórfína og skemmtilega.

**BÓK**
Ég les bæði allt of lítið og allt of sjaldan. Er þó reyndar að lesa mig í gegnum skáldsögu eftir Jón Atla Jónasson sem kom út fyrir jólin og heitir „Í frostinu". Þetta er falleg og persónuleg saga og ég hlakka mikið til að klára hana... best ég geri það bara í kvöld.

**BÍÓMYND**
Síðasta mynd sem virkilega hreif mig var „Brokeback Mountain". Ég hef verið aðdáandi Ang Lee síðan ég sá „The Ice Storm" sem hann gerði fyrir nokkrum árum. Þessi nýja mynd Lee er einstök fyrir margra hluta sakir og þegar ég gekk út úr bíóinu rifjaðist allt í einu upp fyrir mér hvers vegna ég vil gera kvikmyndir. Þær geta nefnilega, þegar vel tekst til, brotið niður múra, unnið gegn hleypidómum og minnt okkur á það sem mestu máli skiptir.

**BORG**
Mín uppáhaldsborg er Kraká í suðurhluta Póllands. Hún er svona lítil Prag og þar af leiðandi minni troðningur og auðveldara að slaka á. Góður matur, mikil menning, gullfalleg byggingarlist og hjartahlýtt fólk.

**BÚÐ**
Ég er nú ekki mikill búðarápari, en dettur einna helst í hug Virgin Megastore í Lundúnum. Sú góða verslun er reyndar stórhættuleg fyrir visa-kortið því þar kemst maður yfir fágætar kvikmyndaperlur á DVD, sem því miður eru alls ófáanlegar hér heima.

**VERKEFNI**
Mér finnst gaman að fylgja „Blóðböndum" eftir og fylgjast með því hvað allt það trausta fólk sem vann myndina með mér er að fá það hrós sem það



á svo sannarlega skilið. Án þess væri myndin ekkert annað en hálfbökuð hugmynd í hausnum á mér.



**LÁRÉTT**
**2** taug **6** klaki **8** þjófnaður **9** gæfa **11** skóli **12** morðs **14** teygjudýr **16** málmur **17** blóm **18** hækkar **20** 2 eins **21** velta.

**LÓÐRÉTT**
**1** fiskur **3** kind **4** kennslubók **5** líða vel **7** sárabindi **10** lærdómur **13** samstæða **15** sót **16** tímabils **19** gylta.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** mænu, **6** ís, **8** rán, **9** lán, **11** ma, **12** dráps, **14** amaba, **16** ál, **17** rós, **18** rís, **20** kk, **21** snúa. **LÓÐRÉTT:** **1** síld, **3** ær, **4** námsbók, **5** una, **7** sárálín, **10** nám, **13** par, **15** aska, **16** árs, **19** sú.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á síðu 8

1. Alfreð Þorsteinsson.
2. 1986.
3. Sean Lennon.






## SINGAPORE TATLER: BIRTIR VEGLEGA ÚTTEKT Á DORRIT MOUSSAIEFF

# Kemur fiskimannasamfélagi á kortið

Singapúrútgáfa tímaritsins Tatler birtir veglega og ríkulega myndskreytta umfjöllun um Dorrit Moussaieff forsetafrú í svokölluðu „society"-hefti sínu. Þar er farið yfir rómantískt ástarævintýri hennar og Ólafs Ragnars Grímssonar og hún er sögð hafa gert lítið fiskimannasamfélag að eftirsóknarverðum áfangastað á heimskortinu.

Hjónabandi Ólafs Ragnars og Dorritar eru gerð skil í greininni og bakgrunnur þeirra hjóna er sagður eins ólíkur og hugsast geti og ástarsaga þeirra ævintýri líkust. Hann sé rakarasonur frá Íslandi en hún hafi lært að telja með perlum og rúbínum úr vinnustofu föður síns. Dorrit og Ólafur komu íslensku þjóðinni skemmtilega á óvart þegar þau gengu í hjónaband á sextugsafmælisdegi forsetans. Dorrit segir í viðtalinu við Tatler að hún hafi gefið honum hönd sína í afmælisgjöf eftir að armbandsúr sem hún hafði áður fært honum skilaði ekki tilætluðum árangri.

„Ég spurði hann hvort hann langaði í eitthvað annað," segir Dorrit. Forsetinn svaraði að bragði að hann vildi að hún giftist sér og síðar þennan sama dag fékk hann óskina uppfylta.

### Er ekki partíljón

Dorrit var á unglingsaldri þegar foreldrar hennar fluttu með hana til Englands. Skemmtanalíf Lundúnaborgar var þá í miklum blóma og hin unga Dorrit heillaðist af Lundúnasveiflunni og tók virkan þátt í samkvæmislífinu. Foreldrar hennar áttu erfitt með að sætta sig við skemmtanagleði dótturinnar, sem brá því á það ráð að flytja heiman sextán ára gömul.

„Á þessum árum gerði fólk hluti sem ég er viss um að margir sjá eftir," segir Dorrit og bætir því við að hvað sjálfa sig varði vilji hún þó ekki tala um eftirsjá. „En við hugsuðum ekki mikið um afleiðingar gjörða okkar. Það var lifað fyrir augnablikið á þessum tímum."

Það orð hefur löngum farið af Dorrit að hún sé mikið samkvæmisljón en hún upplýsir Tatler um að þetta sé byggt á nokkrum misskilningi. „Þveröfugt við það sem þú kannt að halda eða hafa heyrt er ég ekki mikið fyrir samkvæmi. Ég fer sárasjaldan á opnanir á sýningum og í stór kvöldverðarboð. Ég hef alltaf frekar kosið að eyða tíma mínum með fjölskyldunni og nánum vinum."

Alisia, móðir Dorritar, segir hana alltaf hafa verið mjög sjálfstæða og strax sem barn hafi hún verið ákveðin og viljað fara sínar eigin leiðir. Sjálf segist Dorrit ætíð hafa staðið á eigin fótum og verið þeirrar gæfu aðnjótandi að verða aldrei háð neinum. „Þess vegna er það mér mjög mikilvægt að halda áfram að sinna skartgripaviðskiptum mínum," segir hún og lætur þess jafnframt getið að það séu engir hagsmunaárekstrar fólgnir í því að vera bæði forsetafrú og skartgripahönnuður. „Þvert á móti og þar sem ég afla mér tekna sjálf get ég sinnt hlutverki mínu sem forsetafrú enn betur."

### Markaðssetning Íslands

Talið berst í framhaldinu að öflugu landkynningarstarfi Dorritar en blaðamaður segir hana nota hvert tækifæri til þess að koma íslenskri menningu á framfæri í útlöndum. Dorrit segir að í þeim heimi sem við búum í sé markaðssetning lykillinn að góðum árangri í einu og öllu. Með þetta að leiðarljósi gerir hún allt sem hún getur til þess að kynna sitt heittelskaða Ísland. Dorrit bætir því svo við að hún hitti vini sína nánast aldrei þegar hún fer til London. Þar sinnir hún nær eingöngu fjölskyldu sinni og viðskiptum þar sem vinir hennar kjósi miklu frekar að heimsækja hana til Íslands.

thorarinn@frettabladid.is



**FORSETAHJÓNIN** Koma úr ólíkum áttum. Hann er rakarasonur frá Ísafirði en ætt hennar hefur í um það bil 800 ár höndlað með skartgripi og sjálf lærði hún sem barn að telja með perlum og rúbínum.



**FLOTTASTI KJÓLL** Tatler segir hina alþýðlegu Dorrit hafa skyggt á sjö drottningar, tuttugu og fimm prinsessur og átján barónessur þegar hún kom í brúðkaup Friðriks krónprins og Mary Donaldson í glæsilegasta kjólnum.






# Sigurður Nagli ársins

Fyrir liðlega mánuði var einleikurinn Naglinn eftir Jón Gnarr frumsýndur á Litla sviði Borgarleikhússins. „Gunnar Sigurðsson bað mig að skrifa fyrir sig leikrit og þetta varð úr," svaraði leikskáldið þegar hann var inntur eftir því af hverju hann hefði sest niður og skrifað þennan einleik. Naglinn er broslegur harmleikur um karlmennskuna og í tengslum við sýninguna var hleypt af stað kosningu hver væri Nagli ársins. Hlustendur Gulla Helga á Bylgjunni gátu hringt inn og kosið hver þeim þætti hafa skarað fram úr í hlutverki karlmannsins og sýnt fram á karlmennsku þannig að eftir því hefði verið tekið. Voru eiginleikar á borð við heiðarleika, hreinskilni, virðingu og vináttu í hávegum hafðir sem og dugnaður og framsýni auk hógværðar.

Margir voru tilkallaðir en aðeins einn útvalinn. Fjölmargir nefndu þekkt heljarmenni á borð við Sigurð ísmann sem handrotar hákarla og lifir meðal hættulegra villidýra á Grænlandi. Íslendingar voru þó ekki í miklum vafa hver væri Nagli ársins 2006 og kusu Sigurð G. Guðjónsson, hæstaréttarlögmann og stjórnarformann Árs & Dags sem gefur út Blaðið. Útgefandi sýndi að hann er fullsæmdur af nafnbótinni, hafði engan tíma til að ræða við Fréttablaðið um þessa útnefningu. „Ég er á fundi sem stendur til sjö," sagði hann og viðurkenndi að hafa heyrt af henni en þar með var samtalinu líka lokið. Sigurður fær forláta verðlaunagrip, nagla á tréstauti, afhentan við hátíðlega athöfn á Múlakaffi í dag klukkan fimm.

- fgg



**SIGURÐUR G. GUÐJÓNSSON** Var valinn Nagli ársins í tengslum við sýninguna Naglinn eftir Jón Gnarr sem nú er á fjölum Borgarleikhússins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# GÆÐI ALLA LEIÐ

## notaðir bílar nú á enn betra verði



**AUDI A6 Quattro**
04.2005 - Ekinn 33.000 km

Hituð framsæti - Cruise control - Leður-áklæði - Glersóllúga - 18" álfelgur - ofl.

**Verð 6.390.000.-**
**Tilboð 5.490.000.-**



**AUDI A6 Wagon**
02.2005 - Ekinn 7.500 km

Leðurklætt aðgerðastýri - Cruise control - Leðuráklæði - Glersóllúga - ofl.

**Verð 3.990.000.-**
**Tilboð 3.390.000.-**



**BMW 745**
07.2002 - Ekinn 39.000.km

Einn með öllu!!!

**Verð 6.350.000.-**
**Tilboð 5.490.000.-**



**Mercedes Benz E-320 4Matic**
11.2002 - Ekinn 102.000 km

Lúxus loftkæling - Xenon aðalljós með hreinsibúnaði - BOSE hljómkerfi - ofl.

**Verð 3.890.000.-**
**Tilboð 3.490.000.-**



**Mercedes Benz CL-500**
Ekinn 35.000 km

Glitlakk - Leðuráklæði - Minnispakki fyrir sæti, stýri & útispegla - Glersóllúga - ofl.

**Verð 6.390.000.-**
**Tilboð 5.490.000.-**



**Mercedes Benz CLK-500**
Ekinn 6.000 km

AMG útlitspakki - Bose hljómkerfi - Rafhituð framsæti ABS hemlakerfi - ofl.

**Verð 6.150.000.-**
**Tilboð 4.750.000.-**



**MMC Pajero GLS**
06.2003 - Ekinn 57.000 km

Leðuráklæði – glersóllúga - ABS hemla-kerfi – Álfelgur – dráttarkrókur - ofl.

**Verð 3.690.000.-**
**Tilboð 3.250.000.-**



**VW TOUAREG V8**
04.2004 - Ekinn 22.000 km

Einn með öllu!!!

**Verð 5.690.000.-**
**Tilboð 4.990.000.-**



**RANGE ROVER HSE**
12.2003 - Ekinn 59.000 km

Rafdrifin gler sóllúga -Leðuráklæði - Regnskynjari - Upphituð framsæti - ofl.

**Verð 6.890.000**
**Tilboð 5.800.000**

birt með fyrirvara á prentvillum // PHO

MASTER

Glæsibæ / Álfheimum 74 / 104 Reykjavík / sími 540-2200 / www.masterbill.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000









BAKÞANKAR

JÓNS GNARR

## Dauðinn er ekki til

Dauðinn er skringilegur hluti af lífinu. Fæstir hugsa neitt um hann en sjá hann meira sem eitthvað sem við þurfum að hafa áhyggjur af seinna. Maðurinn lifir, verður gamall og deyr svo saddur lífdaga. En það er ekki alltaf þannig. Sumir deyja ungir. Og stundum deyja lítil börn sem voru aðeins rétt byrjuð að lifa. Það er okkur mönnunum óskiljanlegt þegar ung manneskja deyr.

**EN** í rauninni erum við sjálf börn. Við höldum að við séum svo miklu þroskaðri en börnin. En við erum það ekki. Við erum bara börn eins og þau, sem skiljum ekki gang lífsins nema að takmörkuðu leyti. Líf okkar er bara sekúndubrot af tíma heimsins. Við millilendum bara hér á leið okkar annað.

**ÞESSI** heimur er ekkert sérstaklega góður staður að vera á. Hann er ekki barnvænn. Hann er uppfullur af erfiðleikum, sjúkdómum, sársauka og dauða. Hér bíður okkar bara dauði. Lífið er þjáning í eðli sínu. En eftir dauðann er bara kærleikur og friður. Þetta líf er eins og myndbrotin sem sýnd eru í bíó áður en alvöru myndin byrjar. Að þurfa ekki að horfa á þau er jafnvel léttir.

**LÍTIÐ** barn sem fer til útlanda með mömmu sinni getur ekki skilið hvað er að gerast. Það þarf þess ekki. Það þarf ekki að óttast. Því nægir að treysta. Og eins er með okkur. Ef við treystum Guði þá þurfum við ekkert að óttast. Dauðinn er enginn endir. Hinn látni er ennþá til og heyrir í okkur. Við getum talað við hann eins og áður. Fyrir honum er allt jafn raunverulegt og fyrir okkur. Hann er á sama stað og er djúpt inni í okkar eigin hjarta, þar sem kærleikurinn á heima.

**LÍFIÐ** er blekking. Það er leikrit. Hið raunverulega líf leikarans er ekki á sviðinu. Sviðsmyndin er plat. En hún verður að vera því annars væri lítið varið í leikritið og enginn kæmi að sjá það. trúin frelsar okkur. Trúin er forsenda kærleikans. Guð er til og hann elskar okkur. Kærleikurinn deyr aldrei. Kærleikurinn sigraði dauðann. Og dauðinn er ekki til.

**NOTUM** dauðann. Hann er tækifæri fyrir okkur til að læra að meta hvert annað betur. Elskum hvert annað. Gleymum öllum barnalegum ágreiningi. Notum tækifærið til að fyrirgefa og vera saman á meðan við getum. ■







